



SKOÐUN Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir segir Fiskistofu hvorki stásstofu né vinnustofu. **28**



MENNING Birgir Snæbjörn sýnir blóndínur í Listasafni ASÍ um þessar mundir. **40**



SPORT Jón Daði Böðvarsson er nýjasta stjarna íslenska landsliðsins eftir frammistöðuna gegn Tyrkjum. **58**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Fimmtudagur
11. september 2014
213. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Herferð gegn tekjulágum

Forystumenn innan Starfsgreinasambandsins segja ríkisstjórnina í herferð gegn tekjulágu fólki og atvinnulausum. **8**

Engin stytta Fyrirætlanir um að reisa þrettán metra háa stytta af jóganum Sri Chinmoy við Esjurætur verða ekki að veruleika. **2**

Grátbiðja Skota Leiðtogar bresku stjórnmalaflokkanna grátbiðja skoska kjósendur um að hafna sjálfstæði. **4**

Reinfeldt að styrkjast Hægri stjórn Fredriks Reinfeldt í Svíþjóð hefur verið að styrkjast í skoðanakönnunum á lokaspretti kosninga-baráttunnar. **12**

Sex hundruð missa atvinnuleysisbætur um áramótin

Á sjöunda hundrað atvinnulausra missa rétt til atvinnuleysisbóta um áramótin. Af þeim sem missa bætur er fjölmennasti hópurinn 30 til 40 ára og hafa flestir þeirra ýmist lokið grunnskóla- eða háskólaprófi.

VINNUMARKAÐUR Í fjárlagafrumvarpinu er gert ráð fyrir að spara 1,1 milljarð króna á næsta ári með því að stytta bótatímabil atvinnulausra úr þremur árum í tvö og hálf á um næstu áramót.

Samkvæmt samantekt Vinnu- málstofnunar þýðir það að 623 missa rétt sinn til bóta og detta út af skránni á einu bretti um áramótin en að jafnaði hafa á milli 80 og 90 atvinnulausir fullnýtt rétt sinn til atvinnuleysisbóta í hverjum mánuði á þessu ári.

Vinnu- málstofnun áætla að 900 til 1.000 einstaklingar hafi eða muni fullnýta rétt sinn til atvinnuleysisbóta á þessu ári.

Fjölmennasti aldurshópurinn sem tapar bótarétti er fólk á milli 30 og

40 ára, eða 190 manns, þar af eru konur mun fjölmennari, eða 124. Þegar menntun hópsins í heild er skoðuð kemur í ljós að 285 hafa lokið grunnskólaprófi, næstfjölmennasti hópurinn sem tapar bótarétti um áramót eru háskólamenntaðir, eða 135 manns.

Þeir sem missa rétt til atvinnuleysisbóta eiga rétt á framfærslu- styrk frá sínu sveitarfélagi, hann ræðst þó af félagslegri stöðu viðkomandi og hvort hann á maka sem getur eða vill hafa viðkomandi á framfæri.

Sveitarfélögin eru ekki sátt við að fá allan þennan fjölda yfir til sín um áramótin. „Þetta er ansi bratt,“ segir Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitar-




„Þetta er þvinguð verkefnafærsla á milli ríkis og sveitarfélaga“
Halldór Halldórsson

félaga, og bendir á að það sé ansi stutt síðan bótarétturinn var stytur úr fjórum árum í þrjú. Hann segir að verið sé að færa kostnað frá ríkinu til sveitarfélaganna. „Við viljum að það verði farið í atvinnuáttak til að mæta þessu. Þetta er þvinguð verkefnafærsla á milli ríkis og sveitarfélaga,“ segir Halldór.

johanna@frettabladid.is

FÓLKID SEM MISSIR BÆTURAR



Bolungarvík	10°	SSV	13
Akureyri	13°	SV	5
Egilsstaðir	14°	SV	3
Kirkjubæjarkl.	11°	SV	3
Reykjavík	12°	S	7

Hvassast NV-til í dag ríkja S- og SV-áttir, 10-18 m/s NV-til en annars hægari. Skýjað og súld á stöku stað V-til en bjartviðri austanlands. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Spjaldtölvur | Haust & vetrartíska | Fólk



UMRÆÐUR UM RÆÐU Stefnuræða forsætisráðherra fékk ekki háa einkunn hjá stjórnarandstöðinni í gærkvöldi. Sjálfur virtist ráðherrann ekki láta það á sig fá og ræddi þess í stað málin við sessunaut sinn, utanríkisráðherra. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Huga þarf að innviðunum:
Dregur úr vexti ferðaþjónustu

EFNAHAGSMÁL Eftir stöðuga fjölgun ferðamanna á Íslandi undanfarin ár mun draga úr þeirri aukningu á næsta ári, samkvæmt spá Greiningardeildar Arion banka. Spáin verður kynnt á morgunverðarfundum í dag. Aukningin í ár mun nema 22,6 prósentum en verður 13,7 prósent á næsta ári. Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir ekki æskilegt að aukningin sé stöðugt yfir tuttugu prósentum. Nú þurfi að einbeita sér að því að bæta innviðina fyrir ferðaþjónustuna, til dæmis með betra vegakerfi. „Við vorum að berjast við það í fyrra að láta moka að Gullfossi. Ferðamenn sem eiga að vera hér á veturna, þeir komast jafnvel ekki að náttúruperlunum,“ segir hún.

- jhh / sjá síðu 6.

Snjógallar frá 9990

name it.
Kringlunni og Smáralind

FACEBOOK: NAME IT ICELAND
INSTAGRAM: @NAMEITICELAND

Framleiðendur Noah bíða eftir 20 prósentu endurgreiðslu frá ráðuneyti:
Endurgreiðslan enn ekki borist

MENNING „Ég get ekki svarað fyrir ráðuneytið, eða tjáð mig um hvaða ástæður liggja að baki, en ég get staðfest það að framleiðendur myndarinnar Noah hafa ekki enn fengið þá tuttugu prósentu endurgreiðslu frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu sem þeim ber að fá,“ segir Helga Margrét Reykdal, hjá íslenska framleiðslufyrirtækinu Truenorth, en fyrirtækið þjónu-

staði kvikmyndaverið Paramount Pictures við tökum myndarinnar hér á landi sumarið 2012. „Að sjálf-sögðu kemur þetta sér ekki vel,“ segir Helga.

Hún er ekki sú fyrsta úr kvikmyndageiranum á Íslandi sem tjáir sig um seinangang stjórnvalda við afgreiðslu á endurgreiðslum. Í viðtali við Vísi í janúar nefndi leikstjórinn Baltasar Kormákur dæmi

um seinangang við endurgreiðslu á myndinni Oblivion, sem tekin var á Íslandi árið 2012, og skartaði Tom Cruise í aðalhlutverki. Baltasar nefndi í sama viðtali að endurgreiðslurnar væru mjög mikilvægar þáttur í ferlinu að trekkja erlend kvikmyndaverkefni til landsins. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið vildi ekki tjá sig um stöðu einstakra verkefna. ósk / sjá síðu 66

KLUKK!

DAGUR RAUÐA NEFSINS

12. SEPTEMBER | unicef

GÓÐA SKEMMTUN

OPIÐ TIL 21

SMÁRALIND

SPURNING DAGSINS



Hreinn, er ríkisstjórnin á rangri leið?

„Peir eru allavega á villigötum.“ Í fjárlögum ársins 2015 er ekki gert ráð fyrir auknu fjármagni í viðhald vegna. Hreinn Haraldsson vegamálastjóri bendir á að viðhaldsleysið komi niður á endingu veganna.

Frumvarp sem heimilar sölu áfengis í matvöruverslunum lagt fram á Alþingi í dag:

Bjartsýnn á meirihluta fyrir vínfrumvarpi

STJÓRN MÁL Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokks, mun í dag leggja fram frumvarp um breytingar á áfengislöggjöf sem felur í sér að leyfilegt verður að selja áfengi í matvöruverslunum. Vilhjálmur gerir ráð fyrir átökum um málið en þingmenn allra flokka, ef frátaldir eru Vinstri grænir, eru meðflutningsmenn hans.

Þetta er í sjöunda skiptið sem frumvarp sem þetta er lagt fram. Tuttugu og níu þingmenn hafa verið meðflutningsmenn í þessu skipti, alltaf hafa verið meðflutningsmenn úr Samfylkingu, Sjálfstæðisflokki og Framsóknarflokki. Ellefu þessara þingmanna eru á þingi í dag og

allir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, ef frá er talin Hanna Birna Kristjánsdóttir, sem er ný á þingi, hafa flutt málið. Það ætti því að blása byrlega fyrir Vilhjálmi.

Samkvæmt heimildum blaðsins er um að ræða framsóknarþingmennina Karl Garðarsson, Willum Þór Þórsson og Harald Einarsson, auk Jóns Þórs Ólafssonar úr Pírötum, Bjartar Ólafsdóttur úr Bjartri framtíð og svo sex til sjö þingmanna Sjálfstæðisflokks.



Vilhjálmur telur víst að í það minnsta 30 þingmenn muni styðja frumvarpið sem þýðir að mjótt verður á munum þegar til atkvæðagreiðslu kemur. „Og svo þegar þetta kemur til meðferðar þingsins koma inn umsagnir og annað og ég hef fulla trú á því að þá muni fleiri þingmenn bætast í hópinn,“ segir Vilhjálmur.

VILHJÁLMMUR ÁRNASON Leggur fram frumvarp um breytingar á áfengislöggjöf sem felur í sér að leyfilegt verður að selja áfengi í matvöruverslunum.



HUNDUR Í VINNU Bobbi fer á hverjum degi með eiganda sínum í vinnu við alls kyns vegaframkvæmdir.

Vegavinnuhundurinn Bobbi fylgist með framkvæmdum: Verið að gera klárt fyrir veturinn

REYKJAVÍK Glipnir verktakar standa í framkvæmdum fyrir Reykjavíkurborg í miðbæ Reykjavíkur. Verið er að leggja snjóbræðsluferfi í kringum strætósýkli við Lækjargötuna svo biðin eftir strætisvagninum verði notalegri þegar snjórinn lætur sjá sig.

Hundurinn Bobbi fylgist grannt með framkvæmdunum en hann fer á hverjum degi með eiganda sínum, sem starfar hjá Glipni, í vinnuna.

Göngum í skólann sett: Borgarstjóri dansaði ballett

SAMFÉLAG Átaksverkefnið Göngum í skólann var sett í áttunda skipti í gær og fór setningarhátiðin fram í Laugarnesskóla í Reykjavík.

Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, og Dagur B. Eggertsson borgarstjóri fluttu stutt ávörp og hvöttu nemendur til þess að ganga, hjóla eða nota annan virkan ferðamáta á leið sinni í skólann. Að því loknu kom Solla stírða í heimsókn og tók nokkrar léttar æfingar í morgunsárið auk þess að láta borgarstjóra dansa ballett við mikla kátínu nemenda jafnt sem starfsfólks.

Nóg að gera í Hvalstöðinni: 116 langreyðar verið veiddar

HVALVEIÐAR Alls höfðu í gær 116 langreyðar verið veiddar síðan hvalveiðitímabilið hófst 15. júní síðastliðinn. Fjögur dýr voru dregin að landi í Hvalstöðinni í Hvalfirði í gær.

Leyfi er fyrir veiðum á 154 langreyðum á þriggja mánaða tímabili, sem lýkur á mánudaginn. Veiðarnar hafa farið fram fyrir austan Surtsey en þar hefur ekki verið veitt undanfarin ár. Um 150 manns sinna störfum sem tengjast veiðunum. Níutíu eru í vinnslunni í Hvalfirði, auk hvalveiðimanna og þeirra sem starfa á Akranesi og í Hafnarfirði. Allt hvalkjötið sem veidist er selt á Japansmarkað.

Vilja ekki risavaxinn bronsjóga við Esjuna

Fyrirætlanir áhangenda Sri Chinmoy heitins um að reisa þrettán metra stytta af jóganum við rætur Esju verða ekki að veruleika. Hverfisráð Kjalarness segir hæðina afar umdeilanlega á fornfrægum sögustað og ekki myndu skapa frið eins og ætlað væri.

SKIPULAGSMÁL „Slík stærð yrði afar umdeilanleg á þessum forna sögustað og myndi vart skapa frið um staðinn,“ segir hverfisráð Kjalarness sem leggst gegn því að Sri Chinmoy-miðstöðin fái að reisa þrettán metra háa stytta af Chinmoy við Esjuberg. Umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur hafnaði styttni einnig í gær.

Styttni á að verða manngengt listaverk tileinkað friði. Hún er hönnuð af Englendingnum Kaivaliya Torpy sem mun hafa gert margar stytturnar af Chinmoy víða um lönd. Indverski gúrúinn og kraftlyftingamaðurinn Chinmoy lést árið 2007.

„Þetta á að verða vin í eyðimörkinni frá daglegu stressi. Fólk mun fá aðgang þarna inn en alls ekki þannig að það trufla nágranna,“ sagði Marteinn Arnar Marteinsson hjá Sri Chinmoy-miðstöðinni í samtali við Fréttablaðið í maí. Einnig kom fram hjá Marteyni að meðlimir Sri Chinmoy-miðstöðvarinnar ætluðu að planta trjá og útbúa tjarnir á lóðinni sem kaupa átti undir styttna.

Hverfisráð Kjalarness segist styðja gerð náttúrulegs garðs og plöntun trjáa í landi Esjubergs og hugmyndir um opið útivistarsvæði.

„Hverfisráðið getur hins vegar ekki stutt það að svona stór minnisvarði/stytta af Sri Chinmoy sé reist á staðnum,“ segir hverfisráðið og vísar í fyrri bókun sína þar sem fram kemur að Esjubergs sé getið í fornþekktum og að þar sé talið að fyrsta kirkja á Íslandi hafi staðið.

„Í mörg ár hafa Kjalnesingar



STYTTRAN AF CHINMOY Bronsstyttni í landi Esjubergs átti að vera þrettán metrar á hæð.

Hugmyndir eru uppi meðal Kjalnesinga um að setja þar upp útialtari.

Hverfisráð Kjalarness

rætt um hvernig best sé að vekja athygli á sögu staðarins,“ segir hverfisráðið sem kveður sóknarnefnd Brautarholtskirkju og Sögufélagið Steina hafa staðið fyrir útímessum á Esjubergi undanfarin sumur.

„Hugmyndir eru uppi meðal Kjalnesinga um að setja þar upp útialtari. Í þessu ljósi er bent á að nauðsynlegt er að taka til vand-



legrar skoðunar hvaða mannvirki, byggingar eða listaverk munu setja svip á staðinn, sér í lagi ef þau koma til með að verða jafn áberandi í landslaginu og umrætt listaverk virðist munu verða,“ segir hverfisráðið og bætir við að Chinmoy-styttni yrði mjög áberandi í landslaginu undir Esju og skera sig úr.

gar@frettabladid.is

ÚTSALA

Niðurfellanleg hliðarborð

Afgætt 2014

84.900

FULLT VERÐ

98.900

- 3 brennarar úr ryðfríu stáli
- Postulínsemalerað eldhólf
- Grillgrindur úr pottjárni
- Kveiking í öllum rofum
- Auka steikarplata fylgir
- Niðurfellanleg hliðarborð
- Efri grind
- Bakki fyrir fitu
- Hitamælir
- Fáanlegt í fleiri litum

LANDMANN

Er frá Þýskalandi

Grillbúðin

www.grillbudin.is

Smiðjuvegi 2, Kóp - S. 554 0400

Skoðið úrvalið á

www.grillbudin.is

Opið kl. 11 - 18 virka daga

Opið kl. 11 - 16 laugardaga

Sjónum verður beint að sjálfsvígsvörnum í nýrri geðheilbrigðisstefnu:

Dáist að hugrekki eftirlifenda

HEILBRIGÐISMÁL „Við munum klárlega skoða þetta og geri ég fastlega ráð fyrir að þetta verði tekið upp í mótun nýrrar geðheilbrigðisstefnu,“ segir Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra þegar hann er spurður um viðbrögð stjórnvalda við mikilli umræðu síðastliðna daga um sjálfsvíg.

Fréttablaðið, ásamt öðrum miðlum, hefur fjallað um sjálfsvíg, rætt við fagaðila, eftirlifendur og þá sem reynt hafa að fremja sjálfsvíg. Allir eru sammála um að umræðan þurfi að opnast með aukinni fræðslu um geðheilbrigði og stuðningur þurfi að vera meiri. Einnig hefur verið bent á að sálfræðipjónusta á Íslandi sé of dýr og því hafi ekki allir jafnt aðgengi að aðstoð þegar bera fer á vanlíðan.

„Við erum að þreifa okkur áfram varðandi sálfræðipjónustu, til dæmis að hún verði teymisvinna í heilsugæslunni,“ segir Kristján og bendir á að fjármunir séu veittir í málaflokkinn með þjónustu á Landspítala og hjá heilsugæslunni. „Það má hins vegar alltaf gera betur.“

Kristján var á málþingi í gær vegna Alþjóðadags forvarna og varð djúpt snortinn af því sem hann varð vitni að þar. „Það þarf hugrekki til að standa upp og



FAGNAR AUKINNI UMRÆÐU Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra segir fordómalaus umræðu um sjálfsvíg vera mikilvægt skref í auknum stuðningi.

lýsa þeim gríðarlega tilfinningavendi sem menn verða fyrir þegar aðstandandi fremur sjálfsvíg og umræðan sem slík frásögn vekur er afar mikilvæg,“ segir Kristján og bætir við að fordómalaus umræða sé jafnvel mikilvægari en fjármagn í fagþjónustuna.



Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

Sigrún: Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og náð góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann.

Framhaldsnám í fiðluleik stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu. Fiðlan ber oftast en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.

GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

GAMMA

www.gamma.is

SVONA ERUM VIÐ



116.824 löxum slepptu veiðimenn aftur í árnar á árunum 1996 til 2011. Flestum árið 2010, eða rúmlega 21.000.

Úkraínuforseti boðar aukna sjálfsstjórn austurhéraðanna en hafnar sambandsríkjafyrirkomulagi: Fallast ekki á eftirgjöf varðandi aðskilnað

ÚKRAÍNA, AP Petró Porosjenkó, forseti Úkraínu, boðar frumvarp um aukna sjálfsstjórn austurhéraðanna. Hann vonast til að geta jafnvel lagt frumvarpið fram strax í næstu viku, en gæti átt erfitt með að finna orðalag sem fengi viðtækan stuðning á þinginu.

Hann tók fram að hann hefði engan áhuga á því að Úkraína yrði sambandsríki, eins og bæði rússneskir ráðamenn og aðskilnaðarsinnar í austurhéruðunum hafa lagt mikla áherslu á.

„Úkraína hefur ekkert gefið eftir hvað varðar óskert umráðasvæði landsins,“ sagði Porosjenkó á ríkisstjórnarfundum sem sýndur var í beinni sjónvarpsútsendingu. Þrátt fyrir

aukna sjálfsstjórn austurhéraðanna verði þau áfram óaðskiljanlegur hluti landsins.

Hann fullyrti að eftir að vopnahléssamkomulag var gert á föstudaginn hefðu um 70 prósent rússneskra hermanna, sem voru innan landamæra Úkraínu, horfið aftur til Rússlands.

Jafnframt hefðu uppreisnarmenn látið 700 úkraínska fanga lausa og von væri til þess að 500 til viðbótar fengju frelsið fyrir lok vikunnar. Þrátt fyrir vopnahléið hafa átök brotist út nærri daglega það sem af er vikunni.

Átökin í austanverðu landinu, sem hófust í apríl síðastliðnum, hafa kostað meira en 2.500 manns lífið.



AÐSKILNAÐARSINNAR í austanverðri Úkraínu segjast harðir aðskilnaðarsinnar enn stefna á að lýsa yfir sjálfstæði.



PÓRSHÖFN Eftirmál sveitarstjóraskipta voru rædd.

Útskýrði starfslokasamning: Fékk fimm auka daga í íbúðinni

SVEITARSTJÓRNIR „Ekki veit ég hvað er verið að eltast við með þessari formlegu fyrirspurn en það hefði verið í löfa lagið að spyrja beint út í þessa þætti,“ segir í bókun Siggeirs Stefánssonar, fyrrverandi oddvita Langanesbyggðar, vegna fyrirspurnar á sveitarstjórnarfundum um starfslokasamning við fyrrverandi sveitarstjóra.

Siggeir sagði að sveitarstjórnin hefði meðal annars fengið að halda íbúð í fimm auka daga, 30 þúsund króna styrk til að flytja og haldið tölvu og farsíma. Samninginn megi meta á 115 þúsund krónur: „Sem er ekki mikill kostnaður fyrir góðan mann sem var að vinna af heilindum fyrir samfélagið.“

EGILSSTAÐIR

Flugslysæfing í bígerð
Haldin verður flugslysæfing á Egilsstaðaflugvelli laugardaginn 20. september.

FRAKKLAND

Uppfyllir ekki skilyrði ESB
Frönsk stjórnvöld segja að þau muni ekki ná að minnka fjárlagahallann niður í þrjú prósent á þessu ári. Þar með nær Frakkland ekki að uppfylla skilyrði Evrópusambandsins um ríkisfjármál. Gert er ráð fyrir að hallinn í ár verði 4,4 prósent og svo 4,3 á næsta ári. Fjárlagahallinn í Bretlandi er hins vegar 5,6 prósent.

LEIÐRÉTTING

Í grein um góðgerðarhlaup Marels í blaðinu í gær misritaðist fjöldi starfsmanna fyrirtækisins. Hann er 4.000.

Ráðherra lofaði land og þjóð

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra var jákvæður í stefnuræðu sinni um þau tækifæri sem bíða Íslendinga vegna náttúrugæða og árangurs í efnahagsmálum. Stjórnarandstæðingar gagnrýndu með miklum mót skattabreytingar í nýju fjárlagafrumvarpi sem fjármálaráðherra leitaðist við að útskýra í ræðu sinni.

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra hélt stefnuræðu sína í gær á Alþingi. Varð honum tíðrætt um hve gott væri að búa á Íslandi vegna þeirra tækifæra sem náttúran og mannaúður felur í sér. Sagði hann að auki Ísland vera fremst í flokki varðandi heilnæman mat, frið og jafnrétti kynjanna.

„En umræðuhöfðin beinir sífellt sjónum sínum að því neikvæða. Flestir aðrir í heiminum öfunda okkur af samfélaginu,“ sagði Sigmundur og fjallaði í kjölfarið um góðan árangur í efnahagsstjórnun síðustu misseri og sagði næstu verkefni vera meðal annars að vinna á skuldavanda ríkisins, undirbúa afnám fjármagnshaftanna, bæta rekstrarumhverfi sjávarútvegsins, móta heilbrigðisáætlun og efla ferðaþjónustu. Hann fór ekki mörgum orðum um nýtt fjárlagafrumvarp sem kynnt var í vikunni en ræða

Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra snerist fyrst og fremst um að útskýra frumvarpið eftir að þingmenn stjórnarandstöðunnar höfðu gagnrýnt flesta liði þess og þá sérstaklega hærrí skatt á matvæli.

„Heildaráhrif breytinganna eru til lækkunar. Niðurfelling vörugjalds á matvæli vegur til að mynda þyngra en allir tollar á matvæli,“ sagði Bjarni. „Tollar á matvæli eru um tveir milljarðar á ári, en vörugjaldið um þrjú.“

Bjarni talaði einnig um mikilvægi þess að afnema höft af íslensku efnahagslífi í ræðu sinni. „Að öðru ólöstuðu er það eitt mikilvægasta verkefni ríkisstjórnarinnar á næstu misserum,“



STEFNURÆÐA FORSÆTISRÁÐHERRA Sigmundur Davíð Gunnlaugsson talaði um hve mikið hefði áunnist í efnahagsmálum og leit bjartsýnn til framtíðar í ræðu sinni.

sagði Bjarni og lauk ræðu sinni með því að segja starfandi ríkisstjórn hafa markað leiðina í rétta

átt með efnahagsstjórnun sinni, þjóðinni til heilla.

Gagnrýnisláus einangrunarhyggja

„Eftir að hafa hlýtt á stefnuræðu hæstvirts forsætisráðherra finnst mér ég knúinn til að koma því skýrt til bókar að mér finnst landið vera ægífagurt. Mér finnst íslensk matvæli líka mjög góð,“ sagði Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, og í kjölfarið gagnrýndi hann upphafningu forsætisráðherra á öllu því sem íslenskt er. „Við þurfum að sporna gegn gagnrýnisláusri einangrunarhyggju. Við þurfum að uppgötva að við getum lært af öðrum þjóðum.“

Hagnýting internetsins

Jón Þór Ólafsson, þingmaður Pírata, ræddi um forgangsmál flokksins í ræðu sinni í gær í stað þess að fjalla sérstaklega um stefnuræðu forsætisráðherra eða breytingu á fjárlagafrumvarpi. „Fyrsta forgangsmál Pírata á þessu þingi er tillaga um að á Íslandi verði skapað vistkerfi eins og best verður á kosið fyrir hagnýtingu internetsins og annarrar upplýsingatækni ásamt réttindavernd netnotenda,“ sagði Jón Þór.

Er tólf einfaldari tala en sjö?

„Tvö virðisaukaskattþrep verða ... tvö virðisaukaskattþrep. Ef ég hef reiknað þetta rétt er þetta fækkun um noll skattþrep. Eða felst einföldunin í að tólf sé einfaldari tala en sjö?“ sagði Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, þegar hún gagnrýndi nýtt virðisaukaskattkerfi. Gagnrýndi hún sérstaklega hærrí skatt á bækur og mat auk afnáms sykurskatts. „Eru lýðheilsuáhrif ráðherra þau að fólk fái sér bara gúmmíþangsa í staðinn fyrir grænmeti?“

Ríkisstjórn ríka fólksins

„Ríkisstjórn ríka fólksins sér sem fyrr um sína. Það verður æ ljósara. Verkefnið er að koma henni frá og knýja fram stjórnarstefnu í þágu þjóðarinnar allrar. Við eigum betra skilið,“ sagði Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, og fór hörðum orðum um breytingar á fjárlagafrumvarpinu. „Tekjur af nýjum álögum á hollan mat og menningu eiga að fara til að lækka vörugjöld á flatskjái og klósett.“

Íslenskt grænmeti

ÞÚ VEIST HVADAN ÞAÐ KEMUR

islenskt.is

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Alicante 31°	Friedrichshafen 19°	New York 28°
Apæna 29°	Gautaborg 19°	Orlando 32°
Basel 24°	Kaupmannahöfn 19°	Ósló 21°
Berlín 20°	Las Palmas 27°	París 22°
Billund 19°	London 19°	San Francisco 24°
Frankfurt 18°	Mallorca °	Stokkholmur 19°

Á MORGUN
10-15 m/s vestantil, hægari vindur annars staðar.

LAUGARDAGUR
Strekkur á Vestfjörðum, annars hægari.

BJARTAST AUSTANLANDS Í dag verður yfirleitt skýjað vestan til en bjart eystra. Í nótt kemur úrkomusvæði upp að vesturströndinni og á morgun má búast við rigningu í flestum landshlutum, síst allra austast. Kólnar litlilega í veðri á laugardag.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

AUGLÝSINGAÐELDIR FRÉTTABLAÐSINS - AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal jonla@frettabladid.is, ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördis Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sværriðsson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is
FÓLK/LÍFID/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolbeinn@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNIS: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is. ÞJÓNUSTAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrun@365.is



Húsnæðislán

Ertu að hugsa um að kaupa þína fyrstu fasteign?

50% afsláttur af lántökugjöldum við kaup á fyrstu eign er veittur til áramóta

Við lánnum 1.500.000 kr. aukalega til þeirra sem eru að kaupa sér húsnæði í fyrsta skipti.*

Að kaupa húsnæði er stór ákvörðun og því um að gera að veða og meta alla kosti í stöðunni. Húsnæðislánaráðgjafarnir okkar hafa víðtæka reynslu og góðan skilning á aðstæðum ungra fasteignakaupenda og geta því gefið þér góð ráð.

Ræddu við húsnæðislánaráðgjafa í næsta útibúi.

*Heildarlánveiting bankans að meðtöldu viðbótarláni er þó að hámarki 90% af kaupverði. Lántakandi þarf að standast greiðslumat og uppfylla aðrar útlánareglur bankans. Veittur er helmingsafsláttur af lántökugjöldum til þeirra sem eru að kaupa í fyrsta sinn. Lántakandi þarf að greiða kostnað við greiðslumat, skjalagerðargjald, þinglýsingargjald og, ef við á, kostnað við veðbanda- og lánayfirlit. Á www.islandsbanki.is getur þú reiknað mánaðarlegar afborganir, árlega hlutfallstölu kostnaðar og heildarkostnað.

VEISTU SVARIÐ?



1. Hversu miklu fé á að verja til 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna samkvæmt nýju fjárlagafrumvarpi?
2. Hvað ætla starfsmenn Marel og fjölskyldur þeirra að hlaupa marga kílómetra í áheitasöfnun sinni?
3. Hver voru úrslitin í leik Íslands og Tyrklands í undankeppni EM 2016?

SVÖR:
1. 60 milljónum, 2. 6.500 km.
3. 3-0 fyrir Ísland.

Leiðtogar bresku flokkanna hröðuðu sér til Skotlands í gær í von um að telja kjósendum hugvarf:

Grátbiðja Skota um að hafna sjálfstæði

SKOTLAND, AP „Ég yrði niðurbrotinn maður,“ sagði David Cameron, sem er leiðtogi breska íhaldsflokksins og forsætisráðherra Bretlands, „ef þessi þjóðafjölskylda yrði slitin í sundur.“

Hann hélt til Skotlands í gær í von um að telja kjósendum hugvarf en skoðanakannanir hafa sýnt að meira en helmingur kjósenda í Skotlandi er líklegur til að samþykkja tillögu um sjálfstæði.

Með í för voru þeir Nick Clegg, sem er leiðtogi Frjálslynda flokksins og aðstoðarforsætisráðherra í stjórn Camerons, og Ed Miliband, sem er leiðtogi Verkamannaflokksins, stærsta stjórnarandstöðuafslins.

Alex Salmond, leiðtogi skoskra sjálfstæðisinnna, er hins vegar hvergi banginn. Heimsókn hinna óvinsælu stjórnmálaleiðtoga gæti varla annað en hjálpað málstað þeirra sem vilja segja skilið við Bretland.

„Ef ég héldi að þeir kæmu með rútu, þá myndi ég senda þeim fargjaldið,“ sagði hann.

Cameron viðurkendi fúslega að hægri-stjórnin væri harla óvinsæl, ekki síst í Skotlandi. Hann sagði þó ekki rétt að nota þessar kosningar til að refsa hægri-stjórninni. „Þetta er ekki ákvörðun til næstu fimm ára,“ sagði hann.

Skotar ganga að kjörborðinu þann 18. september.



HVERGI BANGINN Alex Salmond, forspraki aðskilnaðarsinnna, segir heimsókn hinna óvinsælu stjórnmálaleiðtoga bara hjálpa sínum málstað.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Gagnrýna gjaldkeragjald: Bitnar helst á eldri borgurum

NEYTENDUR Neytendasamtökin gera alvarlegar athugasemdir við þær fyrirætlanir íslensku bankanna að taka upp sérstakt þjónustugjald sem felst í gjaldtöku af þeim sem óska eftir þjónustu gjaldkera. Fréttablaðið greindi frá þessum áætlunum nýlega.

Það er mat samtakanna að gjaldtakan komi harðast niður á eldri borgurum sem ekki greiði reikninga sína í heimabanka, sem og öðrum sem séu með litla tölvukunnáttu. „Þá má einnig velta fyrir sér hvort öryggi sjálfvirkra bankaviðskipta sé slíkt að rétt sé að skylda neytendur á þennan hátt,“ segir í tilkynningu frá samtökunum.

-sáp



SUZUKI SWIFT Alls hafa 85 bifreiðar verið innkallaðar.

Hemlarör getur lekið: 85 Suzuki-bílar innkallaðir

VIÐSKIPTI Alls hafa 85 bifreiðar af tegundinni Suzuki Swift af árgerðinni 2013 verið innkallaðar. Ástæðan er sú að hemlarör geta farið utan í vélarfestingu þar sem bilið þar á milli er of lítið og sökum víbrings frá vél. Í versta falli getur komið leki að hemlaröri.

Í tilkynningu á síðu Neytendastofu kemur fram að Suzuki bílar hf. hafi þegar byrjað að innkalla viðkomandi bifreiðar. Neytendastofa hvetur bifreiðaeigendur til að verða við innkölluninni og leita til Suzuki bíla hf. varðandi frekari upplýsingar.

-fb

Fjölgun ferðamanna að komast í hámark

Greiningardeild Arion banka spáir að draga muni úr fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi á næstunni. Framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar segir það jákvætt. Nú þurfi að huga að rannsóknum á greininni og uppbyggingu innviða.

ATVINNUMÁL Á næsta ári mun draga verulega úr fjölgun erlendra ferðamanna sem koma til Íslands. Búist er við að hún verði 22,6 prósent í ár en 13,7 prósent á næsta ári. Þetta kemur fram í nýrri spá Greiningardeildar Arion banka sem kynnt verður á morgunverðarfundum bankans í dag.



HELGA ÁRNADÓTTIR

„Það stefnir í enn eitt metárið í komum erlendra ferðamanna í ár og fjórða árið í röð er ferðamönnum að fjölga með meiri hraða en árið á undan. Greiningardeild Arion banka gerir ráð fyrir að fjölgun ferðamanna í ár muni nema um 23% frá seinasta ári og því komi um 960 þúsund ferðamenn til Íslands í gegnum Leifsstöð,“ segir Regína Bjarnadóttir, forstöðumaður Greiningardeildarinnar.

Hún segir að deildin geri ráð fyrir að um 1,1 milljón ferðamanna muni heimsækja Ísland á næsta ári og á árinu 2017 verði þeir rúmlega 1,3 milljónir. Gangi spáin eftir mun vöxturinn haldast yfir langtíma-meðaltali á næstu árum.

Helga Árnadóttir, framkvæmdastjóri Samtaka ferðaþjónustunnar, segir þessar tölur koma ekkert á óvart. „Tuttugu prósent aukning á milli ára er ekki það sem við viljum horfa á sem árlega aukningu til framtíðar. Það er allt of hröð aukning,“ segir hún. Þótt hún fari niður í 13,7 prósent, þá sé hún vel yfir



GULLFOSS Í VETRARBÚNINGI Helga segir að það hefði mátt moka betur við Gullfoss í fyrra.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

meðaltalinu í Evrópu og mun viðráðanlegri. „Hvort sem það eru tíu prósent eða þrettán prósent þá er það mjög gott,“ segir hún.

Helga segir að það þurfi að afla meiri tölfræðiupplýsinga um ferðaþjónustuna til að efla greinina til framtíðar. „Það er í raun sorglegt hvað við vitum lítið um þessa atvinnugrein og það þarf að rannsaka svo við tökum öll rétt skref í sömu átt hverju sinni. Það þarf allsherjarstefnumótun sem allir koma að,“ segir Helga.

Það þurfi raunverulega framkvæmdaætlun um uppbyggingu ferðamennsku. Það sé auðvelt að leggja huglægt mat á ferðaþjónustu, en huglægt mat sé ekki það sama og staðreyndir. „Það er til

dæmis svo auðvelt að halda að ákveðnir ferðamenn eyði of litlu, en hvað vitum við?“ segir hún.

Þá bendir Helga líka á að það þurfi að ráðast í uppbyggingu innviða, meðal annars með því að bæta vegakerfið og halda því við. Það þurfi líka að halda vegum opnum á veturna. „Við vorum að berjast við það í fyrra að láta moka að Gullfossi. Ferðamenn sem eiga að vera hér á veturna, þeir komast jafnvel ekki að náttúruperlunum,“ segir hún. Hér séu enn einbreiðar brýr og margt sem þurfi að laga. „Það er mikilvægt að allir líti á þessi verkefni sem tækifæri sem við þurfum að nýta sem allra best,“ segir Helga. Ekki beri að líta á þetta sem vandamál.

jonhakon@frettabladid.is

Sveitarfélög sinna ekki þörf: Tæplega 2.000 fjölskyldur bíða

VELFERÐARMÁL Tæplega 1.800 einstaklingar og fjölskyldur eru á biðlista eftir félagslegu húsnæði hjá sjö stærstu sveitarfélögum landsins samkvæmt könnun velferðarráðuneytisins.

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, stóð fyrir könnun á biðlistum í sumar. Hún segir upplýsingar sveitarfélaganna gefa til kynna að verulega skorti á að sveitarfélögin uppfylli skyldur sínar í húsnæðismálum gagnvart þeim íbúum sem vegna félagslegra aðstæðna eru ekki færir um að sjá sér sjálfir fyrir húsnæði.

-ebg



YLSTRÖND Áform við Urriðavatn eru í uppnámi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hætta á vatnsmengun: Ný ylströnd fær dræm viðbrögð

UMHVERFISMÁL Áform um að útbúa ylströnd við Urriðavatn á Fljótaldalshéraði hafa siglt í strand í bili.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lét vinna fyrir sig skýrslu þar sem fram kemur að ekki séu neinar líkur á að starfsemi tengd ylströnd geti haft áhrif á vinnsluvatn fyrirtækisins við Urriðavatn. Heilbrigðiseftirlit Austurlands segist hins vegar ekki geta mælt með framkvæmdinni þar sem í starfsleyfi hitaveitunnar vegna neysluvatnsveitu sé grannsvæði vatnsbólsins skilgreint „við efstu flóðamörk Urriðavatns“. -gar

Sjónmælingar í Optical Studio

Tímappantannir í síma:

Optical Studio í Smáralind
sími 5288500

Optical Studio í Keflavík
sími 4213811

Optical Studio í Leifsstöð
sími 4250500

Optical Studio

SMÁRALIND • LEIFSTÖÐ • KEFLAVÍK

FRÍHAFNARDAGAR



**TAX
FREE**

**SNYRTIVÖRU
DAGAR**

DAGANA 11.-15. SEPTEMBER
AFNEMUM VIÐ VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM SNYRTIVÖRUM

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ráðherra undirbýr nýtt mál: Vonast eftir meiri samstöðu

ALPINGI Þingmál um fjármögnun á uppbyggingu ferðamannastaða mun væntanlega líta dagsins ljós á allra næstu vikum, segir Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra. Miklar deilur urðu í sumar þegar landeigendur við Geysi hófu gjaldtöku sem síðar var sett lög-bann á. Ragnheiður Elín segir að hún hafi lagt málið til hliðar í vor vegna tímaskorts. „Þetta er brýnt mál, en það er mikilvægt að við náum sem mestri samstöðu um það,“ segir Ragnheiður Elín. -jhh

Vísindamenn hafa búið til stafræn kort af jörðinni undir fornu mannvirki á Englandi:

Kort afhjúpa leyndardóma Stonehenge

LONDON, AP Vísindamenn hafa búið til stafræn kort af jörðinni undir hinu forna mannvirki Stonehenge á Englandi. Tilgangurinn er að leysa ráðgátuna um Stonehenge, sem er á heimsminjaskrá UNESCO.

Uppbyggingin var sýna áður óþekkt mannvirki á svæðinu sem búið var til fyrir helgisíði, auk stórrar timburbyggingar. Talið er að hún hafi verið notuð fyrir jarðarfari.

„Ný mannvirki hafa verið afhjúpuð og einnig nýjar tegundir mannvirkja sem fornleifafræðingar hafa aldrei séð áður,“ sagði Vincent Gaffney, prófessor við Birmingham-háskóla og stjórnandi rannsóknarinnar.

Einnig fannst stór, forsöguleg gryfja, sem virðist hafa tengst sólinni.

Wolfgang Neubauer, prófessor hjá fornleifastofnun í Vínarborg, segir að með nýju kortunum verði í fyrsta sinn mögulegt að finna út hvernig Stonehenge og landslagið á svæðinu hefur þróast í gegnum aldirnar.

1.200.000

Á hverju ári heimsækja 1,2 milljónir ferðamanna Stonehenge.

Fornleifafræðingar hafa stundað uppgröft á Stonehenge-svæðinu og velt fyrir sér tilurð þess síðan á sautjándu öld. Um 1,2 milljónir ferðamanna koma þangað á hverju ári.



STONEHENGE Mannvirkið hefur lengi verið hjúpað dulúð. Enginn veit nákvæmlega hvað fór þar fram.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Guðni Arinbjarnar Sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum

Hef flutt læknastofu mína í Læknaá - Holtasmára 1 - 7. hæð - 201 Kópavogur

Tímamantanir virka daga kl. 9 - 15 í síma 552 4800

Herferð gegn tekjulágum og atvinnulausum

Forystumenn innan Starfsgreinasambandsins segja ríkisstjórnina í herferð gegn tekjulágu fólki og atvinnulausum. Verkalýðsfélögin eru að hefja undirbúning að gerð nýs kjarasamnings og segja að fjárlagafrumvarpið trufla þá vinnu verulega.

KJARAVIÐRÆÐUR Formenn aðildarféлага Starfsgreinasambands Íslands (SGS) segja að ríkisstjórnin sé í herferð gegn tekjulágu fólki og atvinnulausum, þess sjáist glögg merki í fjárlagafrumvarpinu.

Þeir telja átök líkleg á vinnumarkaði í vetur. Það geti orðið þrautin þyngri að koma nýjum kjarasamningi á köppinn.

Samningar á almenna vinnumarkaðnum eru lausir eftir áramót og samningagerðin að fara af stað. Fyrst á að reyna að ná utan um sérkröfur, síðan á að takast á um krónur og aura. Þó ríkisstjórnin sé ekki beinn aðili að kjarasamningum á almenna markaðnum er það þó efnahagsstefna stjórnvalda á hverjum tíma sem markar ytra umhverfi kjarasamninga.

Á næstunni ætla menn að vega og meta hverju síðustu kjarasamningar skiluðu verkafólki í raun. Hvort það hafi fengið einhverjar kjara-bætur.

„Frumvarp til fjárlaga kemur eins og skattinn inn í umræðu um kjarasamninga. Sú nálgun að segja að það breyti engu að hækka virðisauka á matvælum vegna þess að þeir fái það leiðrétt í gegnum barnabætur gengur ekki upp í hugum fólks,“ segir Björn Bessason, formaður Eflingar og talsmaður Flóabandalagsins.

Í sama streng tekur Björn Snæbjörnsson, talsmaður Starfsgreinasambandsins. Björn segir alvarlegt að stjórnvöld ætli að stytta bóta-tímabil atvinnuleysisbóta um hálf ár. Atvinnulausir hverfi ekki úr samfélaginu þó þeir fari af bótum.



BJÖRN SNÆBJÖRNSSON



SIGURÐUR BESSASON



UNDIRBÚNINGUR Forystumenn í verkalýðshreyfingunni segja að hækkan virðisaukaskatts á matvæli skerði kjör þeirra sem lítið hafi. Undirbúningur að gerð nýs kjarasamnings er að hefjast og þeir segja þetta ekki gott innlegg.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

50 þúsund félagsmenn

Starfsgreinasambandið er fjölmennasta landsamband verkafólks á Íslandi og stærsta sambandið innan ASÍ, með samtals um 50 þúsund félagsmenn. Umreiknað í full stöðugildi er þessi fjöldi hins vegar tæplega 30.000. Af félagsmönnum aðildarféлага SGS eru karlar um 47 prósent félaga og konur 53 prósent.

Meginhlutverk Starfsgreinasambandsins er að sameina verkalýðsfélög í baráttunni fyrir bættum kjörum og standa vörð um áunnin réttindi og vera leiðandi afl innan verkalýðshreyfingarinnar og vettvangur umræðu um þróun samfélagsins í þágu launafólks.

„Það er verið að velta vandanum yfir á sveitarfélögin en þær bætur sem fólk fær lækka. Sumir fá ekkert því það ræðst meðal annars af tekjum maka hvort fólk á rétt á bótum frá sveitarfélaginu svo og af ýmsum öðrum þáttum,“ segir Björn og bætir við að með þessu sé enn frekar verið að skerða kjör þeirra sem minnst hafi.

Sigurður segir að verkalýðshreyfingin ætli að reyna að fá stjórnvöld

til að draga fyrirhugaðar breytingar til baka en er ekki vongóður um að það takist.

„Við gerð síðustu kjarasamninga setti ríkisstjórnin fram bókun um að breytingar á virðisaukaskattkerfinu ættu að fara fram í samráði við launþegahreyfinguna. Það voru hins vegar engar viðræður við okkur. Við fréttum af fyrirhuguðum breytingum í fjölmiðlum,“ segir Sigurður.

johanna@frettabladid.is

Forsætisráðuneytið gerir athugasemdir við deiliskipulag fyrir Fjallsárlón:

Vilja ekki varanleg mannvirki

SKIPULAGSMÁL Forsætisráðuneytið segir í umsögn um tillögu að deiliskipulagi við Fjallsárlón að skoða þurfi hvort ekki sé verið að færast of mikið í fang í uppbyggingunni.

„Það er mat ráðuneytisins að leitast eigi við að vernda hina sérstöku náttúru lönsins og umhverfi þess,“ segir í umsögn forsætisráðuneytisins sem vill halda svæðinu sem mest öröskuðu.

„Ráðuneytið hefur fyrirvara gagnvart því að leyfa uppbyggingu varanlegra mannvirkja við Fjalls-

árlón,“ segir áfram í umsögninni þar sem jafnframt er gerð athugasemd við fjölda og staðsetningu stæða fyrir rútur og fólksbíla. Plan fyrir 100 bíla sé of stórt og rétt sé að takmarka það við sjöftu eða jafnvel fimmtíu bíla.

„Þessu til viðbótar verður að telja að vel komi til álita að færa bílastæði og byggingarreit enn fjær lönninu til austurs nær þjóðvegi,“ segir einnig í umsögninni sem Hornfirðingar hyggjast ræða við fulltrúa ráðuneytisins.



SIGLT UM JÖKULLÓN Bátsferðir innan um ísjaka njóta vinsælda. Myndin er frá Jökulsárlóni.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

WHEELER WORLDWIDE

Skóladagar
30-40%
afsláttur
af öllum hjólum

Götu hjól • Fjallahjól • Barnahjól
Racerar • 29er hjól

EVEREST

FERÐA- OG ÚTIVISTARVERSLUN
Skeifunni 6 • Sími 533 4450 • www.everest.is
PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA. FAGLEG RÁÐGJÖF

VIÐGERÐAR OG VARAHLUTAÞJÓNUSTA

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



SAFT



nettó

Kræsingar & kostakjör

VERÐ- SPRENGJA!

GRÍSAKÓTELETTUR FROSNAR VERÐ ÁÐUR 1.665,-

-52%

799

KR/KG

LAMBALÆRI
KJÖTSEL - NYSLÁTRAD
KÍLÓVERÐ

1.498,-

LAMBAHRYGGUR
KJÖTSEL - NYSLÁTRAD
KÍLÓVERÐ

1.798,-

LAMBAHJÖRTU OG LIFUR
NYSLÁTRAD
KÍLÓVERÐ

398,-



Lambakassi

GOÐI

Lambalæri, lambahryggur, lifrarpylsa og blóðmör.

Kassinn inniheldur:

- 1 stk. lambalæri (2,6kg)
- 1 stk. lambahryggur (2,0kg)
- 2 stk. lifrarpylsa (0,93kg)
- 2 stk. blóðmör (0,93kg)

*Þyngdir á hverri einingu eru viðmiðunarþyngdir.

Innihald og næringargildi í 100g:

NYSLÁTRAD - PAKKI 2
Lifur, pylsa, blóðmör, (35%), lambamör, vatn, rúgmjöl,
KÍLÓVERÐ andanrennuúft, salt.

Orka 125 kJ, Fita 23g, þ.a. mettt. f.s. 11g,
kolvetni 1g, prótein 10g, salt 1,3g.

Blóðmör, rúgmjöl, hafráflögur, salt.

Orka 1282kJ/309kcal, Fita 31g, þ.a. mettt. f.s. 16g, kolvetni 15g,
þ.a. sykurl 0,2g, prótein 8g, salt 1,3g.

*ofnæmist- og óþolsvaldar skáletráðir.



Tilboðin gilda 11. - 14. sept 2014

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

FJÁRLAGAFRUMVARP 2015

Fjárlagafrumvarpið í hnotskurn

Pótt stefnt sé að flutningi Fiskistofu til Akureyrar á næstunni er ekki gert ráð fyrir kostnaði við þann flutning í fjárlagafrumvarpi næsta árs. Fréttablaðið rýndi í frumvarpið og birtir hér upplýsingar um nokkra forvitnilega kostnaðarliði og hækkunar á þeim að raungildi.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson FORSÆTISRÁÐUNEYTIÐ

MINJASTOFNUN ÍSLANDS fær 161,5 milljóna króna fjárveitingu sem jafngildir 27,3 milljóna króna hækkun.

HAGSTOFA ÍSLANDS FÆR

1.006,8 milljóna króna fjárveitingu

sem jafngildir 32,9 milljóna króna hækkun

FORNMINJASJÓÐUR fær 39,2 milljóna króna fjárveitingu sem jafngildir 7,6 milljóna króna hækkun.

HÚSFRIÐUNARSJÓÐUR fær 56,5 milljónir sem jafngildir 11,4 milljóna króna hækkun.

GRÆNA HAGKERFIÐ fær 133,6 milljónir króna sem jafngildir 56,4 milljóna króna lækkingu.

ÞJÓÐGARÐURINN Á PINGVÖLLUM fær 233 milljóna króna fjárveitingu sem jafngildir 122,2 milljóna króna lækkingu.

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS fær 512,9 milljóna króna fjárveitingu sem jafngildir 6,5 milljóna króna lækkingu frá gildandi fjárlögum.



Illugi Gunnarsson MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

TÓNLISTARNÁM Á VEGUM SVEITARFÉLAGA fær 520 milljóna framlag. Þar af er 40 milljóna króna framlag til eflingar tónlistarnáms á framhaldsstigi í hljóðfærleik og mið- og framhaldsstigi í söngnámi.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ fær 799,8 milljónir. Þar af er 20 milljóna króna framlag vegna viðhalds og endurnýjunar tækjabúnaðar. Heildarendurnýjun mun kosta tæplega 300 milljónir króna.

KVIKMYNDASJÓÐUR fær 100 milljóna króna lækkingu sem er í samræmi við samkomulag um stefnumörkun fyrir íslenska kvikmyndagerð og kvikmyndamenningu árin 2012-2015. Framlag til framleiðslustyrkja árið 2015 hækkar úr 600 milljónum í 700 milljónir króna.

LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS fær 24,5 milljónum krónum minna. Framlöginn verða alls 772,1 milljón. Meðal annars er lagt til að 10 milljóna króna tímabundið húsnæðisframlag falli niður.

ÆSKULYÐSMÁL fá 12 milljónum krónum minna á næsta ári. Þannig mun 15 milljóna króna tímabundið framlag til Bandalags íslenskra skáta og KFUM og KFUK á Íslandi vegna samar-búða fyrir börn með sérþarfir falla niður. Alls nemur fjárveiting til málaflokksins 175,4 milljónum.



Ragnheiður Elín Árnadóttir IÐNAÐAR- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

TÆKNIPRÓUNARSJÓÐUR fær 390 milljónum meira í ár, eða 1.372,5 milljónir alls. Hækkunin er framlag í samræmi við stefnu Vísinda- og tækniráðs og aðgerða-áætlun byggða á henni.

NÝSKÖPUNARFYRIRTÆKI fá 1.280 milljónir í styrki og mun framlag hækka um 196,5 milljónir króna. Er það í samræmi við endurskoðaða áætlun um útborganlegan skattafrádrátt vegna nýsköpunar- og þróunarverkefna.

SAMKEPPNISEFTIRLITID fær 385,6 milljónir sem jafngildir 25,5 milljóna króna lækkingu. Tímabundið 20 milljóna króna framlag vegna verkefnaálags í kjölfar bankahrunsins fellur niður og annað eins vegna verkefnis í tengslum við aðgerðir til að draga úr samkeppnishindrunum sem stafa af eignarhaldi banka á atvinnufyrirtækjum. Þá er lögð til 5 milljóna króna lækkingu vegna aðhaldsaðgerða.

ORKUSTOFNUN mun fá 369,3 milljónir króna sem jafngildir 2,7 milljóna króna lækkingu. Það skýrist aðallega af aðhaldsaðgerðum í ríkisútgjöldum.



Bjarni Benediktsson FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

RÍKISSKATTSTJÓRI fær 2.757,9 milljónir króna sem jafngildir hækkun um 22,3 milljónir króna.

Tollstjóri fær 2.647,4 milljónir króna sem jafngildir hækkun um þrjár milljónir króna.

YFIRSKATTANEFND FÆR

155,4 milljónir króna

sem jafngildir því að fjárheimildir hækki um 20 milljónir

SKATTRANNSÓKNARSTJÓRI fær 271,9 milljónir króna sem jafngildir því að framlagið lækki um 39,4 milljónir.



Kristján Þór Júlíusson HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

HEILSUGÆSLAN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU fær 5.184 milljónir króna og hækka framlög um 76,9 milljónir króna.

HEILBRIGÐISSTOFNUN NORDURLANDS fær 3.838 milljónir á næsta ári og jafngildir það 39,5 milljóna króna hækkun.

LANDLÆKNIR fær 841 milljón króna sem jafngildir um 84 milljóna króna hækkun.

EFTIRLAUNASJÓÐUR ALDRADRA fær sem nemur 22,9 milljónum króna á næsta ári og er það lækkingu um 6,7 milljónir króna.



Hanna Birna Kristjánsdóttir INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

VEGAGERÐIN fær 2.074 milljónir króna sem er 315 milljóna króna hækkun.

JÖFNUNARSJÓÐUR SVEITARFÉLAGA fær 17,52 milljarða sem jafngildir 747 milljóna króna hækkun á milli ára.

ÞJÓÐSKRÁ ÍSLANDS fær 1.364,6 milljónir króna sem er 253 milljóna króna hækkun.

SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI fær 292,4 milljónir sem er lækkingu um 281 milljón króna.

LANDHELGISGÆSLAN fær 3.430 milljónir króna sem er lækkingu um 93,1 milljón.

RÍKISSAKSÓKNARI fær 202 milljónir króna sem er lækkingu um 13,1 milljón.



Gunnar Bragi Sveinsson UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

NATO fær 272,3 milljónir í framlög frá íslenska ríkinu og hækka framlögin um 7,3 milljónir frá fjárlögum 2014. Meðal annars er farið fram á hækkun á tímabundnu framlagi vegna byggingar höfuðstöðva NATO. Áætlaður heildarkostnaður Íslands við framkvæmdirnar er rúmlega 450 milljónir króna, sem greiðist fram til ársins 2017.

PRÓUNARSJÓÐUR EFTA fær alls 1.005,7 milljónir á árinu 2015 sem er 133,5 milljóna króna hækkun. Gert er ráð fyrir að framlag Íslands á árinu verði 9,71 milljón evra.

ALPJÓÐLEG PRÓUNARSAMVINNA mun standa í stað frá fyrra ári. Gert er ráð fyrir að framlög til alþjóðlegrar þróunarsamvinnu á næsta ári samsvari 0,22% af vergum þjóðartekjum. Það felur í sér að framlögin hækka ekki jafn mikið og ráð var fyrir gert í þingsályktun þar um, þar sem gert var ráð fyrir 0,28% af vergum þjóðartekjum á árinu 2015. Er það gert til að stemma stigu við frekari aukningu útgjalda í ljósi erfiðrar stöðu ríkissjóðs. Alls nemur fjárveiting til flokksins 4.255,9 milljónum króna.



Sigurður Ingi Jóhannsson SJÁVARÚTVEGS- OG LANDBÚNAÐAR- RÁÐUNEYTI OG UMHVÆRFISRÁÐUN.

MATVÆLASTOFNUN fær 1.416,7 milljónir króna á næsta ári og jafngildir það 1,9 milljóna króna hækkun.

HAFRANNSÓKNASTOFNUN fær 1.706,8 milljónir króna á næsta ári og jafngildir það 242,8 milljóna króna hækkun.

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS fær 521,8 milljónir króna á næsta ári og jafngildir það um 44,5 milljóna hækkun.

Framlög til **FISKISTOFU** munu nema 861 milljón króna á næsta ári og jafngildir það 4,3 milljóna króna lækkingu.

151 milljón króna verður veitt í fjárveitingu til **RANNSÓKNA HÁSKÓLA Í PÁGU LANDBÚNAÐAR**. Það jafngildir 18 milljóna króna lækkingu.

BÆNDASAMTÖK ÍSLANDS fá 503,5 milljónir króna og jafngildir það 5 milljóna króna lækkingu frá núgildandi fjárlögum.



Eygló Harðardóttir FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

FÆÐINGARORLOFSSJÓÐUR FÆR **9.213** milljarða króna á næsta ári sem jafngildir 150 milljóna króna hækkun

JAFNRÉTTISSTOFA fær 94 milljónir króna sem jafngildir um 20 milljóna króna hækkun.

VINNUEFTIRLIT RÍKISINS fær 555,5 milljónir króna í rekstrargjöld á næsta ári sem jafngildir 49,5 milljóna króna hækkun.

BARNAVERNDARSTOFA fær 1.248,6 milljónir króna á næsta ári sem jafngildir 16 milljóna króna lækkingu.

VINNUMÁLASTOFNUN fær 236,1 milljón króna sem er 65 milljóna króna lækkingu frá fyrra ári.

ATVINNULEYSISTRÝGGINGASJÓÐUR fær 14.036 milljónir sem er lækkingu um 2.055 milljónir.



DEBENHAMS

DESIGNERS AT
DEBENHAMS

BAKER
BY TED BAKER

DIAMOND
BY JULIEN MACDONALD

J
JASPER CONRAN

JEFF BANKS
LONDON

JONATHAN SAUNDERS

PREEN

principles



RJR. JOHN ROCHA

STAR
BY JULIEN MACDONALD

*Gættu lífid
skemmtilegra*

20%
AFSLÁTTUR


AF VÖRUM FRÁ
DEBENHAMS
HÖNNUÐUM

DÖMUR HERRAR BÖRN



Opið í kvöld til 21:00

Gildir út sunnudag

 Finndu okkur á facebook

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

Reinfealdt hefur sótt í sig veðrið

Svíaar kjósa sér nýtt þing á sunnudaginn. Hægri stjórn Fredriks Reinfealdt hefur mælst með lítið fylgi í allt sumar, en hefur verið að styrkjast núna á lokasprettinum. Velgengni hægri þjóðernissinna virðist samt geta torveldað mjög alla stjórnarmyndun eftir kosningar.

Guðsteinn Bjarnason
guðsteinn@frettabladid.is



SVÍÞJÓÐ Þrátt fyrir töluverða velgengni í efnahagslífi Svíþjóðar þau átta ár sem Fredrik Reinfealdt hefur verið forsætisráðherra virðast Svíaar ekki ætla að flykkjast að baki honum í þingkosningunum, sem haldnar verða á sunnudaginn.

Samkvæmt skoðanakönnunum hefur lengi stefnt í að hægri flokkarnir missi töluvert fylgi, en stjórnarandstöðuflokkarnir bæti við sig. Bilið hefur þó verið að minnka verulega nú á allra síðustu dögum.

Nokkur fylgisaukning myndi þó varla duga vinstri flokkunum til þess að ná meirihluta á þingi, og þar munar mest um Svíþjóðardemókratana sem hafa halað inn fylgi út á útlendingahræðslu sína og stefna nú í að fá tíu prósent atkvæða.

Enginn annar flokkur vill sjá Svíþjóðardemókratana með sér í stjórn, þannig að þessi tíu prósent yrðu fyrst og fremst til þess að torvelda meirihlutamyndun bæði til hægri eða vinstri.

„Við vöxum á því að fólk fái að koma inn í samfélagið okkar,“ sagði Reinfealdt forsætisráðherra í sjónvarpskappræðum í gær. Hann ítrekaði þá afstöðu sína að innflytjendur auðgi Svíþjóð og fjölmennning geri Svíþjóð að betra

3,6%

munar nú á fylgi vinstri og hægri blokkanna samkvæmt nýjustu skoðanakönnunum

landi, en uppskar eins og vænta mátti hörð viðbrögð frá Jimmie Åkesson, leiðtoga Svíþjóðardemókratanna: „Þetta spennandi samfélag sem Fredrik Reinfealdt talar um einkennist af óeirðum og ýmsum öðrum grófum brotum.“

Åkesson er þar samt algerlega einn á báti meðal flokksleiðtoganna, þannig að vart verður mynduð hægri eða vinstri stjórn að loknum kosningum nema sem minnihlutastjórn með stuðningi eins eða fleiri flokka af hinum vængnum.

Stjórn Reinfealdts hefur reyndar verið minnihlutastjórn seinni hluta kjörtímabilsins, þar sem tvö þingsæti vantar upp á að hún hafi þingmeirihluta.

Fari svo, sem skoðanakannanir spá, yrði minnihluti hægri stjórnarinnar enn minni, en lítið myndi vanta upp á stjórnarmeirihluta vinstra megin.

Þar gæti hið nýja Femínistafrumkvæði komið til bjargar. Gudrun Schyman, sem var leiðtogi sænska Vinstriflokksins á árunum 1993 til 2003, stofnaði flokkinn árið 2005 og gæti nú í fyrsta sinn átt möguleika á því að ná manni á þing.



KEPPINAUTARNIR Stefan Löfven, leiðtogi Sósíaldemókrata, virðist eiga einhverja möguleika á að fella hægri stjórn Fredriks Reinfealdt.

Staða sænsku stjórnarmálflokkanna

	Kosningaúrslit 2010		Skoðanakannanir	
	Þingsæti	Hlutfall	apríl 2014	sept. 2014
Hægri blokkin				
Hægri flokkurinn (Moderata samlingspartiet)	107	30,1	24,6	21,8
Frjálslyndir (Folkpartiet liberalerna)	24	7,1	5,4	7,7
Miðflokkurinn (Centerpartiet)	23	6,6	3,6	7,1
Kristilegir demókratar (Kristdemokraterna)	19	5,6	3,0	5,0
Samtals	173	49,3	36,6	41,6
Vinstri blokkin				
Jafnaðarmenn (Socialdemokraterna)	112	30,7	33,1	29,8
Vinstriflokkurinn (Vänsterpartiet)	19	5,6	9,4	6,5
Græningjar (Miljöpartiet)	25	7,3	9,9	8,9
Samtals	156	43,6	52,5	45,2
Femínistafrumkvæðið (Feminstiskt initiativ)	-	-	2,3	3,4
Svíþjóðardemókratar	20	5,7	7,6	9,5

Ford Explorer

7 manna lúxusjeppi

FORD EXPLORER 4WD 7 MANNA
3,5 V6 290 HESTÖFL
6 ÞREPA SJÁLFSKIPTUR

FRÁ **9.350.000 KR.**
KOMDU OG PRÓFAÐU



Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar: Sölueldir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Varahlutaverslun og verkstæðismóttaka er einnig opin laugardaga kl. 12-16

ford.is

CHANEL



CHANEL.COM

ÚR BLÁA DJÚPINU KEMUR EAU DE PARFUM.
VERTU ÞÚ SJÁLFUR OG VELDU BLEU DE CHANEL EAU DE PARFUM.

KYNNUM GLÆSILEGAR NÝJUNGAR FRÁ CHANEL 11. - 17. SEPTEMBER
Í HAGKAUP GARÐATORGI, HOLTAGÖRÐUM, KRINGLUNNI OG SMÁRALIND.

HAGKAUP
Stemntilegast að versla



1997 - MARS
SUBWAY kynnr 7 báta með 6 grömmum af fitu eða minna.

1997



1996 - ÁGÚST
 Nyrsti **SUBWAY** í heimi opnar á Akureyri.

1996



1994 - 11. SEPTEMBER
SUBWAY á Íslandi opnar.

1995



1994 - MAÍ
 Fyrsta fréttin um **SUBWAY** á Íslandi.

1994



1995 - FEBRÚAR
 25 manns í vinnu hjá **SUBWAY** á Íslandi.

1990

1990
5000
SUBWAY STAÐIR HAFA VERIÐ OPNAÐIR



1977



1977
SNAKK BÁTUR - seinna þekktur sem 6" bátur.

1968

1968
SUBWAY nafnið notað í fyrsta sinn.



1965

17 ára frumkvöðull byrjar að selja kafbáta.



"PETE'S SUPER SUBMARINE"
320 KAFBÁTAR
 SELDUST FYRSTA DAGINN.

2000
JARED missir 110 kg
og heimurinn fylgist með.




2002 - NÓVEMBER
SUBWAY opnar
í Vesturbænum.




2003 - MAÍ
Kjúklingabringa
klárast á Íslandi.



2005
Ristaðir bátar
í fyrsta sinn.



2013 - ÁGÚST
SUBWAY opnar 24. staðinn á Íslandi og verður stærsta
skyndibitakeðja í heimi með yfir 40.000 útsöluastaði.



**BÁTUR
DAGSINS**



2014 - ÁGÚST
Bátur dagsins
kynntur til leiks.

Við þökkum viðskiptin síðustu 20 ár!


SUBWAY
Ferskleiki er okkar bragð.™

JARÐHRÆRINGAR Í VATNAJÖKLI: SIG Í BÁRÐARBUNGU

Sagan geymir afar öflug þeytigos

Sig Bárðarbunguöskjunnar um rúmlega 20 metra á stuttum tíma, og fjöldi stórra jarðskjálfta, veldur jarðvísindamönnum miklum áhyggjum. Það er ekki að ástæðulausu segir Ari Trausti Guðmundsson jarðeðlisfræðingur sem þekkir sögu eldstöðvakerfisins út í hörgul.

Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is



Eftir þriggja vikna linnulausar jarðhræringar í og við Vatnajökul, sem teljast þegar með markverðustu jarðvísindalegu atburðum sem vísindamenn og almenningur á Íslandi hafa orðið vitni að, beinast augu manna sérstaklega að siginu í öskju Bárðarbungu. Jarðvísindamenn telja umbrotin þar sérstakt áhyggjuefni.

En hvað segir sagan okkur um eldsumbrot í eldstöðvakerfi Bárðarbungu, og hvers er að vænta ef eldgos hefst undir jökli, eins og menn óttast nú?

Mörg gos í árpúsundir

„Þegar verið er að mála sviðsmyndir, þrjár til fjórar eins og nú er gert, er það meðal annars gert með hliðsjón af eldfjallasöggunni, og þá auðvitað sögu Bárðarbungukerfisins. Á síðastliðnum 10.000 árum eða svo finnast um 100 aðskilin ummerki um eldgos í kerfinu. Mest eru þetta gjóskulög í jarðvegi og einum ískjarna, en líka hraun,“ segir Ari Trausti Guðmundsson, jarðeðlisfræðingur og rithöfundur, en eftir hann liggja um tveir tugir bóka um náttúru landsins, ekki síst jarðfræðirit og bækur um sögu íslenskra eldstöðva.

Ari Trausti útskýrir að ekkert gjóskulaganna frá eldstöðvakerfi Bárðarbungu sé mjög þykkt, nema þau sem upprunnin eru úr suðurhluta kerfisins. Lítið er í raun hægt að segja um önnur gjóskulög, hvort þau hafa komið úr gosi í þeim hluta sprungureinar Bárðarbungu sem þakin er jökli eða úr gosi í eldfjallaöskjunni sjálfri.

„Þykku gjóskulögin má rekja t.d. til Vatnaöldugossins um 870 og Veidivatnagossins nálægt árinu 1480. Enda þótt fátt sé um mikil forsöguleg gjóskulög geta samt hafa orðið öflug gjóskugos í eða við Bárðarbungu. Ástæðan er einfaldlega sú að útbreiðsla jökla fyrir allt að 14.000 árum var önnur en nú, og mikið af hraunum hefur runnið á áhrifasvæði eldstöðvakerfisins í árpúsundir. Sýnileiki gjóskulaga er þar með ekki alltaf fyrir hendi og í mikilli fjarlægð frá Bárðarbungu getur gjóskulag úr öflugu gosi verið frekar þunnt. Svo er vitað um nokkur forsöguleg hamfarahlauð niður Jökulsá á Fjöllum og óvíst hvort þau stöfuðu öll eða einhver af eldsumbrotum – brostnar jökulstíflur og tæmd lón hafa líka verið nefnd til sögunnar. Hafi eitthvert hlaupanna átt upptök í gosi undir jökli í Kverkfjöllum eða Bárðarbungu, getur það komið heim og saman við afar öflug þeytigos,“ segir Ari.

Ekkert viðlíka sést

Hraun í Bárðarbungukerfinu eru mörg og teljast sum merki um stórar og miklar aðfærsluæðar kviku. Þær má tengja kvikuhólfi Bárðarbungu eingöngu eða líka kviku úr dýpri þró þar undir. Samvirkni þarna á milli kemur enn fremur til greina. Þarna kom upp Þjórsárhraun fyrir rúmum 8.000 árum; stærsta hraun sem vitað er um hér á landi síðastliðin 10.000 ár. Nokkur stór hraun, svokölluð Tungnaárhraun, og mikill hraunstraumur niður Bárðardal einnig, og raunar koma líka við sögu fleiri hraunbreiður sem eru mun stærri en hraunið sem nú rennur fyrir norðan sporð Dyngjujökuls.

„Almannavarnir og vísindamenn horfa nú til atburðanna í Bárðarbungu og eru að vonum áhyggjufullir yfir sumum sviðsmynda sinna. Viðlíka skjálftavirkni og er nú í eldfjallinu og



ELDAR UPPI Eldgosið í Holuhrauni gæti haldið áfram í langan tíma óháð því hvort einnig tæki að gjósa í Bárðarbungu. Þeytigos og hraungos gætu því verið á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/AUDUNN

hreyfingar í öskjunni hafa ekki sést fyrr á mælum hér á landi. Fleiri en ein leið er til að túlka og skýra atburðina. Það er þó ekki brýnt í bili og líka rétt að láta allar spár eiga sig, en gera engu að síður ráð fyrir að mjög öflugt gos geti hafist í Bárðarbungu sjálfri. Eins, og jafnvel samtímis, að gjósi undir Dyngjujökli og á íslausu landi og þá einnig mun meira en í augnablikinu. Það er heldur ekki fullvíst að hamfarir í Bárðarbungu hafi mikil áhrif á Holuhraungosið úr stóru kvikufylltu sprungunni, eða bergganginum. En auðvitað getur gos í Bárðarbungu orðið minna en verstu sviðsmyndir gera ráð fyrir,“ segir Ari Trausti.

Þeytigos

Sagan segir okkur að ef öflugt gos verður, annaðhvort á sveigsprungum innan við öskjurimann í Bárðarbungu, úr sprungum á öskjubotninum eða úti í hliðum fjallsins, hefst það sem gos fastra efna sem bræða jökulís. Fljótlega – hér er það háð staðsetningu og stærð eldgossins hvort um klukkustundir eða daga er um að ræða – hefst svo þeytigos með mikilli gjósku.

„Gjóskan berst fyrir vindi eins og við þekkjum vel og getur orðið afar óþægileg og skemmandi, þótt benda megi á að fjallið er nánast í miðju landsins og alllangt til byggða eða afrétta. Engin leið er að geta sér til um magnið en í stórum gjóskugosum innan rekbeltsins hafa komið upp nokkrir rúmklómetrar af gosefnum, þ.e. nokkrir milljarðar rúmmetra. Mikið af bræðsluvatni safnast fyrir þegar frá upphafi og það getur líka numið einhverjum rúmklómetrum, t.d. ef gýs inni í sigdældinni. Það ræðst svo af því á hvaða vatnasviði í norðvesturjöklinum eða í Bárðarbungu gýs og svo jökulhlöpu, hvað úr verður,“ segir Ari Trausti og bætir við að jökulhlöpu geti steypst í átt að virkjanasvæðinu sem kennt er við



„Fleiri en ein leið er til að túlka og skýra atburðina. Það er þó ekki brýnt í bili og

líka rétt að láta allar spár eiga sig, en gera engu að síður ráð fyrir að mjög öflugt gos geti hafist í Bárðarbungu sjálfri. Eins, og jafnvel samtímis, að gjósi undir Dyngjujökli og á íslausu landi og þá einnig mun meira en í augnablikinu.

Ari Trausti Guðmundsson, jarðvísindamaður og rithöfundur

Köldukvísl, Tungnaá og Þjórsá, í farveg Skjálfafljóts og Jökulsár á Fjöllum, og jafnvel til Grímsvatna ef gýs nógu sunnarlega utan í eldfjallinu. Um áhrif á flug er ekki hægt að gefa sér neitt, en truflanir geta auðvitað orðið verulegar ef um stórgos er að ræða, er mat Ara Trausta sem ítrekar að sagan kenni það eitt að engu er hægt að spá, aðeins skoða möguleika.

„Hins vegar er fyllilega eðlilegt að horfa með áhyggjusvip á eldstöðvakerfið allt, efla enn eftirlit, rannsóknir og samstarf, eins og þegar er orðið, og ræða viðbrögð við nokkrum sviðsmyndum sem geta orðið að veruleika, ásamt skipulagningu viðbragðanna. Við höfum verið sæmilega heppin með eldvirknina, hvað stærð gosa varðar, allt frá Öskjugosinu og Sveinagjárdum árið 1875, en eldfjallasagan kennir að við stórum atburðum má búast á örfárra alda fresti og við það verðum við að búa,“ segir Ari Trausti.



ÖSKJUVAÐN Myndaðist á nokkrum árum í stórgosinu 1875. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ÖSKJUVAÐN MYNDAÐIST FYRIR 139 ÁRUM

Öskjusigið sem hafði er í Bárðarbungu veldur verulegri óvissu um framvindu mála enda hefur slíkur atburður ekki orðið hér á landi síðan Öskjuvatn myndaðist. Öskjusig geta þó ekki talist sjaldgæf á heimsvísu. Askjan í eldfjallinu Piton de la Fournaise á eyjunni Reunion í Indlandshafi seig um **340 metra** á 10 dögum árið 2007 samfara verulegu gosi í hliðunum. Fernandina-askjan á Galapagos seig um **300 metra** 1968 við svipaðar aðstæður. Svipaðir atburðir urðu á Kamtsjatka 1975-76 (Tolbachik).

Öskjuvatn byrjaði að myndast í umbrotahrinu sem gekk yfir 1874-75 og náði askjan núverandi lögun á nokkrum árum. Þá urðu sprungugos í Sveinagjá, **50-60 kílómetra** norðan Öskju og mikið sprengigos varð í lok mars 1875 þegar ljós vikur lagðist yfir hluta Austurlands og öskufall varð í Noregi og Svíþjóð.

Við núverandi aðstæður getur atburðarásin orðið með margvíslegum hætti.

1. Sigið hættir áður en það verður mjög mikið og gosið í Holuhrauni fjarar út.
2. Sigið heldur áfram og verður jafnvel **nokkur hundruð metrar** jafnframt því sem gos heldur áfram í Holuhrauni og/eða undir Dyngjujökli. Reikna verður með að gosið yrði langvinnt og gæti stærð þess mælst í rúmklómetrum áður en yfir lýkur. Ef gossprungan lengist til suðurs eða gos opnast á nýjum stað má búast við jökulhlaupum og gjóskufalli. Ekki er hægt að útiloka að ný sprunga leiti til suðvesturs, opnast undir jökli sunnan bungunnar eða á landi utan jökuls.
3. Að kvikan finni sér leið upp öskjubrotið og að gos hefjist innan öskjunnar. Slíkt gos gæti brætt mikinn ís og valdið verulegu jökulhlaupi. Einnig gæti það gerst að vatnið slyppi ekki út ef sigið væri langt komið þegar gos hæfist. Það vatn kæmi þá síðar í miklu jökulhlaupi. Þegar gosið nærði í gegnum ísinn myndi gosið breytast í sprengigos með tilheyrandi gjóskufalli.

Magnús Tumi Guðmundsson – Páll Einarsson á Jarðvísindastofnun: Hugleiðingar um öskjusig í Bárðarbungu og mögulegar sviðsmyndir.



Heiðræði nágranni!

GAMLA APÓTEKIÐ
er komið í Vesturbæinn

Ver höfum opnað splunkunýtt apótek, Gamla apótekið, á Melhaga 20. Þar fáid þér öll lyf á einkar góðu verði og annað sem gott apótek þýðir eins og vítamín og hjúkrunarvörur. Einnig okkar eigin gæðavörur undir vörumerkinu Gamla apótekið.



Tíminn líður

AFGREIÐSLUTÍMI

GAMLA APÓTEKSINS, MELHAGA.

ER EFTIRFARANDI:

10-18

alla virka daga.

- Komið og reynið viðskiptin -



TILBOÐIN

bíða þín

Fjöl margar góðar vörur eru nú á opnunartilboði, komið og dekið ofurlítið við yður. Þér eigið það skilið.

Gildir út september 2014.



GAMLA APÓTEKIÐ



Melhaga



11. SEPTEMBER MINNST Í BANDARÍKJUNUM Námsmenn við Pepperdine-háskólann í Kaliforníu hafa dregið að húni um þrjú þúsund fána til minningar um þá sem létu lífið í árásum hryðjuverkamanna á Bandaríkin fyrir þrettán árum. NORDICPHOTOS/AFP



HÁTÍÐ Á SPÁNI Í borginni Guadix í Granada-héraði syðst á Spáni er haldið upp á Cascamoras-hátíðina, þar sem einn þorpsbúi klæðir sig upp sem furðufuglinn Cascamoras og ferðast ásamt hópi fylgismanna sinna til næsta þorps, þar sem hann reynir í þykjustunni að stela stytta af Maríu mey. Síðan snúa þeir aftur til Guadix þar sem heimamenn „refsa þeim“.



FLÓÐ Í PAKISTAN Maður þessi bar sauð sinn á öxlum sér þar sem hann óð í gegnum flóðvatnið í útjaðri borgarinnar Multan í Punjab-héraði. Flóðin hafa kostað nokkur hundruð manns lífið og tugir þúsunda hafa þurft að flylja heimili sín. NORDICPHOTOS/AFP



ÁSTAND HEIMSINS



ELDSVOÐI Í PÝSKALANDI Þetta er ekki eldgosíð í Holuhrauni heldur varð sprenging í efnaverksmiðju í Ritterhude, skammt frá Bremen í Pýskalandi. Einn hlaut alvarleg brunasár og hús í nágrenninu skemmdust. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




ÚTFÖR UNDIRBÚIN Í PAKISTAN Íbúar í Lahore búa sig þarna undir fjöldaútför, en að minnsta kosti tuttugu og fjórir fórust þegar þak á mosku hrundi á þriðjudaginn.



LEÐURVERKSMÍÐJA Í AFGANISTAN Í útjaðri borgarinnar Mazar-i-sharif, í norðurhluta Afganistans, er leðurverksmiðja þar sem þessir tveir verkamenn tóku sér hvíld stundarkorn. Leðurvörur eru ein helsta útflutningsvara Afgana.

• HAUSTTILBOÐ •

20-30% AFSLÁTTUR



FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM
Framleiðum dýnur og rúm fyrir hótél og gistiheimili
 RúmGott · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
 Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is





STÓRTÍÐINDI NÝR DACIA LOGAN MCV **DÍSIL**

Hugsanlega sennilega

STÆRSTI, ÓDÝRASTI OG SPARNEYTNASTI FJÖLSKYLDUBÍLL Á ÍSLANDI



Verð kr.

2.890

pús.

573 lítra farangursými (rúmar 4 golfsett langsum)
Eyðsla í blönduðum akstri 3,8 L/100 km*

Hlaðinn staðalbúnaði m.a. - Íslenskt leiðsögukerfi - 7" LED skjár - Bakkskynjarar - Hraðastillir (Cruise control) - Handfrjáls símabúnaður Bluetooth USB tengi fyrir MP3 spilara/Ipod - Útvarp, CD, 4 hátalarar og MP3 tenging - Aðgerðahnappar í stýri - Sex aðgerða akstursthöndla - Útíttamælir Ræsiörn - Loftkæling AC - Leðurstýri - Litaðar rúður - Svart „Compass“ tauáklæði - 1/3 og 2/3 niðurfellanleg aftursæti - Hæðarstilling á öikumannssæti ESC Stöðugleikastýring - Pokuljós að framan



*Miðað við uppgæfna eldsneytisnotkun framleiðanda í blönduðum akstri.



BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



ÓFRÍSK Ógleði er algeng ástæða sjúkrá-hússlegu.

Mikil morgun-ógleði hættu-laus fyrir fóstur

Ekki er aukin hættu á að konur með mikla morgunógleði fæði börn fyrir tímann eða að börn þeirra fæðist léttari en börn annarra mæðra. Þetta eru niður-stöður tveggja stórra rannsókna norsku lýðheilsustofnunarinnar. Norskir fjölmiðlar greina frá því að mikil morgunógleði sé algengasta ástæða sjúkrá-hússlegu barnshafandi kvenna á fyrsta hluta meðgöngunnar. Konurnar geta orðið mjög veikar.

- ibs



Á SKÓLALÓÐ Virkur ferðamáti eykur hreyfingu í daglegu lífi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Börn ferðist á virkan máta

Verkefnið Göngum í skólann hefur nú verið sett í áttunda sinn hér á landi. Markmið þess er að hvetja börn til að tileinka sér virkan ferðamáta í og úr skóla og auka færni þeirra til að ferðast á öruggan hátt í umferðinni.

Á vefsíðunni heimiliogskoli.is segir að ein einfaldasta leiðin til að auka hreyfingu í daglegu lífi sé að velja virkan ferðamáta, svo sem göngu, hjólréið og hlaup. Auk þess er bent á línuskauta og hjólabretti. Verkefninu lýkur formlega 8. október.

Könnun bandarískra vísindamanna:

Facebook-notendur eru óhamingjusamari

Til að draga úr líkunum á skilnaði ættu pör að minnka tímann sem þau verja í samfélagsmiðla, eins og til dæmis Facebook. Á þetta benda bandarískir vísindamenn við Háskólann í Boston sem fundu tengsl milli fjölda Facebook-notenda og skilnaðartíðni í 43 ríkjum Bandaríkjanna.

Vísindamennirnir spurðu jafnframt 1.160 einstaklinga í hjónabandi um hversu hamingjusamir þeir væru. Þeir sem ekki voru notendur samfélagsmiðla reyndust vera 11,4 prósentum hamingjusamari en hinir. Könnunin leiddi einnig í ljós að þeir sem voru mikið á samfélagsmiðlum eins og til dæmis Facebook voru tvöfalt líklegri til að íhuga að yfirgefa maka sinn en þeir sem ekki notuðu slíka miðla.



FACEBOOK Stórnotendur Facebook eru tvöfalt líklegri til að íhuga skilnað.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



KYNNINGARTILBOÐ!

Fullt verð ~~44.590 kr.~~

TILBOÐ 17.900 kr.

Umgjörð og gler í þínum styrkleika +/- 4

prooptik
gleraugu

Kringlunni
Skeifunni
Spönginni

Sími 5 700 900

Börnin í aðalhlutverki á námskeiði Ljóssins

Endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðin Ljósíð heldur námskeið fyrir börn sem eru aðstandendur krabbameinsveikra. Hitta aðra sem skilja hvað þau eru að ganga í gegnum. Erna Magnúsdóttir forstöðumaður segir börnin styrkjast á námskeiðinu.

„Börn hafa þörf fyrir að tala og hitta aðra sem skilja hvað þau eru að ganga í gegnum. Hér finnst engum tiltökumál þótt barn teikni mynd af mömmu sinni sköllótttri,“ segir Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvarinnar Ljóssins. Þar hefst í dag í samstarfi við Foreldrahúsið námskeið fyrir sex til tólf ára börn sem eiga það sameiginlegt að vera aðstandendur krabbameinsveikra.

Börnin fá tækifæri til að upplifa, tjá sig í gegnum leik og verkefni í styðjandi umhverfi. Slík námskeið hafa verið haldin frá árinu 2006 og hafa reynt börnunum afskaplega vel, að því er Erna greinir frá. „Mörg þeirra eru kvíðin og líður illa í skólanum þegar þau koma hingað en þau koma sterkari út að loknu námskeiði hér. Það er reynt að styrkja þau og sjálfmynd þeirra. Það er hugsað um þau og þeirra tilfinningar. Það er ekki alltaf verið að tala um krabbamein en það er komið inn á það á góðan hátt með reyndum starfsmönnum.“

Erna tekur það fram að það sé erfið lífsreynsla fyrir öll börn og ungmenni þegar aðstandandi veikist af krabbameini. „Þegar einn veikist verður öll fjölskyldan veik. Hlutverkin á heimilinu breytast og tíminn með foreldrunum verður öðruvísi. Sum börn koma hingað oftast en einu sinni á námskeið og þau koma jafnvel aftur þótt þau hafi misst foreldri. Þeim finnst gott að eiga athvarf hér.“

Að sögn Ernu hafa foreldrar greint frá því að börnin segi ekki frá því sem gerist á námskeiðinu. „Þau halda þessu fyrir sig. Þetta er þeirra upplifun. Hér eru þau í aðalhlutverki og þau eru ekki að blaðra um það heima.“

Þann 2. október hefst námskeið hjá Ljósinu fyrir unglunga í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla og ungmenni



Á NÁMSKEIÐI LJÓSSINS „Dorrit Moussaieff forsetafrú hefur yfirleitt verið í för með Sollu í Gló þegar hún heimsækir börnin og kennir þeim að búa til eitthvað hollt og gott. Það hefur krökkunum fundist magnað,“ segir Erna Magnúsdóttir.

ENDURHÆFING OG STUÐNINGUR Í LJÓSINU

Ljósíð er endurhæfingar- og stuðningsmiðstöð fyrir fólk sem hefur fengið krabbamein og aðstandendur þeirra. Boðið er upp á fjölbreytta dagskrá, eins og heilsutengd námskeið, námskeið fyrir nýgreindar konur, fræðslufundi fyrir karlmenn, jógaþópa, gönguhópa, líkamsrækt, handverkshópa, nudd og fleira.

Starfsemin er alla virka daga frá klukkan 8.30 til 16 á Langholtsvegi 43.

á framhaldsskólaaldri. „Þessi hópur hefur verið út undan og nú hefur verið sérhannað námskeið fyrir unglunga. Það hafa ekki verið nein úrræði í þjóðfélaginu fyrir þennan aldur. Við höfum verið með slík námskeið áður en þau hafa ekki gengið nógu vel. Í þetta skipti höfum við ráðið karlmenn til þess að vera með konum við stjórn námskeiðanna þar sem við þurfum að ná til unglingsstráka líka. Það verður verkefnavinna á þessum námskeiðum og líka skemmtilegheit,“ segir Erna.

Námskeiðin eru börnunum og unglungunum að kostnaðarlausu.

ibs@frettabladid.is



Þessi hópur hefur verið útundan og nú hefur verið sérhannað námskeið fyrir unglunga. Það hafa ekki verið nein úrræði í þjóðfélaginu fyrir þennan aldur.

Erna Magnúsdóttir, forstöðumaður endurhæfingar- og stuðningsmiðstöðvarinnar Ljóssins

Stjórnvöld í Svíþjóð segja að ró og næði verði að komast á í skólunum:

Kennarar fá að taka farsíma af nemum fyrir kennslustund

Stjórnvöld í Svíþjóð vilja að skólalögum verði breytt þannig að heimilt verði að taka farsíma af nemendum áður en kennslustundir hefjast. Markmiðið er að skapa meira næði til lærdóms. Jan Björklund, menntamálaráðherra Svíþjóðar, sagði í viðtali við sænska sjónvarpið að alltof margir nemendur gætu ekki einbeitt sér í kennslustundum þar sem þeir væru í leikjum í farsímanum eða uppteknir á samfélagsmiðlum. Tillagan er byggð á niðurstöðum

rannsóknar sem gerð var í kjölfar síðustu PISA-könnunar sem sýndi að ónæði í kennslustundum er algengara í sænskum skólum en almennt í skólum innan OECD.

Samkvæmt nýgildandi reglum í Svíþjóð hafa kennarar rétt til þess að taka farsíma af nemendum ef símanotkunin er truflandi. Kennarar hafa hins vegar ekki rétt til að taka símana af nemendum í forvarnarskygni áður en



kennslustund hefst. Talsmaður vinstri-manna í Svíþjóð, Rossana Dinamarca, segir tillöguna í andstöðu við tækniþróun auk þess sem kennurum verði fengið nokkurs konar lögregluhlutverk. Á Íslandi gilda mismunandi reglur um notkun farsíma í skólum.

- ibs

Sérfræðingar spá í framtíðina

Haustráðstefna Advania í Hörpu 12. september 2014

Íris Dröfn Árnadóttir
Meistararnemi
í heilbrigðisverkfræði

UPPSELT!

Jesper Ritzmer Stormholt
Google

Ávinningur af tækni framtíðarinnar

Hvert förum við með tæknina? Hvert fer tæknin með okkur? Tuttugasta Haustráðstefna Advania er helguð framtíðinni. Þar fara fyrirlesarar á heimsælikvarða yfir hvert upplýsingatæknin stefnir og hvaða áhrif sú stefna hefur á líf okkar og störf.

Þú smíðar þína dagskrá

27 fyrirlestrar eru í boði og glæsilegt lokahóf. Kynntu þér dagskrána á advania.is og finndu þá fyrirlesara sem þig langar mest að hlusta á. Þrjár meginlínur eru í boði:

- Stjórnun og reynsla
- Nýsköpun
- Öryggi og tækni

Ætlar þú að missa af þessu? Hélt ekki.

Dagskrá og skráning í fullum gangi á advania.is/haustradstefna



advania

Welcome to IT



SIEMENS Fyrirtækið BSH hefur sent frá sér tilkynningu.

Öryggistilkynning frá BSH: Möguleg eldhætta

Fyrirtækið BSH, Bosch und Siemens Hausgeräte GmbH, hefur sent frá sér öryggistilkynningu vegna Siemens-þurrkara og mögulegrar eldhættu af völdum hans. Í fréttatilkynningu kemur fram að takmarkaður fjöldi tækja, sem var framleiddur frá janúar til maí 2002, gæti ofhitnað vegna gallaðs rafmagnsflutar í stjórnborði.

„Það getur í algjörum undantekningartilvikum leitt til hugsanlegrar eldhættu,“ segir í tilkynningunni. Þar segir einnig að viðgerð tæknimanns þjónustuaðila á þessum gallaða íhluta heima hjá eigendum þurrkarans sé án endurgjalds. „Þar til gert hefur verið við tæki, sem þetta á við um, á í varúðarskyni eingöngu að nota það undir eftirliti, þ.e. ef einhver er heima, og ekki á næturnar.“

BSH, sem er með starfsemi í 47 löndum og um 50 þúsund starfsmenn, biður alla neytendur afsökunar á hvers kyns óþægindum sem þetta veldur.

Afþreying vísitölufjölskyldunnar kostar skildinginn

Veturinn er að ganga í garð og eykst þá þörfin fyrir almenning að lyfta sér upp í skammdeginu. Það getur aftur á móti kostað skildinginn fyrir hina hefðbundnu fjögurra manna vísitölufjölskyldu að njóta afþreyingar á höfuðborgarsvæðinu.

Ýmiss konar afþreying er í boði á höfuðborgarsvæðinu fyrir barnafjölskyldur. Á meðal þess sem hægt er að gera er að skella sér í leikhús, keilu eða bíó. Dýrast er að fara á nýju barnaleikritin Línu Langsokk og Latabæ á meðan ódýrast er að fara í bíó.

Taka skal fram að ekki fylgir með í tölunum kostnaðurinn við mat, drykki og sælgæti sem getur fylgt afþreyingunni og því getur hann hækkað umtalsvert þegar um vísitölufjölskyldu, tvo full-oröna og tvö börn, er að ræða.

Lína Langsokkur

Í Borgarleikhúsinu verður á laugardag frumsýndur söngleikurinn Lína Langsokkur. Lína á fastan sess í hugum flestra barna og eiga mörg þeirra vafalítið eftir að biðja foreldra sína um miða á sýninguna.

Einn miði **4.250 krónur**
Fjölskyldan **17.000 krónur**

Latibær

Stærsta barnasýning Djóðleikhússins í vetur, Latibær, verður frumsýnd á sunnudag. Íslenskir krakkar hafa margir hverjir alist upp við að horfa á Latabæ í sjónvarpinu og eiga þeir örugglega eftir að flykkjast á sýninguna



með foreldrum sínum.
Einn miði **3.400-4.200 kr.**
Fjölskyldan **13.600-16.800 kr.**

Trúðleikur

Trúðleikur í Tjarnarbíói var fyrst sýndur í Frystiklefanum á Rífi við mjög góðar undirtektir. Núna verður leikurinn endurtekinn í Tjarnarbíói í Reykjavík.

Einn miði **2.000-2.900 kr.**
Fjölskyldan **8.000-11.600 kr.**

Langafi prakkar

Leikritið Langafi prakkar í Möguleikhúsinu er byggt á sögum Sigrúnar Eldjárns. Verkið hefur verið sýnt um 300 sinnum frá því það var frumsýnt árið 1999.

Einn miði **2.500 kr.**
Fjölskyldan **10.000 kr.**

Keila

Það getur verið gaman að skella sér í keilu en það er langt í frá ókeypis því hver mínúta kostar 90-108 krónur.

Keiluhöllin í Öskjuhlíð

25 mínútur **2.250 kr.**
(kvöld- og helgarverð).
Fjölskyldan **9.000 kr.**

Keiluhöllin Egilshöll

25 mínútur **2.700 kr.**
(kvöld- og helgarverð).
Fjölskyldan **10.800 kr.**



Bíó

Teiknimyndin Flugvélar: Björgunarsveitin er sýnd í Sambíóunum. Börnin kynntust áburðarflugvélinni Dusty í Disney-myndinni Flugvélar sem var frumsýnd í ágúst í fyrra. Núna er komið að framhaldsmyndinni.

Einn miði **700-1.300 kr.**
Fjölskyldan **4.000 kr.** (ef annað barnið er undir 8 ára).





SUBARU

Confidence in Motion

SUBARU XV

FJÓRHJÓLADRIFINN – SJÁLFSKIPTUR



Subaru XV 2.0i, sjálfskiptur

Verð: 5.290.000 kr.

Ný LINEARTRONIC stiglaus sjálfskipting með þrepastillingum í stýri.

6,6 l / 100 km

í blönduðum akstri



SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

Rekstraröryggi og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sitengt fjórhjóladrif með tölvustýrðri stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GERÐU ÖRUGG BÍLKAUP – KAPTU SUBARU!



BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

GE bílar
Reykjanesbæ
www.bilahusid.is
420 0400

Bílasalan Bilás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080



**PARKET
ÚTSALA**

**20%
afsláttur**



**Pekkt
vörumerki
á lægra verði**

**Ný
gólfefnadeild
Skútuvogi**

ÚTSALA



Húsasmiðjunnar

**RÝMINGARSALA
á timbri og grófvöru**

Húsasmiðjan Grafarholti



**25%
AFSLÁTTUR**

**30-50%
AFSLÁTTUR**

**ALLT AÐ
50%
AFSLÁTTUR!**

**BLÖNDUNARTÆKI
20-25%
AFSLÁTTUR!**

BLÖNDUNARTÆKI

7.995 kr
~~9.995~~

Blöndunartæki Damixa
Handlaugartæki með lyftitappa
8000800

damixa™

**HANDLAUGAR
20%
AFSLÁTTUR!**

HANDLAUG

7.995 kr
~~9.995~~

Handlaug Cersanit
Vegghengd.
8077665

**INNIMÁLNING
& LÖKK
20%
AFSLÁTTUR!**

LADY

**ELFA
körtur og rekkar
30%
AFSLÁTTUR!**

**BLACK&DECKER
30%
AFSLÁTTUR!**

RAFHLÖÐUBORVÉL

11.897 kr
~~16.994~~

Rafhlöðuborvél 14.4V.
Black&Decker 2 rafhlöður
og taska.
5246006

**HANDVERKFÆRI
& TÖSKUR
20%
AFSLÁTTUR!**

VERKFÆRATASKA

4.796 kr
~~5.995~~

Verkfæratasta 23"
5024481

HNÍFAPÖR 24 STK.

4.495 kr
~~8.990~~

**BÚSÁHÖLD
30-70%
AFSLÁTTUR!**

Hnífapör Aida
24 stk.
2201164

**FLÍSAR
25%
AFSLÁTTUR!**

VEGGFLÍS

1.680 kr/m²
~~2.240~~

Veggflís hvít
20x20 cm
8600000

**AÐEINS BROT AF ÚRVALINU!
Opið til kl. 19:00 í Skútuvogi**

*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið misjafnt milli verslana



ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Tugir milljarða vegna vaxta: Engar greiðslur af skuldunum

Skuldasöfnun ríkissjóðs hefur verið stöðvuð en engin markmið virðast vera uppi um að hefja niðurgreiðslu skulda, segir í umfjöllun Hagdeildar Landsbankans um fjárlagafrumvarpið. Í stað þess að hefja niðurgreiðslu skulda sé reiknað með að hlutfall skulda ríkissjóðs af landsframleiðslu fari lækkandi. Vaxtakostnaður ríkissjóðs verði því áfram verulegur á næstu árum og aukist til dæmis um sex milljarða á næsta ári

- jh

Framkvæmdir við byggingu fyrsta áfanga kísilverksmiðjunnar að hefjast: Byggir ljósbogaofn fyrir United

United Silicon hefur samið við alþjóðlega fyrirtækið Tenova Pyromet um byggingu og uppsetningu á 32 megavatta ljósbogaofni sem mun framleiða kísilmálm í verksmiðju félagsins í Helgavík.

Ofninn verður sá fyrsti sinnar tegundar á Íslandi. Í fréttatilkynningu United segir að Tenova Pyromet hafi mikla reynslu af framleiðslu háþróaðra kísilofna og sé það eina sem komið hefur að byggingu nýrra ofna í hinum

vestræna heimi á undanförunum árum.

Magnús Gardarsson, framkvæmdastjóri United Silicon, segir í tilkynningunni að búið sé að tryggja raforku fyrir ofninn en að fyrirtækið hafi starfsleyfi fyrir þrjá ofna til viðbótar.

„Miðað við fjóra ofna verður framleiðslugetan 85.000 tonn á ári. Við stefnum að því að ná þessari framleiðslu á tíu árum,“ segir Magnús.

Áætlað er að framleiðsla fyrir-



FYRSTA SKÓFLUSTUNGAN Jarðvegsframkvæmdir eru þegar hafnar á svæðinu.

tækisins hefjist vorið 2016 og að ársframleiðsla verksmiðjunnar nemi 21.300 tonnum á ári í fyrsta áfanga.

- hg

Aukning um 6% innan OECD: Endurnýjanleg orka nemur 22%

Raforkuframleiðsla með endurnýjanlegum orkugjöfum jókst mikið á heimsvísu árið 2013 og nemur nú um 22 prósentum af allri raforkuframleiðslu.

Þetta kemur fram í frétt á vef Samorku, en samtökin styðjast við nýja skýrslu Alþjóðaorkumálastofnunarinnar. Ef einungis er horft til evrópskra aðildarríkja OECD nam aukningin árið 2013 sex prósentum. Endurnýjanleg orka nemur nú 30 prósentum allrar raforkuframleiðslu landanna.

- sáþ



SAMNINGAR HANDSALAÐIR Reynir Grétarsson, framkvæmdastjóri Creditinfo Group, undirritaði samninginn 28. ágúst síðastliðinn.

Á að bæta lánaaðgengi íbúa: Kerfi Creditinfo í Suður-Súdan

Creditinfo Group hf. hefur samið við seðlabanka Suður-Súdans um að fjármálastofnanir landsins noti fjárhagsupplýsingakerfi og aðrar sérlausnir fyrirtækisins við lánveitingar.

Í fréttatilkynningu Creditinfo um samninginn segir að hann hafi komið til að undangengnu alþjóðlegu útboði seðlabankans sem unnið var í samvinnu við Alþjóðabankann. Tilkoma upplýsingalausna Creditinfo er þar sögð auka umfang, aðgengi og öryggi lánshæfisupplýsinga og þannig bæta lánaaðgengi íbúa Suður-Súdans.

- hg



Fólk sækir mikið á netið í leit að afþreyingu eða skemmtiefni eins og finna má á Youtube eða öðrum síðum. Á sama tíma hefur krafan um aukin gæði þess efnis sem sjónvarpið sýnir aukist.

FJÖLMÍÐLARÝNIR Richard Marks hefur unnið rannsóknir fyrir fyrirtæki eins og BBC, Google og Sky. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Á NÝJUM STAÐ Einar Hugi og Jóhann Stefna á aukna sérhæfingu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Krafa um sérþekkingu eykst: Ríkari áhersla á viðskiptarétt

Jóhann H. Hafstein og Einar Hugi Bjarnason hafa stofnað lögmannsstofuna Atlas lögmenn, en þeir voru áður meðeigendur í Íslensku lögfræðistofunni. „Ástæðu breytinganna er ekki hvað síst að rekja til þess að Atlas lögmenn hyggjast leggja ríkari áherslu á þjónustu við fyrirtæki og stofnanir heldur en gert var á fyrri vinnustað. Þannig verður sérstök áhersla lögð á lögfræðilega ráðgjöf og hagsmunagæslu til lögaðila á sviði viðskipta- og fjármunaréttar,“ segir Jóhann Hafstein. Markmiðið sé þannig að mæta síauknum kröfum viðskiptalífsins um sérþekkingu á þessu sviði.

- jh

VOGAR

Kaupa íþróttahúsið

Sveitarfélagið Vogar ætlar að kaupa íþróttahúsið staðarins af Eignarhaldsfélaginu Fasteign og taka til þess allt að 400 milljóna króna lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga. Bæjarráðið segir þetta ekki munu auka skuldbindingar þess frá núverandi stöðu.

Netið óskabarn sjónvarpsins

Spár um dreifingu auglýsingatekna gera ráð fyrir að sjónvarpið eigi eftir að halda velli og auka hlut sinn í einhverjum tilfellum. Breskur ráðgjafi sem staddur er hér á landi segir miðilinn hafa styrkst með tilkomu netsins.

„Þegar internetið varð öflugur auglýsandi var lítið á það sem ógn við sjónvarpið en í löndum eins og Bandaríkjunum og Bretlandi hefur netið gert sjónvarpið stærra og það sama má segja um Ísland,“ segir Richard Marks, sjálfstæður ráðgjafi frá Bretlandi sem hefur sérhæft sig í rannsóknum á þróun fjölmiðla.

Marks er staddur hér á landi til að kynna niðurstöður sem byggja á mælingum á sjónvarpsáhorfi og öðrum gögnum frá 85 löndum. Hann segir þær sýna sterka stöðu sjónvarpsins sem gangi gegn spám um að netið ætti eftir, og eigi eftir, að ganga að miðlinum dauðum.

„Á Íslandi og í mörgum öðrum

löndum er sjónvarp enn ríkjandi þegar kemur að hlutum eins og auglýsingatekjum. Þetta á þó ekki við um öll lönd því í Noregi og Singapúr eru prentmiðlar með ríkjandi stöðu,“ segir Marks.

Hann segir eigendur sjónvarpsstöðva vissulega hafa þurft að aðlaga sig að breyttum heimi en að netið hafi á endanum reynst óskabarn miðilsins.

„Fólk sækir mikið á netið í leit að afþreyingu eða skemmtiefni eins og finna má á Youtube eða öðrum síðum. Á sama tíma hefur krafan um aukin gæði þess efnis sem sjónvarpið sýnir aukist. Þau fyrirtæki sem verða ekki við þeirri kröfu eru hins vegar í hættu á að tapa fyrir netinu. Þeirra efnis

verður að vera betra en það sem videobloggarinn á Youtube er að birta af háaloftinu sínu,“ segir Marks og heldur áfram:

„Ástæðan fyrir því að fyrirtæki eins og Netflix hafa farið út í að framleiða sína eigin þætti er sú að miðillinn er enn að laða til sín stóran áhorfendahóp og ég get nefnt þætti eins og Game of Thrones sem eru sérstaklega vinsælir hjá yngri áhorfendum.“

Marks segir spár um dreifingu auglýsingatekna gera ráð fyrir að sjónvarpið haldi velli og auki hlut sinn í einhverjum tilfellum.

„Sem er ekki það sem fólk hefði spáð fyrir tíu árum síðan. Þá spáðu allir að sjónvarpið myndi enda í einhvers konar útlegð úti í horni

langt frá auglýsendum,“ segir Marks.

Hann segist sjálfur hafa gert ráð fyrir því að tækninýjungar ættu eftir að leiða til þess að áhorfendur hættu að fylgjast með dagskrá sjónvarpsstöðva. Rannsóknir sýni hins vegar að fólk horfi í 90 prósent tilvika á sjónvarpsefni á sama tíma og það er sent út.

„Fólk sækir í þennan félagslega þátt sem fylgir því að horfa á efni í rauntíma og tekur virkan þátt með því að hringja inn eða senda sms á þætti eins og Britain's Got Talent. Þetta sést hvað best á Twitter og Facebook þar sem fólk er að tjá sig um það sem það sér í beinni útsendingu.“

haraldur@frettabladid.is

Styður við áætlanir um uppbyggingu á Keflavíkflugvelli en innanlandskerfið skortir auknar tekjur:

Hagnaður Isavia dregst saman um 38,8%

Afkoma ríkisfyrirtækisins Isavia á fyrri helmingi ársins var jákvæð um 836 milljónir króna samanborið við 1.367 milljóna hagnað á sama tímabili í fyrra.

Rekstrartekjur samstæðunnar, sem samanstendur af Isavia og dótturfélagnum Fríhöfninni og Tern Systems, jukust um 11,3 prósent milli ára og námu 9.929 milljónum.

Í uppgjörstilkynningu fyrirtækisins segir að tekjuaukninguna

megi að stórum hluta rekja til fjölgunar farþega á Keflavíkflugvelli. Góð afkoma á fyrstu sex mánuðum ársins styðji jafnframt við áætlanir Isavia um uppbyggingu á velli. Fjárfestingar á fyrstu sex mánuðum ársins hafi numið 1,7 milljörðum króna en áætlanir geri ráð fyrir að þær geti samtals numið allt að fimm milljörðum á árinu.

Björn Óli Hauksson, forstjóri Isavia, segir í tilkynningunni að

fyrirtækið hafi áhyggjur af innanlandskerfinu.

„Lögum samkvæmt megum við ekki nýta auknar tekjur af alþjóðfluginu til innanlandsflugvallar en á undanförunum sjö árum hafa framlög til innanlandskerfisins á fjárlögum verið skorin niður um 850 milljónir króna að raunvirði. Ef til áframhaldandi niðurskurðar kemur í fjárlögum næsta árs verður eitthvað undan að láta,“ segir Björn.

- hg



FORSTJÓRINN Björn Óli Hauksson segir fjármagn vanta til reksturs innanlandsflugvallar.

Kynnum dömu haust línuna 2014



17.995kr



17.995kr



22.995kr



22.995kr



26.995kr



24.995kr



18.995kr



18.995kr



22.995kr



22.995kr



Skór.is
netverslun



STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

Á að nota skattkerfið til tekjujöfnunar?

Allir skili sínu

Fjárlagafrumvarpið var birt í upphafi vikunnar og verður tekið til fyrstu umræðu í dag. Stærstu tíðindin eru vafalaust hin svokallaða einföldun á skattkerfinu með breytingum á virðisaukaskatti, afnámi vörugjalda og hækkun barnabóta. Einföldun virðisaukaskattkerfisins kemur fram í minnkun bils milli efra og neðra þreps skattsins, ásamt fækkun undanþága. Þar hefur fimm prósentna hækkun á matvæli vakið mesta athygli. Fjármálaráðuneytið segir þessar ráðstafanir hækka ráðstöfunartekjur heimilanna um hálf prósent. Breytingunni á virðisaukaskattkerfinu er ætlað að auka skilvirkni þess og jafnræði milli atvinnugreina. Afnáam vörugjalda er sagt eiga að vega þungt á móti áhrifum af breytingum á virðisaukaskattkerfinu.



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Andstæðingar ríkisstjórnarinnar halda því fram að með þessum aðgerðum, auk undanþinginna skattalækkana, sé verið að nýta það svigrúm sem ríkið hefur til að koma til móts við ríkasta fólkið í landinu og leggja frekari byrðar á þá efnaminni. Hækkun matarskatts muni koma þungt niður á lágtekjufólki og mótvægisáðgerðin – hækkun barnabóta – nái engan veginn að mæta þeirri hækkun. Þar að auki nær hún ekki til þeirra sem eru barnlausir, eldri borgara og öryrkja. Þá má að auki velja því upp hvort niðurfelling vörugjalds sem og lækkun á efra skattþrepi muni raunverulega skila sér í lægra vöruverði.

Á móti hefur ríkisstjórnin bent á rannsóknir Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), þar sem fram kemur að tekjuhá heimili hagnast meira en þau tekjulágu á lægra skattþrepi matvæla. Ekki nóg með það heldur hefur AGS tekið sérstaklega á þessu máli héraðs og bent á að í samanburði við önnur OECD-lönd skili íslenska virðisaukaskattkerfið miklum tekjum með litlum neikvæðum áhrifum á atvinnustig og hagvöxt. Hins vegar draga óvenjulegar undanþágur og lágt neðra þrep úr þessu hlutleysi og tekjuöflunargetu. AGS hefur þannig lagt til að eftir því sem aðstæður leyfa verði þessi sérkenni lögð af og ljóst er að þessar breytingar á skattkerfinu eru að nær öllu leyti í takt við þau tilmæli.

Eflaust hafa báðir aðilar eitthvað til síns máls. Hins vegar verður að benda á að nánast öll umræða um þessar tillögur ríkisstjórnarinnar hefur snúist upp í rifrildi um það hvort fyrirhugaðar breytingar á skattkerfinu fullnægi kröfum um tekjujöfnun í samfélaginu. Í því samhengi má ekki gleyma að því er víða haldið fram, með nokkuð sterkum rökum, að almennt sé skattkerfið afskaplega lélegt tæki til tekjujöfnunar. Flókið skattkerfi dregur úr hagvexti og ljóst er að virðisaukaskattkerfið, með stóru bili milli skattþrepa, gerir lítið annað en að auka líkur á undanskotum í sameiginlega sjóði. Vilji stjórnvöld bæta einhverjum upp bág kjör er ákjósanlegra að gera það í gegnum bótakerfi heldur en skattkerfi, þó hið síðarnefnda sé ekki útilokað. Kerfið verður aldrei þannig að allir verði eins staddir, það er ekki hægt að miða skattheimtum þannig að enginn komi verr út úr henni. Vilji menn koma til móts við þá tekjulágu í gegnum skattkerfið ætti mun frekar að hækka persónuafsláttinn.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það verðmætasköpunin sem stendur undir þessu öllu. Skattkerfi þar sem allir skila sínu eykur hagvöxt og gerir það að verkum að meira verður til skiptanna. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra.

Þegar öllu er á botninn hvolft er það verðmætasköpunin sem stendur undir þessu öllu. Skattkerfi þar sem allir skila sínu eykur hagvöxt og gerir það að verkum að meira verður til skiptanna. Það hlýtur að vera sameiginlegt markmið okkar allra.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Fíjótfaernin

Morgunblaðið og RÚV vöktu athygli á því í gær að misræmis gætti á milli þess sem segir um breytingu á virðisaukaskatti í fjárlagafrumvarpinu fyrir næsta ár og því sem kom fram í glærukyningu Bjarna Benediktssonar fjármálaráðherra þegar frumvarpið var kynnt á blaðamannafundi í Salnum á þriðjudagsmorgun. Upplýsingarnar í glærukyningunni voru réttar. Fjármálaráðuneytið hefur þurft að vinna frumvarpið með miklum hraða, enda frumvarpið kynnt þremur vikum fyrr en venja er. Það verður svo ráðuneytisins að skýra hvort hrein og bein fíjótfaerni hafi valdið þessu misræmi

Áhyggjulaus prófessor Stefán Ólafsson, prófessor



Hvað með EES?

Stefán hefur reyndar líka lítinn skilning á kröfum sem gerðar eru til þátttöku Íslands



við Háskóla Íslands, hefur litlar áhyggjur af gjaldeyrishöftum ef marka má skrif hans á vefsíðu sína fyrr í vikunni. Þar sagði hann að það væri í góðu lagi þó það tæki einhvern tíma að afnema gjaldeyrishöft, vegna þess að gjaldeyrishöftin hafi tiltölulega litlar afleiðingar fyrir hagvöxt og nýsköpun – ef einhverjar. Stefán hefur látið fara vel um sig í faðmi ríkisins stærstan hluta sinnar starfsævi. Það er ekki að sjá að hann hafi skilning á því að hér, eins og annars staðar, byggist velferð á að atvinnulífið dafni.

Í samstarfinu um Evrópska efnahags-svæðið. Slíkt samstarf byggist meðal annars á frjálsum flæði fjármagns. Þótt fjármagnshöftin hafi hingað til ekki haft nein áhrif á EES-samninginn, er ekki víst að svo verði til lengdar. Í dómi sem EFTA-dómstóllinn kvað upp þar sem látið var reyna á lögmæti gjaldveyrishafna var bent á að við þær alvarlegu aðstæður sem sköpuðust á Íslandi eftir hrun væru uppfyllt skilyrði fyrir því að grípa til verndarráðstafana.

jonhakon@frettabladid.is

HALLDÓR



Höfuðstaður Norðurlands

STJÓRNSÝSLA



Eiríkur Björn Björgvinsson bærarstjóri Akureyrar

Fyrr í sumar sendi Akureyrarbær inn umsögn sem hluta af vinnuferli innanríkisráðuneytisins vegna breytingar á starfsemi lögreglu- og sýslumannsembættanna. Í þeim breytingum sem kynntar voru af hálfu innanríkisráðuneytisins í umræðuskjali þess voru settar fram hugmyndir um að fletja ætti aðalskrifstofur sýslumanns frá Akureyri til Húsavíkur. Í umsögn bæjarins kemur fram að verulega skortir upp á rökstuðning fyrir þessari ákvörðun enda ekki séð að með flutningnum sé unnið að þeim markmiðum sem sett voru í lög af hálfu Alþingis. Þau markmið snúa að því að bæta þjónustu og rekstur sýslumannsembættanna og gera þau í stakk búin til að taka við fleiri stjórn-sýsluverkefnum. Akureyrarbær skýrir í umsögn sinni að þessum markmiðum verði best náð með því að hafa aðalskrifstofur hans áfram á Akureyri og flutningur vinni gegn þeim. Að auki er það skiljanlegt að bærin bregðist við ef fækka á störfum í sveitarfélaginu og einnig kallað sérstaklega af innanríkisráðuneytinu eftir álit þeirra sem breytingarnar snerta. Raunar má hrósa innanríkisráðuneytinu fyrir þetta umræduferli sem hefur átt sér stað eftir samþykkt laganna.

Einhverjir hafa svo kosið að blanda rökstuðningi bæjarins við fyrirhugaða uppbyggingu höfustöðva Fiskistofu á Akur-

→ Þegar horft er til þess hvar opinber stjórnarsýsla á að byggjast upp er ekki lengur aðeins eðlilegt að horfa til höfuðborgarsvæðisins.

eyri þó svo að þessi mál tengist engan veginn. Aðalskrifstofur sýslumanns eiga að þjóna íbúum á Norðurlandi, miðstöð stjórnarsýslu í héraði og eiga því best heima í höfuðstað Norðurlands. Fiskistofa er aftur á móti ríkisstofnun sem sér um stjórnarsýsluverkefni í sjávarútvegsmálum. Eins og við höfum bent á í tilfelli Fiskistofu þá eiga þau verkefni mjög vel heima á Akureyri enda sterk sjávarútvegsfyrirtæki hér í bænum, mikil þekking á greininni til staðar og eini háskólinn á landinu sem kennir og sinnir rannsóknum í sjávarútvegsfræði. Með því að höfuðstöðvar Fiskistofu séu á Akureyri teljum við að stofnunin geti styrkst með það stöðkerfi sem til staðar er.

Þegar horft er til þess hvar opinber stjórnarsýsla á að byggjast upp er ekki lengur aðeins eðlilegt að horfa til höfuðborgarsvæðisins. Akureyri og Eyjafjörður eru stærsti þéttbýliskjarni utan þess og af þeim sökum teljum við að meira eigi að gera í því að byggja upp opinbera þjónustu á því svæði. Við teljum veruleg sóknarfæri felast í því.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinsson ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson sme@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Dagur rauða nefnsins á RÚV föstudagskvöldið 12. september.

unicef

Trúin á hagsmunina

Við lifum í menningu sem nennir ekki að ræða ólíkar skoðanir en horfir fremur á hagsmuni. Við tökum meiningar manna eða lífsskoðanir ekki of hátiðlega því þegar upp er staðið virðast allir bara vera að hugsa um sína hagsmuni.

RÚV



Bjarni Karlsson
prestur með meist-
aragráðu í siðfræði

valdið með sína landstjóra og standandi heri hafi verið högvært í samanburði. Rökræðu er hafnað, hvers konar lífs-sýn tortryggð og þeim fækkar sem bera ábyrgð gagnvart almenningi á sama tíma og ofurlaun vaxa og margvíslegur annar ójöfnuður gagnvart mönnum og náttúru vegna þess að það er ekkert réttlæti, bara hagsmunir. Við þetta bætist sú tæra snilld að kostnaður yfirráðakerfisins

er í lágmarki því allur almenn-ingur er samtaka í trúnni á að ekkert réttlæti sé til í heiminum og hin fátæku telja sig sjálf bera ábyrgð á stöðu sinni. Þannig rit-skoðar almenningur sjálfan sig og hin stóru trúarbrögð vest-ræns nútíma eru trúin á hagsmunina.

Fylgjendur Jesú frá Nasaret geta ekki skilgreint sig sem hagsmunahóp. Að því leyti sem kristin kirkja fer að eðli sínu og fylgir stofnanda sínum stendur hún utan hagsmuna og heldur engu á lofti öðru en almannahag.

Við trúum á Guð sem elskar af ástríðu og hefur fyrirætl-anir, meiningar. Við treystum Jesú Kristi og sjáum í honum hið sanna réttlæti. Við trúum á heilagan anda sem býr í fólki og laðar fram Guðs góða vilja. Þess vegna höfum við enga kenningu aðra en persónu frelsarans, ekk-ert trúarkerfi nema bænamálið og íhugun ritningarinnar, enga kröfu umfram þá að mennskan sé ekki kæfð með hroka.

Par er komin ástæða þess að við vonum að guðsorð og bænir fái að óma í útvarpinu. Hvernig

→ Par er komin ástæða þess að við vonum að guðsorð og bænir fái að óma í útvarpinu.

væri ef Ævar Kjartansson leyfði okkur að heyra bænámál ólíkra kirkjudeilda og trúarbragða á kvöldin? Okkar hefðbundna og þjóðlega kristni ætti sinn stað á morgnana en ákall manns-andans í fjölbreytileika sínum á kvöldin? Væri það ekki sann-gjarnt og þokkafullt?

Deilurnar um morgun- og kvöldorð á RÚV hafa fengið þennan farveg líkt og annað. Stór notendahópur gengur fram og vill halda þessu óbreyttu og flestir líta svo á að hér séu hagsmunir trúaðra sem haldi sínum kröfum á lofti. Gegn þessu kemur sú staðhæfing að hér sé fátt á ferð annað en argur minnihlutahópur eldri borgara og þeirra sem vilji boða tiltekna trú.

Taka skal fram að frá því dag-skrárstjórnendur Rásar 1 til-kyntu að fella skyldi niður allan guðsorðalestur og bæna-hald kvölds og morgna hefur orðið viðsnúningur. Samanlagð-ur tími kvöld- og morgunorða hefur ekki verið styttr heldur hafa morgunorðin með biblíu-lestri, íhugun og bæn orðið ítar-legri en áður, bætt hefur verið við þætti þar sem fjalla skal um trúmál á víðum grunni hvert sunnudagskvöld á besta tíma auk þess sem góðir útvarps-menn hafa tekið höndum saman í þættinum Rökkurtónum á gamla kvöldorðatímanum þar sem við fáum að heyra áhuga-verða tilraun guðfræðingsins og útvarpsmannsins Ævars Kjart-anssonar til að hugleidda á for-sendum almennrar skynsemi. Leikin eru ljúf lög og segja má að þarna sé mál hugar og hjarta á dagskrá þótt ég og aðrir sem iðka bæn sakni þess að heyra ekki bænámál. Ekki verður þó sagt að dagskrárstjórar hafi ekki hlýtt á fólk og endurskoðað fyrri ákvarðanir.

Að mínum dómi getur það ekki verið krafa okkar sem trúum á Jesú að kristindómur sé tjáður í ríkisútvarpinu. Við þráum að svo sé og óskum þess heitt en við krefjumst þess ekki. Eina krafan sem kristnin í land-inu getur haldið á lofti er krafan um almannahag. Jesús stóð með almenningi gegn allri þöggun og smættun á fólki. – Veistu ekki að ég hef vald? Spurði Pílatus Krist. – Þú hefur ekkert vald nema þér væri gefið það að ofan, ansaði hann. Þannig benti hann á hvernig þvingunarvaldið er spunníð að ofan úr kerfi yfir-ráða. Svar hans er ævarandi áminning til allra sem fara með völd: Mundu að þú ert maður eins og ég.

Bænámál ólíkra kirkjudeilda

Tíðarandinn horfir á hagsmuni en gefur lítið fyrir skoðanir. Pólitík er látin fjalla um hag ólíkra hópa og þegar talað er um réttlæti er einkum átt við jafn-ræðisregluna því við trúum ekki að til sé neitt réttlæti í sjálfu sér. Ég hygg að hugmyndin um hagsmuni á kostnað lífsskoðana sé snjallasta útfærslan á yfir-ráðum sem fram hefur komið og að Pílatus og rómverska

Verkfræðingarnir lögðu sig alla fram.

Og árangurinn er eftir því.



Bosch hefur sett á markað glæsilegar uppþvottavélar, þvottavél og þurrkara sem öll eru MeisterStück-tæki. MeisterStück er tákni um frábæra tækni, engan óþarfa, heldur nákvæmlega það sem til þarf og á hagkvæmu verði. Allt til að gera þig ánægð(a)n. Ef svo ólíklega vill til að þú verðir ekki ánægð(ur) með MeisterStück-tæki geturðu einfaldlega skilað því innan 100 daga.

BOSCH

- BÚÐIN -

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

**FYRIR
AÐSTOÐ
INNANLANDS**
gjofsemgefur.is
907 2002

Hjálparstarf
kirkjunnar

Allt Airfree - 20% afsláttur - frá 19.800 kr.



20%

Airfree lofthreinsitæki 50 m² AIR-P125

Verð áður 49.750 kr. **39.800 kr.**

Allir A&D mælur - 25% afsláttur



25%

Blóðþrýstingsmælir - Áreiðanleikaprófaður AND-UA651

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**



25%

Baðvog gler svört HOM-9069BKR

Verð áður 4.950 kr. **3.713 kr.**



25%

Stækkunarspegill með LED ljósi HOM-ELMM8150

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**

Öll rakatæki - 25% afsláttur



25%

Rakatæki Mini AOS-U7146

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**



20%

Compression hlaupasokkar BAU-291801730035

Verð áður 7.950 kr. **6.360 kr.**



25%

Nálastungudýna SHA-TESH01

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**



25%

Hálsnudd Shiatsu HOM-NMS250

Verð áður 13.950 kr. **10.463 kr.**

➤ Verslaðu á vefnum ➤ Frí sending að 20 kg ➤ 1 árs skilaréttur



Eirberg

Útsala 20%-60%

Opið virka daga kl. 9 - 18 • og á laugardögum kl. 11 - 15 • Eirberg ehf. Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is



Öll HoMedics nuddtæki - 25% afsláttur



25%

Nuddpúði með gelhausum HOM-SP1000

Verð áður 19.750 kr. **14.813 kr.**



20%

Vatnsfylltur heilsukoddi H2O MFL-1210

Verð áður 9.750 kr. **7.800 kr.**



25%

Nuddsæti Gel herðar og bak HOM-SGM606H

Verð áður 49.750 kr. **37.313 kr.**



25%

Nuddsæti Shiatsu bak með geli HOM-SGM425H

Verð áður 35.950 kr. **26.963 kr.**



25%

Cellulite nuddtæki HOM-ELMCELL100

Verð áður 9.750 kr. **7.313 kr.**



25%

Infrarautt djúphitateppi ADD-KB2436

Verð áður 19.750 kr. **14.813 kr.**

Úrval af gigtarhönskum á tilboði.



20%

IMAK gigtarhanskar IMA-A2017

Verð áður 4.950 kr. **3.960 kr.**



20%

Hitapúði Active Pro SOE-68010

Verð áður 7.950 kr. **6.360 kr.**

Yfir 400 vörunúmer á útsölnni - Vörur sem efla heilsu og auka lífsgæði

Úttekt á viðunandi framfærslu

EAPN (European Anti Poverty Network) eru evrópsk samtök sem mynduð eru af frjálsum félagsamtökum sem hafa það í markmiðum sínum að vinna að mál-efnum fátækra. EAPN lítur svo á að fátækt og félagsleg einangrun séu brot á grundvallarmannréttindum. Orsakavaldar fátæktar eru flókið samspil margra ólíkra þátta og því þarf að ráðast gegn þeim á breiðum grunni. Þær aðgerðir sem stjórnvöld hérlendis, sem og annars staðar í Evrópu, hafa gripið til í þeim tilgangi að draga úr fátækt hafa ekki dugað og eru þeir sem bjuggu við kröppust kjör fyrir efnahagshrunið jafnvel enn verr settir nú en áður.

EAPN á Íslandi – samtök gegn fátækt voru stofnuð í nóvember árið 2011. Það er mikilvægt að starfið einskorðist ekki við höfudborgarsvæðið og því er búið að stofna deild innan samtakanna á Akureyri og einnig er starfandi hópur á Suðurnesjum. Jafnframt hefur verið unnið að því að fjölga aðildarfélögum.

Hafin er vinna við heimasíðu EAPN á Íslandi og einnig er unnið að því að útbúa kynningar-efni fyrir samtökin.

Árleg PeP-samkoma (People experiencing Poverty) var haldin í fyrirasumar í Brussel en þar kemur saman fólk víðs vegar að úr Evrópu sem býr við fátækt og félagslega einangrun. Það var virkur hópur þriggja kvenna frá Suðurnesjum sem fór utan ásamt fulltrúa stjórnar EAPN á

SAMFÉLAG



Þorbera Fjölfnisdóttir fulltrúi ÖBÍ í EAPN á Íslandi

Íslandi. Samkoman var mikil upplifun fyrir konurnar sem komu úr erfíðum aðstæðum. Þátttaka í PeP-samkomum hefur verið mjög valdeflandi fyrir þá einstaklinga sem þær hafa sótt og í mörgum tilfellum verið vendipunktur þar sem fólk öðlast nýja sýn og finnur hjá sér kjark til að takast á við aðstæður sínar.

Gagnkvæmur stuðningur

EU Inclusion Strategies Group er vinnuhópur innan EAPN. Meginmarkmið hópsins er að fylgjast með stefnu og aðgerðum stjórnvalda til að draga úr fátækt. Á það bæði við um Evrópusambandið og stjórnvöld í hverju landi fyrir sig. Mjög mikilvægt er að upplýsingarnar séu nýttar til að þrýsta á stjórnvöld að bregðast við þar sem þörf er á. Hópurinn er vettvangur fyrir gagnkvæman stuðning milli meðlima EAPN víðs vegar í Evrópu í baráttu þeirra gegn fátækt.

Árlega svarar hvert land ítarlegum spurningalista um aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar með áherslu á hvað hún hyggst gera til að draga úr fátækt. Þessi vinna hefur reynst mjög gagnleg við að sjá hvað hefur verið gert og hvað ekki til að draga úr fátækt hér á landi.

Í nóvember sl. héldu Evrópusamtökin aðalstjórnarfund í Reykjavík. EAPN á Íslandi sá um undirbúning fundarinnar. Þurftum við einnig að leggja til fjármuni vegna fundarinnar og tókst það m.a. með styrkjum frá aðildarfélögum samtakanna. Allt

→ Þær aðgerðir sem stjórnvöld hérlendis, sem og annars staðar í Evrópu, hafa gripið til í þeim tilgangi að draga úr fátækt hafa ekki dugað og eru þeir sem bjuggu við kröppust kjör fyrir efnahagshrunið jafnvel enn verr settir nú en áður.

skipulag og aðstaða var til mikillar fyrirmyndar.

Á síðasta ári hófst vinna við svokallað EMIN-verkefni innan EAPN sem hefur það markmið að finna út hvað þarf í hverju landi fyrir sig til að fólk geti lifað mannsæmandi lífi, þ.e. hvað er viðunandi framfærsla. Í EMIN-verkefninu erum við hluti af norrænum hópi sem er undir leiðsögn Dana en hópurinn leitast m.a. við að svara þeirri spurningu hvort til sé norrænt velferðarkerfi.

Unnin hefur verið skýrsla á vegum EAPN á Íslandi um stöðuna hér á landi. Tekin voru viðtöl við ýmsa aðila, s.s. fólk sem býr við fátækt, fræðimenn og fulltrúa verkafélaga. Þann 19. september nk. verður haldin ráðstefna á vegum samtakanna þar sem EMIN-verkefnið og úttekt á viðunandi framfærslu á Íslandi verður kynnt. Niðurstaða skýrslunnar mun án efa verða sterkt vopn í baráttunni fyrir bættum lífskjörum þeirra sem búa við kröppust kjör hér á landi.

Ráðstefnan er öllum opin og er þátttaka ókeypis. Skráning er til 16. september á heimasíðu Öryrkjabandalags Íslands.

Af göllum og hættum í tónlistarhúsinu Hörpu

Gallar (í smíði og hönnun) og hættur eru í Hörpu sem óvinsælt er að fjalla um opinberlega. Má t.d. nefna eftirfarandi:

1) Aðalstigi Hörpu er í einu hlauti og skáskorinn þannig að m.a. eldra fólk og fólk með skerta göngugetu á erfitt með að fóta sig og er ugðandi í stiganum. Skáinn á honum beinir fólk út að handriðinu. Dæmi er um að kalli að hafi verið eftir aðstoð í stiganum.

Við arkitektar, sem höfum fylgst með Hörpu-„smíði“ frá 2010, fullyrðum að millipallur eigi að vera þar til öryggis skv. hönnunarreglum um stiga í leik- og tónlistarhúsum og sjá þá „Neufert/Bauentwurfslere“ hönnunar- og regluhandbók allra arkitekta (alþjóðleg). Þar segir að 18 þrep sé hámarksfjöldi og svo komi pallur. Þeim mun meiri ástæða er fyrir palli að stigin á líka að nýtast sem neyðarstigi í vá (í eldi, jarðskjálfta eða annarri vá). Hrási einhver þarna við neyðarrýmingu gæti það valdið lífshættulegri skriðu fallandi fólks og því er pallur nauðsynlegur. Lesa má um slíka stiga í byggingarreglum nýrrar Mannvirkjastofnunar. Minnt skal á að tvisvar kom upp (skyndilega) eldur í Eldborgarsal á smíðatím- anum.

BYGGINGAR



Örnólfur Hall arkitekt

→ Hrási einhver þarna við neyðarrýmingu gæti það valdið lífshættulegri skriðu fallandi fólks og því er pallur nauðsynlegur. Lesa má um slíka stiga í byggingarreglum nýrrar Mannvirkjastofnunar.

2) Handriðin uppi á svölum í Eldborgarsal eru hættulega lág. Mælast 71 cm og aðeins eru um 30 cm frá brún mjörra sætanna að handriði sem er hættulega lítið. Stór gestur sem fengi t.d. aðsvif eða misstigi sig getur hæglega fallið yfir handriðið. Samkvæmt byggingarreglum ættu handriðin að vera mun hærrí. Spurt var hverjir samþykktu stigann og handriðin með tilliti til öryggis gesta og tóku út? Ekki hafa fengist svör frá Byggingafulltúaembættinu þar um.

3) Af hættulegri stétt við malbikstorgið: Hellusteinararnir í stéttinni eru ekki fasaðir. Miðað við þá tegund má hæðarmismunur vera að hámarki 2 mm eftir niðurlögn. En hann hefur mælst þarna að 5 mm. Gestir hafa dottið kylliflatir og vitað er um slys.

Hve margar lögregluskýrslur skyldu vera komnar vegna óhappa þarna?

365
4
3
Krakka stöðin
b
G
BRAVO
Vild

Skemmtipakkinn

Viltu meiri átök?
Blóð, svita, tár, þústra,
dramatík og sigra?
Nánar um það á næstu síðu.

flettu →

Fyrir þá sem vilja hafa

gaman!

Skemmtipakkinn er sérsníðinn fyrir þá sem vilja góðan skammt af vandaðri íslenskrí dagskrá, erlenda grín- og spennuþætti, hábeitt fréttaefni, hægæða kvikmyndir og talsett barnaefni. Sem sagt, eitthvað fyrir alla!

6 stöðvar



880
ÍSLENSKIR ÞÆTTIR
FRUMSÝNDIR



Gullstöðin



Krakka
stöðin
ALLT EFNÍ
TALSETT



Stöð 3



Bíóstöðin



Bravó



Internet og heimasími 0 kr.

8.490 kr.

0 KR.

Internet og heimasími fylgir Skemmtipakkanum

Þú sparar 3.490 kr.

fylgir →

Áskrifendur 365 fá allt að 50% afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana.

Vild

Fáðu þér áskrift!

365.IS



TILBOÐSDAGAR Í TENGI

20-25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM*

1.-13. SEPTEMBER

20% AFSL. AF BLÖNDUNARTÆKJUM

LOKADAGAR

ifö

GÆÐI, ÞJÓNUSTA OG ÁBYRGÐ - ÞAÐ ER TENGI

25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BAÐINNRETTINGUM



IFÖ SIGN
Baðinnrétting hvít og í eik
kynningarverð kr. **28.900,-**



ONDA
Handsturtuhaus
Verð áður: 2490.-
Tilboð kr. **1500,-**



SPRING
Sturtuhaus 20 cm
Verð áður: 9450.-
Tilboð kr. **6900,-**



INTRA UNIVERSO
Eldhúsvaskur eitt og hálf hölf
Verð áður: 24.500.-
Tilboð kr. **17.900,-**



MORA CERA
Eldhúsböndunartæki
Verð áður: 27.500.-
Tilboð kr. **22.000,-**



KALDEWEI 312
Baðkar m/fylgihlutum 170x70 cm
Verð áður: 52.812.-
Tilboð kr. **39.600,-**

*Nema heitum pottum og sérverðmerktum vörum

Opð virka daga frá 8-18 laugardaga frá 10-15 • www.tengi.is • tengi@tengi.is
Smiðjuvegi 76 • Kópavogi • Sími 414 1000 • Baldursnesi 6 • Akureyri • Sími 414 1050

Umferðarkrísan í miðborginni

Ófremdarástand ríkir í miðborg Reykjavíkur. Ferðamenn streyma til landsins og gista á hótélum og gistiheimilum í miðborginni. Þeir vilja sjá Ísland og kaupa sér dagsferðir til að sjá alla þessa stórmerkilegu staði sem Íslendingar eiga og kynna þannig náttúrunni órlítið. Ökuleiðsögumenn og bílstjórar keyra um miðborgina til að taka þessa ferðamenn upp á morgnana eða skila þeim á hótél að ferð lokinni. En íbúar miðborgarinnar eru bullandi óánægðir því bílstjórnarnir verða stundum að hleypta út fólki eða taka upp á miðri götu. Þetta er vandamálið í hnotskurn.

Nýlega birtist grein á Vísi (<http://www.visir.is/rutur-stifla-gotur-i-midborginni/article/2014140909549> og síðar <http://www.visir.is/rutur-i-midborginni--oll-spjot-beinast-ad-borgaryfirvoldum/article/2014140909159>) þar sem fjallað var um óánægju borgarbúa með umferðina um miðborgina á kvöldin og um nætur þegar verið er að koma heim með fólk. Harkalega var deilt á ökumenn ferðabjónustubíla og það ónæði sem af fólksflutningunum hlýst. Um það er þetta að segja: Bílarnir hafa yfirleitt góðan öryggisbúnað. Sumir eru þannig búnir að þeir pípa þegar bakkað er. Yfirleitt er lítið ónæði af þessum tækjum og auðvitað má koma þeim tilmælum til eigendanna að aftengja bókkunarpípið. Það myndi þá væntanlega koma niður á öryggismálanum en það verður ekki bæði sleppt og haldið.

Hótél í hnapp

Í sömu grein segist samgönguudeild

UMFERÐ



Guðrún Helga Sigurðardóttir blaðamaður og ökuleiðsögumaður

borgarinnar hafa komið fyrir nokkrum rútustæðum í miðborginni. En betur má ef duga skal. Nánast hvergi er gert ráð fyrir að jeppar og stærri eða minni rútur geti stoppað og alveg klárlega ekki á strætóbíðstöðvum eins og staðan er í dag. Samt hafa borgaryfirvöld óhikað veitt hótélum og gistihúsum starfsleyfi tvíst og bast um miðborgina, stundum jafnvel mörgum

hótélum á sömu torfunni án þess að gera ráð fyrir að ferðabjónustan geti stoppað nokkurs staðar nærri.

Dæmi um þetta er Hlemmur. Þar eru að minnsta kosti þrjú hótél í hnapp, Hlemmur Square, Guesthouse 101 og 4th floor hotel auk þess sem nokkur hótél eru órlítið ofan og neðan við Hlemm. Hvergi er hægt að stoppa á þessu svæði og samt eru þar stundum tveir til þrjú minni bílar að sækja fólk af sama hótélinu á sama tíma. Þetta veldur miklum vandræðum og getur orðið tilefni hnúttukasts svo ekki sé meira sagt.

Hvað er til ráða? Strætóbílstjórar flauta. Ökuleiðsögumenn og rútubílstjórar eru í klemmu. Viðbrögðin eru þau að bíða færís og reyna að stoppa þar sem nokkur möguleiki er á, stundum uppi á stétt, stundum á miðri götu og reyna að greiða úr hlutunum eins hratt og örugglega og hægt er. En íbúarnir steyta samt hnefann og hnýta hátt og skýrt í bílstjórana, lýsa því fjálglega fyrir börnunum sínum hversu miklir aumingjar og ræflar þeir eru.

Tæklum þetta jákvætt

Ökuleiðsögumenn og bílstjórar aka ekki um göturnar í miðborginni að gamni sínu. Þeir eru í

→ Hvað er til ráða? Strætóbílstjórar flauta. Ökuleiðsögumenn og rútubílstjórar eru í klemmu.

vinnu og verða að geta unnið sína vinnu. Þjóðin byggir afkomu sína meðal annars á erlendum ferðamönnum. Ferðabjónustan hefur komið til móts við íbúana og getur örugglega gert betur. Sama gildir um borgaryfirvöld og íbúa. Ökumenn á rútum og jeppum forðast eftir fremsta megni að keyra um miðborgina á kvöldin. Ferðamenn geta nú valið um það hvort þeir kaupa skul alveg upp að dyrum eða draga ferðatöskurnar sínar um göturnar í miðbænum. Stórar rútur fara ekki um litlu göturnar lengur. Útskýrt er fyrir fólki að rútur megi ekki fara um miðborgina og því sé fólk beðið um að labba. Þessu taka ferðamenn alltaf vel. En ábyrgðin á að vera hjá þeim sem ábyrgðina eiga. Skipulagsyfirvöld og samgönguyfirvöld hafa ekki sinnt hlutverki sínu nægilega vel. Ökutæki í ferðabjónustunni verða að geta stoppað í miðborginni. Ég vil því hvetja til þess að við komum með tillögur um það hvernig leysa vandann í miðborginni frekar en að hnýta hvert í annað. Það er alveg ljóst að fjölga þarf stórlega svæðum þar sem jeppar og rútur geta stoppað við hótél. Það þarf að taka þessa umferð inn í skipulagninguna. Borgaryfirvöld þyrftu alltaf að gera ráð fyrir bílaumferð í kringum hótél og gististaði áður en og þegar þau veita starfsleyfi.

Lausnin felst tæpast í því að úthýsa öllum hótélum og gististöðum úr miðborginni. Tæklum þetta frekar jákvætt. Komum með tillögur að lausn.

Ríkisútvarpið og kristin gildi

Útvarpsstjóri sagðist fella niður morgunbæn og orð kvöldsins til að fá pláss fyrir annað efni á Rás 1. Skildist mér að nýja efnið væri fræðsla um trúarbrögð. Miðað við kröftug mótmæli hlustenda er greinilegt að útvarpsstjóri hefur ekki kynnt sér hversu margir eru árrisulir og finnst gott að fara út í daginn eftir morgunbæn útvarpsins og sofna út frá orði kvöldsins. Ólíklegt er að nýja efnið fái meiri hlustun en þessar 3 + 5 mínútur, sem skulu klipptar út fyrir almenna trúarbragðafræðslu. Annars hélt ég trúarbragðafræðsla vera hlutverk skóla. Líklegast er það misskilningur, því ekki má lengur gefa Nýja testamentið í barnaskólum, sem segir að ekki megi kenna kristinfræði í barnaskólum. Í 12 ára bekk gáfu Gídeonfélagar öllum Nýja testamentið og er ég þakklátur fyrir gjöfina.

Útvarpsstjóri hætti við að fella niður þriggja mínútna morgunbæn, en orð kvöldsins skal burt úr ríkisútvarpi allra landsmanna, sem flestir játa kristna trú og greiða RÚV skylduáskrift. Ég fletti dagskrá Rásar 1 upp og komst að því að ekki vantar pláss fyrir nýtt efni miðað við hversu mikið efni er endurflutt. Fimmtudagurinn 21. ágúst byrjaði á bæn dagsins 06:36 til 06:39. Áfangastaður Ísland endurflutt frá 13:00 til 14:00. Steypiregn endurflutt frá 16:05 til 17:00. Stund með KK endurflutt frá 20:50 til 21:30. Orð kvöldsins frumflutt frá 22:10

RÚV



Sigurður Oddsson byggingaverkfræðingur

→ Ég fletti dagskrá Rásar 1 upp og komst að því að ekki vantar pláss fyrir nýtt efni miðað við hversu mikið efni er endurflutt.

til 22:15. Segðu mér endurflutt frá 22:15 til 23:00. Sjónmál endurflutt frá 23:00 til 24:00. Fyrstu fréttir voru kl. 07:00 og endurfluttar á klukkustundar fresti svo til óbreyttar. Trúariðkun í 8 mínútur skal kippt út á sama tíma og nóg pláss er fyrir endurflutt efni í 5 klukkustundir! Daginn á undan var endurtekið efni einni klst. lengur.

Greinilega er til nóg pláss til að bæta dagskrána. Fyrsta skrefið gæti verið að taka orð kvöldsins inn aftur og í stað endurtekningar frétta kl. 9:00 og 11:00 mætti endurtaka bæn dagsins fyrir þá sem ekki voru komnir á ról kl. 06:36.

Það fer ekki hjá því að maður velti fyrir sér rekstri RÚV sem í áratugi hefur verið rekið með tapi. Fyrri útvarpsstjóri, Páll Magnússon, reyndi að slá á tapið með fjöldauppsögnum þeirra, sem vinna á gólfinu. Sá nýi var rétt byrjaður, þegar hann rak alla stjórana og ætlar nú að bæta reksturinn með breyttri dagskrá og það í kjölfar þess að mikilli þekkingu hefur verið hent út.

Skyldi ekki vera best fyrir rekstur RÚV, úr því sem komið er, að leggja alveg niður Rás 2 og vera með eina góða rás?

365

SPORT

SPORT 2

Sportpakinn

Hefurðu séð allt það helsta sem hugurinn gírnist en getur ekki ákveðið hvað verður fyrir valinu? Þá blasir svarið við á næstu síðu.

flettu →

Fyrir þá sem elska íþróttir!

Sportpakinn er tilvalinn fyrir þá sem fá aldrei nóg af íþróttum. Allur Enski boltinn í beinni, Meistaradeildin, Spænski boltinn ásamt spjallþáttum með spekingunum. Þú færð einnig besta handbolta í heimi, Formúluna, Gunnar Nelson og margt annað sem fær hjartað til að slá örar.

8 stöðvar

SPORT	SPORT 3 4 5	CHELSEA TV
SPORT 2	MUTV	LFC TV

Internet og heimasími 0 kr.

11.990 kr.

Þú sparar 3.490 kr.

0 KR.

Internet og heimasími fylgir Sportpakkanum

fyrgir →

Áskrifendur 365 fá allt að 50% afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana.



Fáðu þér áskrift!

365.IS



3 fyrir 2 á kertum og kertastjökum
Bakkar á **20% afslætti**

20%
AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR

HUGGULEGT HAUST

Glerárhlaup 10.–14.sep



Boston sófi 279.900,- **20% afsláttur**
Nú **223.920,-**

ANTON&BERGUR



20%
AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR • 20% AFSLÁTTUR



the
PIER

MYNDIR
20% afsláttur
790,- nú á **632,-**

Smáratorgi 522 7860 • Korputorgi 522 7870 • Glerártorgi 522 7880

Hiroshima og Nagasaki og nokkrar staðreyndir

„Japanir voru reiðubúnir til þess að gefast upp og það var alls ekki nauðsynlegt að ráðast á þá með þessum hræðilega hlut.“ Þessi orð Dwigths Eisenhower, þáverandi yfirhershöfðingja og síðar forseta Bandaríkjanna um kjarnorkuárásina á Japan, má lesa í Smithsonian-safninu í Washington, en sýning safnsins um árásina olli miklum deilum í landinu þegar hún var sett upp fyrir tæpum 20 árum. Hægrissinnarnir vildu halda í gömlu, opinberu söguskýringuna.

Það er alunkna að í gegnum tíðina hefur verið reynt að gera ýmsar „söguskýringarnar“ eða réttara sagt pólitískar sögulegar afbakanir að „sögulegum staðreyndum“ – hagræða sannleikanum, sleppa ákveðnum staðreyndum og fela raunverulegan tilgang átaka eða aðgerða. Ég gæti nefnt mörg dæmi og ófá má sjá í sögubókum sem lesnar eru í skólum, eða í fjölmiðlum. Ein þeirra er að kjarnorkusprengrum hafi verið varpað á Hiroshima 6. ágúst 1945 og Nagasaki þremur dögum síðar í því skyni að binda enda á seinni heimsstyrjöldina með sem minnstum fórnarkostnaði þar eð innrás í landið hefði kostað hundruð þúsunda mannlífa, er fullyrt. Talið er að þarna hafi a.m.k. 200.000 fallið. Þessi staðhæfing er fjarri raunveruleikanum. Japönsk stjórnvöld voru reiðubúnir til uppgjafar tæpum mánuði fyrr, í júlí, með ákveðnum skilmálum þó; nákvæmlega sömu skilmálum og fallist var á við uppgjöf þeirra 14. ágúst. Þetta er sögulega óvefengjanlegt.

Þegar leið að lokum styrjaldarinnar var Japan rjúkandi rúst;

UTANRÍKISMÁL



Gylfi Páll Hersir áhugamaður um það sem gerist í heiminum

iðnaðarframleiðsla hafði nær stöðvast. Japan var innikróað – engin viðskipti voru við önnur lönd; um 90% kaupskipaflotans voru eyðilögð og hin 10% föst við bryggju í Japan. Einungis 10% sjóhersins voru enn nothæf. Í mars varpaði Bandaríkjaher napalmsprengjum á fjórar borgir, Tókýó, Osaka, Kobe og Nagoya. Í Tókýó féllu á einni nóttu 80.000 manns og 1 milljón varð heimilislaus – hver borgin á fætur annarri var nú sprengd í tætlur, þó voru fjórar borgir, þar á meðal Hiroshima og Nagasaki, skildar eftir – í bili!

Höfnuðu skilmálunum

Því var það að Japansstjórn fór fram á það við Sovétríkin, sem stóðu enn utan við Kyrrahafsstríðið, að þau hefðu milligöngu um friðarviðræður við Bandaríkjastjórn. Stalín greindi Truman og Churchill frá þessu á fundi þeirra þriggja í Potsdam 17. júlí – raunar vissi Bandaríkjastjórn þegar af tillögunni 13. júlí, því leyniþjónustan hafði leyst dulmálslykil Japana. Eina skilyrðið sem Japansstjórn setti var um áframhaldandi fullveldi landsins og að Hirohito keisari héldi völdum. Truman og Churchill höfnuðu skilmálunum og kröfðust 26. júlí uppgjafar án nokkurra skilmála. Eftir að sprengjunum var varpað samþykkti Bandaríkjastjórn (14. ágúst) uppgjöf Japana með sömu skilyrðum og áður hafði verið hafnað.

Daginn áður en Stalín lagði fram tillögu Japana fékk Truman skeyti þar sem á stóð: „It's a boy!“ Enginn vissi í raun, hvort sprengjan myndi virka fyrr en „velheppnuð“ tilraun

hafði verið gerð í New Mexico þann sama dag. Samstundis var flogið með tvær sprengjur í flotastöð við Kyrrahaf, tónninn gagnvart Sovétríkjunum gerbreyttist en ætlunin var að þau hefðu innrásina í Japan. Nú var allt klárt á síðustu stundu fyrir alvöru tilraun þar sem ekki hafði verið gerð loftárás!

Ekki lokabombur

Kjarnorkusprengringarnar á Japan voru ekki lokabombur síðari heimsstyrjaldarinnar, þær mörkuðu miklu fremur upphafsskot kalda stríðsins gegn Sovétríkjunum. Þær voru sprengdar í tilraunaskyni og til þess að sýna Sovétríkjunum og öðrum þjóðum að öflugt drápstæki hafði verið þróað og framleitt og eins að Bandaríkin hefðu fullan hug á að beita þessu vopni þegar þurfi þætti. Bandaríkjastjórn hófst þegar handa við að búa til lista yfir 20 mikilvægustu staðina í Sovétríkjunum til kjarnorkuárása. Kjarnorkuvopn hafa gegnt lykilhlutverki í hótunum Bandaríkjastjórnar gagnvart alþjóðu í öllum heimshlutum síðustu ártugina – m.a. þjóðum sem hafa risið upp gegn hagsmunum fámennrar ráðastéttar í landinu.

Truman hótaði að beita kjarnorkuvopnum gegn Sovétríkjunum þegar árið 1946. Eisenhower endurtók leikinn gagnvart Kína og Sovétríkjunum í tímum Kóreustríðsins. Eftir sögulegan ósigur Frakka við Dien Bien Phu árið 1954 í frelsisstríði Víetnama velti Eisenhower því alvarlega fyrir sér að nota kjarnorkuvopn. Hann hótaði líka að beita þeim gegn Sovétríkjunum 1956 ef þau kæmu Egyptalandi til aðstoðar í kjölfar innrásar Breta, Frakka og Ísraels í landið – sama ógnun var viðhöfð í deilunni um



→Kjarnorkusprengringarnar á Japan voru ekki lokabombur síðari heimsstyrjaldarinnar, þær mörkuðu miklu fremur upphafsskot kalda stríðsins gegn Sovétríkjunum.

stöðu Berlínar 1959. Kennedy hótaði að gera kjarnorkuárás á Kúbu 1962 ef sovéskar eldaflaugar yrðu ekki fluttar brott af eyjunni. Í viðtali við tímaritið Time viðurkenndi Nixon að hafa íhugað að beita kjarnorkuvopnum m.a. árið 1969 gegn Norður-Víetnam, 1971 gegn Kína og 1973 gegn Sovétríkjunum í stríði Egypta og Ísraels.

Bandaríkjastjórn vill ákveða hvaða þjóðir eru nógu finar til þess að eiga kjarnorkuvopn og hverjar ekki. Ísrael sem þessa daga fremur fjöldamorð á saklausu fólki í Palestínu ræður yfir kjarnorkuvopnum, þótt stjórnvöld vilji ekki viðurkenna það – það finnst stjórnvöldum í Bandaríkjunum í góðu lagi.

Stóri pakkinn

Með þessum fá allir í fjölskyldunni eitthvað við hæfi – allir sáttir!

Fyrir þá sem hugsa

stórt!

Stóri pakkinn ber nafn með rentu enda sameinast Skemmtipakkinn og Sportpakkinn í þessum frábæra og fjölbreytta pakka. Grín, spenna, rómantík, fréttir, barnaefni og allt það besta úr heimi íþróttanna, eitthvað fyrir alla í Stóra pakknum – á frábæru verði.

14 stöðvar	3	Krakka stöðin	MUTV
SPORT	G	BRAVO	LFC TV
SPORT 2	b	SPORT 3 4 5	ORIELMA

Internet og heimasími 0 kr.

17.490 kr.

Þú sparar 3.490 kr.

0 KR.

Internet og heimasími fylgir Stóra pakknum

Áskrifendur 365 fá allt að 50% afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana.

Fáðu þér áskrift! **365.IS**

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HIPPAR Í NEW YORK

Blóm og blómabörn voru áberandi á tiskusýningu Tommys Hilfiger sem fram fór í New York nýverið. Sýningin dró dóm af hippatísku sjöunda áratugarins.

TÆKIFÆRISGJAFIR

- mikið af frábærum tilboðum



Þiittala
10% afsláttur

Tékk
www.tk.is
KRISTALL

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955

HÖRFRÆOLÍA - NÚ Í HYLKJUM

GENGUR VEL KYNNIR Flestir þekkja hörfræolúna og fjölmarga heilsufarslega kosti hennar. Hér er hörfræolían komin í hylkjum til að losna við vonda bragðið. Flaxseed Oil frá Natures Aid inniheldur hágæða kaldpressaða hörfræolú sem er einstaklega rík af omega-3, -6 og -9 fitusýrum.

Á undanförunum 100 árum er talið að inntaka fólks á omega-3 fitusýrum hafi minnkað um allt að 80% en neysla á omega-6 hefur hins vegar aukist vegna breytinga á mataræði og það brenglar hlutföll fitusýranna í líkamanum. Með því að taka hörfræolú er hægt að jafna þessi hlutföll,“ segir Sigrún Kjartansdóttir, framkvæmdastjóri Gengur vel ehf. „Hörfræolían er líklega besta uppspretta omega-3 EFA fitusýra sem völ er á enda einstaklega rík af bæði Omega-3, -6 og -9 fitusýrum í hlutföllunum 4:1:1.“



ÓMISSANDI FITUSÝRUR

Omega-3 fitusýrur eru sérstaklega mikilvægar fyrir hjarta- og æðakerfið en þær hjálpa til við að halda blóðfitunni (kólesterólinu) í skefjum og geta stuðlað að lægri blóðþrýstingi. „Hörfræolían getur einnig komið jafnvægi á hormónakerfið, dregið úr bólgum, aðstoðað við að brenna fitu og glúkósa og hjálpað til við að viðhalda heilbrigðum frumveggjum. Að auki hefur góður fitusýrubúskapur verið tengdur við góða geðheilsu.“

TAPAST Í VINNSLU MATVÆLA

„Þessar mikilvægu fitusýrur það er omega-3 eru oft fjarlægðar við vinnslu matvæla vegna þess hve auðveldlega þær þrána en einnig tapast þær oft við hitun og því er mjög mikilvægt að fá þær með öðrum leiðum. Að lokum má bæta því við að hörfræolían er líka rík af ligníni sem sýnt hefur verið fram á að dragi úr hitakófi sem algengt er að fólk þjáist af á breytingarskeiðinu ásamt því að vera bakteríu- og sveppadreypandi, svo að hún er eiginlega allra meina bót,“ segir Sigrún.

ÚTSÖLUSTAÐIR

Hagkaup, Fjarðarkaup, Heilsuhúsið, Lyfja Smáratorgi og Apótekarinn vesturbæ og Helluhrauni. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.

FÆST NÚ Í HYLKJUM

Hylkin eru fyrir alla þá sem eiga erfitt með að taka inn hörfræolú í fljótandi formi.



Aptiless
Thylakoids spinat ekstrakt

UTVEKLAÐ Í SVERIGE VID LUNDS UNIVERSITET

Aukakilóin burt spínat ekstrakt með Thylakoids

Frábært fyrir þá sem eru á 5:2 mataræðinu eða öðrum matar prógrömmum

Aptiless: Mest seldu þyngdarstjórnunarefnið í Noregi og Svíþjóð.
Thylakoids: Dregur úr hungri - Minnkar sykurlöngun
Minnkar ummál - Fækkar aukakilóum.

Loksins efni sem virkar
vísindalega sannað af
Karólínska Háskólanum
í Lundi í Svíþjóð
sjá Medica Nord á facebook

Fæst í 14 og 28 daga skömmtum. Útsölustaðir apótek og heilsuúðir.




Nýjar vörur vikulega!
stærðir 34-46

TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

Vertu vinur okkar á Facebook



SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.
Góður lágbaksstuðningur.
Mýkra og betra axlarsvæði.
Vandaðar kantstyrkingar.
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

12 mán.
vaxtalausr
greiðslur*

*3.5% lántökugjald



Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

Heilsudýnur á
frábæru verði
Verðdæmi á
Sögu og Freyju
Með botni og fótum stgr.

Stærð	Verð
153x203	144.900 kr.
160x200	149.900 kr.
180x200	169.900 kr.
180x210	179.900 kr.

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum

NÝIR KJÓLAR OG SKOKKAR

30% AFSLÁTTUR



Kjöll áður 14.990
nú 9.990 kr.

Kjöll áður 17.990
nú 12.590 kr.



Laugaveg 54,
sími: 552 5201

Sjá fleiri myndir á

EILÍFÐARUNGLINGUR

TÍSKA Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir, fata- og textilhönnuður, er tilraunaglöð í lita- og munstursamsetningum þegar hún velur saman fót á morgnana.

Ég hef gaman af því að ögra hinu hefðbundna og upplifi mig stundum eins og hálfgerðan eilífðarungling,“ segir Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir, fata- og textilhönnuður, þegar Fólk forvitnast um fatastíl hennar. Stíll Tönju einkennist af afslöppuðum sniðum og skipulögðu kaosi og hún leikur sér að því að setja saman liti og munstur til að fá óvænta niðurstöðu. „Mér finnst líka algjört skilyrði að fötin séu þægileg.“

Áttu þér einhverja tískufyrirmynd?

„Ég get ekki sagt að ég eigi tískufyrirmynd hvað útlitið varðar en ég held að tvær af mínum helstu fyrirmyndum tengdar hönnun og list séu Walter Van Beirendonck og Björk. Þegar ég var 8 ára dagdreymdi mig um að vera vinkona Spice Girls en nú dreymir mig um að vera vinkona herra Beirendoncks. Hann er svo mikill frumkvöðull á sviði fatahönnunar. Mér finnst líka stórkostlegt að sjá hvernig Björk vinnur með konsept. Ég táraðist af aðdáun þegar ég horfði á When Björk Met Attenborough.“

Hvaðan færðu innblástur?

„Það er síbreytilegt en mér finnst mjög áhugavert að rannsaka eitthvað sem mun koma mér á óvart, til dæmis fyrirbæri sem við sjáum ekki með berum augum. Ég laðast að hlutum sem mér finnst fallegir og ljótir á sama tíma. Það skapar einhvers konar óvissu og spennu og niðurstaðan verður óvænt.“

Bestu og verstu kaupin?

„Það fer mikið fyrir brjóstið á mér hvað margar flíkur í tiskuvöruverslunum eru framleiddar í verksmiðjum þar sem kjör eru bág og aðstæður eru hræðilegar. Því miður eru upplýsingar um hvar og hvernig flíkurnar eru framleiddar oft takmarkaðar. Ég reyni mitt besta til að vera meðvituð um þetta og bera virðingu fyrir flíkum sem ég kaup. Verstu kaupin eru í öll þau skipti sem ég keypti flíkur úr lélegum og óþægilegum efnum sem entust illa vegna lélegra gæða.“

Bestu kaupin sem ég hef gert er þegar ég verslaði í Antwerpen og keypti flíkur eftir hönnuðinn Bernhard Willhelm og merkið Moonspoonsaloon, sem er í miklu uppáhaldi hjá mér, á spottprís miðað við hvað gengur og gerist. Síðustu helgi gerði ég líka mjög góð kaup í Kolaportinu og keypti sólgleraugu á 500 krónur. Mér líður alltaf eins og maður sé hálfósýnilegur með sólgleraugu, eins og fólk þekki mann ekki þegar augun eru hulin. Þessi sólgleraugu eru enn betri, gefa manni ný augu og þar af leiðandi nýtt dulargervi.“

Hvaða hönnuður er í uppáhaldi?

„Uppáhaldshönnuðirnir mínir eru Walter Van Beirendonck, Bernhard Willhelm, Meadham Kirchhoff, Jeremy Scott og uppáhaldsmerkin mín eru Kenzo, KTZ og Moonspoonsaloon.“

Er einhver flík skápnunum í uppáhaldi?

„Það eru flíkurnar sem gleðja mig mest, til dæmis Oprah-peysan mín, broskallabólurinn minn og þrjónaðar gylltar buxur með frokamynstri hannaðar af Bernhard Willhelm. Síðan er risastóra Mundapeysan mín með blóðkornamynstri alltaf í uppáhaldi á veturna.“

Hvað er annars að fréttu?

„Allt meiriháttar gott. Þetta er búið að vera frábært og viðburðaríkt sumar en ég var svo heppin að fá að taka þátt í nokkrum skemmtilegum verkefnum. Til dæmis að vera með í sýningu á LungA á Seyðisfirði ásamt listakonunni Kolbrúnu Þóru Löve. Ég tók einnig þátt í verkefninu Torg í biðstöðu ásamt vöruhönnuðunum Ólöfu Rut Stefánsdóttur og Ágústu Sveinsdóttur þar sem við hönnuðum risastórt hengirúm og rólur og buðum upp á útibíó á Bern-



TILRAUNAGLÖÐ Tanja Huld Levý Guðmundsdóttir, fata- og textilhönnuður, hefur gaman af því að ögra hinu hefðbundna í fatavali. MYND/VALLI

VILL VITA MEIRA

„Það fer mikið fyrir brjóstið á mér hve margar flíkur í tiskuvöruverslunum eru framleiddar í verksmiðjum þar sem kjör eru bág og aðstæður eru hræðilegar. Því miður eru upplýsingar um hvar og hvernig flíkurnar eru framleiddar oft takmarkaðar.“

BESTU KAUPIN Í KOLAPORTINU „Mér líður alltaf eins og maður sé hálfósýnilegur með sólgleraugu, eins og fólk þekki mann ekki þegar augun eru hulin.“

höftstorfunni. Á Menningarnótt var ég einnig með verk á sýningunni „Gakktu í Bæinn“. Næst á döfinni er að safna fyrir draumaferð til Japans í lok árs, til að kanna tísku- og textílmárkaðinn þar og hitta fatahönnuð sem starfar í Japan og er einnig kennari í Bunka Fashion College sem er einn virtasti skólinn á sviði fatahönnunar. Ég verð bara að halda nokkrar tombólur fyrst til að láta drauminn rætast.“

LEIÐSÖGUNÁM

VIÐURKENNT STARFSNÁM AF ATVINNULÍFINU

Hnitmiðað og skemmtilegt nám fyrir þá sem vilja kynna Ísland í máli og myndum. Námið er opið öllum þeim sem áhuga hafa á að læra hvernig standa skal að leiðsögn erlendra og innlendra ferðamanna um Ísland.

- Flest stéttarfélög styrkja nemendur til náms.
- Nemendur geta að námi loknu gerst félagsmenn í Leiðsögufélaginu

Helstu námsgreinar:

- Helstu viðkomustaðir ferðamanna á Íslandi í máli og myndum.
- Mannleg samkipti, leiðsöguáætlun, hestar, fuglar og flóra. Framsaga.
- Saga landsins, jarðfræði, bókmenntir og listir, menningartengd ferðaþjónusta.
- Skipulagðar ferðir og afþreyingaferðir. Ritgerðaverkefni og margt fleira.

Leiðbeinendur eru þaulvanir leiðsögumenn og sérfræðingar hver á sínu sviði. Boðið er uppá dag – og kvöldnám, auk þess er farið í fjölda vettvangsferða.

Umsögn:

S.l. vetur stundaði ég leiðsögunám í Ferðamálastólá Íslands. Námið stóð vel undir væntingum þar sem fjölmargir kennarar komu að kennslunni og áttu þeir auðvelt með að ná til mín og auka áhuga minn á námsefninu og ekki síst að vekja mig til umhugsunar um þá auðlind sem landið okkar er og þá virðingu sem okkur ber að sýna því. Kennararnir voru mjög færir og fróðir hver á sínu sviði og áttu auðvelt með að koma efninu til skila. Námið gefur mikla atvinnumöguleika og spennandi tímar eru framundan.



Guðrún Helga Bjarnadóttir, Vestmannaeyjum

Ferðamálastólá Íslands

Opið 8-22

Ferðamálastólá Íslands • www.menntun.is • Sími 567 1466

Garcinia Cambogia Iceland

KOMIÐ Í VERSLANIR!

Garcinia Cambogia

DREGUR ÚR SVENGD
HJÁLPAR AÐ BRENNNA FITU
DREGUR ÚR SÆTUPÖRF
EYKUR VELLÍÐAN

100% NÁTTÚRULEGT
REYNSLA UM ALLAN HEIM



Hefur þú prófað ?

Útsölustaðir: Fjöldi apóteka, Heilsuver, Fjarðarkaup, Hagkaup, Heilsuhornið Blómaval, Heimkaup og Sportlíf

FYRIR VERÐANDI MÓÐUR OG BARN

AÐFÖNG KYNNA Barnsvon fylgir dásamleg tilhlökkun og gleði. Þá fyllast verðandi mæður löngun til að huga sérlega vel að heilsu sinni og barnsins litla sem í vændum er. Einmitt þá er nauðsynlegt að taka inn fólínsýru og bætiefni fyrir þroska fósturs og almenna hreysti móður.

Anna Lilja Marteinsdóttir snyrtifræðingur á von á sínu fyrsta barni í haust og hugsar því sérstaklega vel um heilsuna.

„Áður en ég varð ólétt tók ég inn Nutra-fjöl-vítamín fyrir konur því það inniheldur ráðlagðan dagskammt af fólínsýru fyrir konur á barneignaraldri, auk helstu bætiefna sem konur þarfnast í dagsins önn,“ segir Anna Lilja sem byrjaði að taka inn Nutra-fólínsýru þegar hún varð barnshafandi.

„Við nánari eftirgrennslan um fólát fyrir barnshafandi konur komst ég að raun um að Nutra-fólínsýra er sú eina sem uppfyllir ráðlagðan dagskammt fóláts fyrir óléttar konur í einni töflu, eða 500 míkrogrömm á dag, samkvæmt viðmiðum Embættis landlæknis,“ segir Anna Lilja.

Fyrstu tólf vikur meðgöngunnar var Anna Lilja illa haldin af morgunógleði.

„Ég gubbaði frá morgni til kvölds og átti af þeim sökum erfitt með að tryggja fóstrinu nauðsynleg vítamín og steinefni með fæðunni einni saman. Því fannst mér gott að geta tekið inn fjölvítamín og fólínsýru í töfluformi og vita til þess að fóstrið dafnaði vel þrátt fyrir tímabundna vanlíðan mína.“

Vinnu sinnar vegna hefur Anna Lilja mikinn áhuga á Nutra Húð, hári og nöglum.

„Á meðgöngu vex hár yfirleitt helmingi hraðar en vanalega en hárlas er þekkt eftir barnsburð og þá mun ég klárlega byrja að taka inn þær töflur,“ segir Anna Lilja, ánægð með líðan sína og hraustleika á meðgöngunni.

„Mér þykir þægilegt að geta keypt þau vítamín sem ég þarf um leið og ég geri innkaupin í Bónus og gott verð á Nutra kom mér verulega á óvart þrátt fyrir mikinn fjölda tafna í hverjum stauk.“

Nutra-vítamínin fást í verslunum Hagkaups og Bónuss.



MEÐ BARNI Anna Lilja Marteinsdóttir snyrtifræðingur var illa haldin af morgunógleði fyrstu tólf vikur meðgöngunnar og þótti þá gott að tryggja ófæddu barni sínu nauðsynleg vítamín og steinefni með Nutra-vítamínunum.

MYND/ARNÞÓR

FJÖLVÍTAMÍN FYRIR 16-50 ÁRA KONUR

Nutra Fjöl-vítamín fyrir konur er þriggja mánaða skammtur af mikilvægum bætiefnum fyrir konur á aldrinum 16 til 50 ára. Fjöl-vítamínblandan er sérvalin og breiðvirk formúla fyrir konur sem vilja fá mikilvægustu bætiefnin í einni töflu. Þau innihalda meðal annars 400 míkrogrömm af fólínsýru, sem er ráðlagður dagskammtur kvenna á barneignaraldri og er best að fólínsýra sé í nægjanlegu magni í líkamnum þegar barn verður til.

STYRKIR ÓNÆMISKERFI LÍKAMANS

Rannsóknir sýna að þeir sem taka inn gott fjölvítamín eru með sterkara ónæmiskerfi og því líklegri til að sleppa við umgangspæstir og sýkingar. Ein tafla á dag af Nutra-Fjöl-vítamíni er góð viðbót við daglegt gott fæði en óhætt er að auka skammtinn í tvær töflur til að tryggja nægjanlegt magn mikilvægra bætiefna sé kona undir miklu álagi eða stundi mikla líkamsrækt.



FÓLÍNSÝRA ER MIKILVÆG FYRIR MÓÐUR OG BARN

Fólínsýra er mikilvæg fyrir alla, en sérstaklega konur á meðgöngu. Samkvæmt ráðleggingum Embættis landlæknis eiga konur á meðgöngu og með barn á brjósti að taka inn 500 míkrogrömm af fólínsýru daglega. Nutra Fólínsýra inniheldur þessi mikilvægu 500 míkrogrömm og uppfyllir því daglega þörf verðandi mæðra með aðeins einni töflu.

Fólínsýra er vatnsleysanlegt vítamín úr flokki B-vítamína og nauðsynleg fyrir eðlilega blóðmyndun og frumskiptingu. Hún er líka mikilvæg fyrir eðlilega myndun og viðhald aminósýra í blóði því mikið af aminósýrum í blóði hefur tengingu við hjarta- og æðasjúkdóma. Jafnframt er fólínsýra talin þýðingarmikil fyrir andlegt jafnvægi, hún spornar gegn þreytu og sleni og hefur mjög jákvæð áhrif á ónæmiskerfi líkamans.

AF HVERJU FÓLÍNSÝRA Á BARNEIGNARALDRI?

Rannsóknir hafa sýnt að rifleg fólátneysla fyrir getnað og á fyrstu tólf vikum meðgöngunnar dregur úr hættu á alvarlegum skaða í miðtaugakerfi fósturs, svo sem klofnum hrygg og heilaleysu. Því er öllum konum, sem geta orðið barnshafandi, ráðlagt að taka inn 400 míkrogramma fólínsýrutöflu á dag ásamt því að borða fólátrikan mat. Konum á meðgöngu og með barn á brjósti er ráðlagt að taka inn 500 míkrogrömm.



HÚÐ, HÁR OG NEGLUR

Nutra Húð, hár og neglur er sérvalin bætiefnablanda fyrir húð, hár og neglur. Bætiefnablandan inniheldur meðal annars aminósýrur sem eru mikilvægar heilbrigðri húð, hári og nöglum. Blönduna er hægt að nota sem kúr í skamman tíma eða til að taka yfir lengra tímabil til að auka hárvöxt, koma í veg fyrir hárlas og styrkja húð og neglur. Auk aminósýra eru í blöndunni B-vítamínin B1, B2, B3, B5, B6 og biótín, og svo selen og PABA sem styrkja húð, hár og neglur.

Bætiefnablandan inniheldur einnig E- og A-vítamín.

A-vítamín gegnir mikilvægu hlutverki í endurnýjun húðfruma og hjálpar til við framleiðslu á náttúrulegri sebum-olíu. Hún er okkur nauðsynleg til að hafa réttan raka í hársverði, gerir hann vatnsheldan og dregur úr ótímabæru hárlasi. Auk þess gefur A-vítamín hárinu gljáa og fallegan blæ.

E-vítamín er öflugt andoxunarefni og mikilvægt fyrir allar frumur líkamans. Það er græðandi og dregur úr bóllum og örur, eykur súrefnisflæði og hjálpar rauðum blóðkornum að flytja súrefni og næringu til húðar.

Iveco • Benz • Man • Renault
Varahlutaþjónusta
VÉLANAUST ehf
Álhella 4 • Símar 555 6670 • 860 1859 • www.velanaust.is

Iveco
Viðgerðar- og varahlutaþjónusta
VélRás
Sími 555 6670 • www.velras.is • Álhella 4 • Álhella 8

Minni tæki í miklu úrvali.
Jarðvegspjoppur
Hjólavagnar
Valtarar
Hrærivélar
Steypusagir
Pússi-þyltur
Vibratorar
Þessi er sink-húðuð.
Hjallahraun 2 - 220 Hfj. - s. 562 3833 - www.asafi.is - asafi@asafi.is

Parketslípun
sólpallaslípun | parketlagnir
551 1309 / 690 5115
golflist@golflist.is | www.golflist.is
99% RYKFRITT

BÍLAÞJÓNUSTA BJARKA ehf
alhliða bílaviðgerðir
Tímamantani s: 445 4540/697 4540
viðarhöfði 2 • 110 reykjavík • sími 445 4540 / 697 4540
bilathjonustabjarka@gmail.com
<http://www.facebook.com/bilathjonustabjarka>

Eftirlitsmyndarvél fyrir sumarbústaði og heimili.
• Tekur venjulegt GSM SIM kort.
• Hægt að panta mynd eða hlusta svæði.
• SMS og MMS viðvörðun í síma og netf.
• Lætur vita ef rafmagn fer af og hiti breytist.
• Hægt er að tengja allt að 15 auka skynjara.
• Vöktun á heitum potti, raka, þrýstingi o.fl.
• Stýring á hita, kveikja ljós, renna í pottinn.
Uppl. í síma 699-6869 og rafeindir@internet.is

Alla fimmtudaga og laugardaga

arnarut@365.is sigrunh@365.is

til sölu

Walters SYMA TAMIVA Revell WLtoys

Fjarstýrð Tæki
Plastmódel

Hobbybudin
GLÆSIBÆ

Simi 517-8878 • Hobbybudin.is Varahlutabjónusta

tilkynningar

AUGLÝSING UM SKIPULAG - SANDGERÐISBÆR

Bæjarráð Sandgerðisbæjar samþykkti 12. ágúst 2014 að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hafnar-svæðis – Vesturbakka, skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingartillaga á deiliskipulagi Vesturbakka felur í sér eftirfarandi:

- Gert er ráð fyrir að sameina lóðir að Strandgötu 16 og Sjávarbraut 29-37 í eina 7.050 m² lóð og afmarka nýjan 2.000 m² byggingarreit á lóðinni ásamt nýrri 36 m² lóð fyrir spennistöð.
- Gert er ráð fyrir að sameina lóðir og byggingarreiti við Sjávarbraut 1-7 í eina 2.270 m² lóð og einn 528 m² byggingarreit.
- Götunúmerum við Sjávarbraut er breytt.

Tillagan liggur frammi til kynningar á bæjarskrifstofum Sandgerðisbæjar, Vörðunni, Miðnestorgi 3, frá **12. sept. til 27. okt. nk.** og á heimasíðu Sandgerðisbæjar, www.sandgerdi.is. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast skipulagsfulltrúa í síðasta lagi **27. okt. 2014** á bæjarskrifstofum Sandgerðisbæjar eða á netfangið jonben@sandgerdi.is.

Skipulagsfulltrúi Sandgerðisbæjar.



Sandgerðisbær, Miðnestorgi 3, 245 Sandgerði www.sandgerdi.is

Byggðastofnun óskar eftir tilboðum í eftirfarandi aflahlutdeildir:

Úthafsærkja	6.1368472%
(úthlutað aflamark 2014-2015: 290.580 kg)	
Snæfellsnesærkja	6.1368472%
(úthlutað aflamark 2014-2015: 34.870 kg)	
Flæmingjarærkja	4.2572184%
(aflamarki hefur ekki verið úthlutað)	

Hlutdeildirnar seljast með úthlutuðu aflamarki fiskveiðiársins 2014-2015.

Heimilt er að bjóða í heimildirnar saman eða í sitthvora lagi.

Tilboð skulu sendast til Byggðastofnunar, Ártorgi 1, 550 Sauðárkróki eða í tölvupósti postur@byggdastofnun.is fyrir **1. október 2014**.

Byggðastofnun áskilur sér rétt til þess að hafna öllum framkomnum tilboðum séu þau ekki ásætlanleg að mati stofnunarinnar.



BYGGÐASTOFNUN
Sími: 455 54 00 Fax: 455 54 99

postur@byggdastofnun.is
byggdastofnun.is

Bókhald

BÓKHALD:
Bókhald, laun, reikningagerð, ársreikningar, milliðneimta, stofnun fyrirtækja, VSK & almenn ráðgjöf. Gerum föst verðtilboð.
Orange Project Ármúla 6,
s: 5 27 27 87

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

Málalár

Málari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 695 1918

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

SENDIBILL.IS

Búslóðaflutningar, píanóflutningar, gerum tilboð í búslóðaflutninga út á land. Almenn sendibílaþjónusta. S. 772 3222

Húsviðhald

KRAFTbindingar

2699 0921 - 616 8822
kraftbindingar.is

- Mótauppskiptur
- Járnabindingar

Vantar þig smíð? Viltu breyta eldhúsinu? Flísaleggja eða er eitthvað bílað? Multi.man á svæðið. Preytt á að biða eftir iðnaðarmanni? Sendu okkur mail í allt.multi.man@gmail.com og við reddum verkinu.

Nudd

Nuddstofan Jera Síðumúla. Velkomin í notarlegt umhverfi. 6599277.

Spádómar

Símaspá, spái í spil, ræð drauma. Tímápanantir. S. 891 8727 Stella.

Spáði í beinni í Sunddagsmorgnum hjá Sirry fyrir tveimur árum. Uppl. í S. 690 8160

ÖRLAGALÍNAN 908-1800

Spáum í spil og ráðum drauma, andleg hjálp og ráðgjöf. Opíð frá 20-23 öll kvöld.

Önnur þjónusta

Blekhyllki.is

Ódýr blekhyllki og tónerar í flesta prentara, Hagkaup Smáralind, Fjarðargata 11 Hf og í síma 517-0150

fasteignir

Sverrir Kristinnson, löggiltur fasteignisali

EIGNAMIÐLUN
Frá 1957

Sala fasteigna í 57 ár
Elsta starfandi fasteignisala landsins

Skrifstofu og atvinnuhúsnæði óskast – Staðgreiðsla –
500-1000 fm atvinnuhúsnæði í Reykjavík óskast

Þetta eru skilyrðin:

- Góður sýnileiki sem og aðkoma.
- Í námunda við góðar strætisvagnasamgöngur.
- Tvískipt húsnæði, þ.e. skrifstofu og lagerhúsnæði með innkeyrsludryrum.

Allar nánari upplýsingar veita

Reynir Björnsson
löggiltur fasteignisali
s. 895-8321

Sverrir Kristinnson
löggiltur fasteignisali.

588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík



VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEDFERÐ.
Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálftraust, hætta að reykja o.fl. Dáleisla er gott verkfæri til betri heilsu.
Tímápanantir í síma 864-1273

KEYPT & SELT

Til sölu

ÓDÝR HEIMILSTÆKI
Þvottavélar, þurrkarar, ísskápar og fl. Ábyrgð fylgir. Sala og viðgerðir. S. 587 5976.

Óskast keypt

KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
Jón og Óskar - jonogoskar.is
s. 552-4910.

STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERKI!
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
Opíð mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)
Upplýsingar í síma 661 7000

Sjónvarp

Sjónvarps/víðeiviðgerðir. Afsl. til ellil/óryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

Nudd

TANTRA NUDD
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir þér, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímápanantir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

Þjónusta



REYKSTOPP MEÐ ÁRANGRI S: 694-5494
Sjálfsfeing, losun streitu og kvíða. Viðar Aðalsteinsson dáleislufræðingur og sérfræðingur í EFT. Áratuga reynsla í mannrækt S: 694 5494 www.theta.is

Námskeið



STUNDASKRÁ - SCHEDULE:
NORSKA I, II & NORSKA f. Heilbrigðisgeira, ICELANDIC - ÍSLENSKA f. Útlendinga. ENSKA f. Fulloröna. Byrja/Start: 15/9, 13/10, 10/11, 8/12: 4 vikur/5 x í viku - 4 weeks/5 days a week. Kvöld/Síðdegil/Morgna. Evenings/Afternoons/Mornings. Aukatímar: STÆ, EDL, EFN. www.iceschool.is. Fullorðinsfræðslan-iceSchool, Ármúli 5. s. 557 1155.

Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

Húsgögn

Til sölu Iq care heilsudýna frá Svefn og Heilsu, 160x200. Kostar ný 169.900.-
Fæst á 70 þús. Uppl. í s. 567 1642 eða 659 6251 eft.kl. 17:00

HÚSNÆÐI

Húsnæði í boði

TIL LEIGU 80- 400 FM HÚSNÆÐI MEÐ ALLT AÐ 4M LOFTHÆÐ MIÐSVÆÐIS Á HÖFUDBORGARSVÆÐINU
Nýbýlavegi og Auðbrekku (gömlu Toyota húsunum) hentar undir léttan iðnað, heildsölur o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
Uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000

TIL LEIGU Í VESTMANNAEYJUM!
3ja herb. íbúð og einnig herbergi til leigu. Uppl. í s. 774 5959

LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Geymsluhúsnæði

GEYMSLULOUSNIR.IS
Búslóðageymsla og flutningur. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert breytti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

GEYMSLUHÚSNÆÐI AÐNUM II, 190 VOGAR.

Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótörhjólf. Opíð á virkum dögum frá 16:30-20 um helgar 10-18 frá 1. sept til 14. sept. Uppl. í s. 895 3176 & 864 3176. Eftir þann tíma er opnun eftir samkomulagi.

WWW.GEYMSLAEITT.IS

Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m². Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, uppítað og vaktað. S: 564-6500.

UPPHITUÐ FERÐAVAGNAGEYMSLA Í BORGARF.

Gott verð, tjaldv, fellih, bátar, 4hjól og fl. S. 899 9339 Sólbakki.

GEYMSLUR.COM

Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskilóð í Reykjavík. S. 555 3464

Atvinnuhúsnæði

SKRIFSTOFUR

Skrifstofuherbergi til leigu að Ármúla 6 frá 20 fm. Aðgangur að fundarherbergjum, Orange Café og yfir 80 bílastæðum. Allt innifalið í leigu. Lang- og skammtímalega í boði. Laust strax.

Uppl. í s: 5 27 27 87 - Orange Project Skrifstofuhótel

Til leigu tvö iðnaðarbíl, 90 og 180 m² við Suðrhellu í Hafnarfirði. Uppl. 6601060 / 8224200

ATVINNA

Atvinna í boði

TANNLÆKNASTOFA

MÍÐSVÆÐIS Í RVK
Óskar eftir starfskrafti í nokkrar klst á dag frá kl. 15 við símsvörum og móttöku. Gæti hentað námsmanni vel.

Umsóknir óskast sendar á netfangið t.vinnan@gmail.com



RÚMFATALAGERINN

KORPUTORGI
Vaktstjóri óskast til starfa í Rúmfatalagerinum Korputorgi.
Nánari upplýsingar veitir Ívar Ívarsson verslunarstjóri í síma 820-8011 eða á staðnum.



Starfsfólk óskast í hlutastarf um helgar. Æskilegur aldur 20 ára eða eldri. Íslenskukunnátta skilyrði. Upplýsingar veittar á staðnum.

Tvo vana háseta vantar strax á netabátt frá Þorlákshöfn. Uppl. í s. 699 6519 & 483 3548

VEITINGAHÚSIÐ LAUGA-ÁS
Leitar eftir aðstoðarmanni í eldhús í 100% starf í vaktavinnu. Þarf að geta unnið undir álagi, geta tekið fyrirætlum og vera skipulagður og reglsamur. Frekari upplýsingar, umsóknir og meðmæli berist á netfangið johnann@laugaas.is.

Atvinna óskast

28 ára KK óskar eftir vinnu við úrkeyslu, er með vinnuvéla og ökuréttindi CE. Skoða líka keyrslu á sendiferðabíl. Uppl. í s. 865 7301

TILKYNNINGAR

Fundir

Aðalfundur Alþjóðflokksfélags Reykjavíkur verður að Fjarðarás 25, 18.september kl. 17.



Ekki klikka á skoðun!

Örugg bifreið tryggir betri akstur



Mundu að aftasti stafurinn í bílnúmerinu þínu tákna þann mánuð sem mæta á með bílinn í skoðun.

HAGSTÆTT VERÐ HJÁ FRUMHERJA

Verð á aðalskoðun bíls undir 3.500 kg*

FYRIRTÆKI

Frumherji 9.700 kr.

Frumherji með afslætti 8.320 kr.*

Aðalskoðun 10.420 kr.

Tékkland 8.995 kr.

* Verðskrár fyrirtækjanna með opinberum gjöldum þ. 5.8.2014

BETRI STOFAN



Sími: 570 9090 · Netfang: frumherji@frumherji.is · www.frumherji.is



- örugg bifreiðaskoðun um allt land

MERKISATBURÐIR

1755 Mikill jarðskjálfti ríður yfir Norðurland með skriðuföllum og sprungumyndunum. Tveir bátar farast í flóðbylgju frá skjálftanum.

1973 Herinn undir forystu Augusto Pinochet herforingja rænið völdum í Chile með leynilegum stuðningi Bandaríkjanna.

2001 Um þrjú þúsund manns farast í hryðjuverkaárás í Bandaríkjunum. Tveimur breiðþotum er flogið á Tvíburaturnana í New York og einni á Pentagon í Virginíu. Fjórða þotan sem rænt er hrapar til jarðar í Pennsylvaníu.

2003 Anna Lindh, utanríkisráðherra Svíþjóðar, deyr á sjúkrahúsi daginn eftir að ráðist er á hana í verslunarmiðstöð.



PETTA GERÐIST: 11. SEPTEMBER 2001

Tvíburaturnarnir í New York féllu

Um þrjú þúsund manns létu lífið í hryðjuverkaárásum í Bandaríkjunum þennan mánaðardag árið 2001. Hryðjuverkamenn rændu fjórum farþegaþotum á flugi yfir austurströnd Bandaríkjanna. Tveimur þeirra var flogið á World Trade Center-tvíburaturnana í New York, einni var flogið á Pentagon-bygginguna í

Arlington-sýslu í Virginíu og ein hrapaði í Somerset-sýslu í Pennsylvaníu eftir átök um borð milli farþega og flugliða við hryðjuverkamennina.

Báðir turnar World Trade Center hrundu til grunna og miklar skemmdir urðu bæði á nærliggjandi byggingum og á Pentagon. Árásirnar höfðu mikil áhrif á alþjóða-

samfélagið. Eftir þær hófu Bandaríkjamenn stríð gegn hryðjuverkum, réðust inn í Afganistan og steyptu þar talíbana-stjórninni af stóli og tveimur árum seinna í Irak. Hlutabréfamörkuðum vestanhafs var lokað í viku. Þegar viðskipti hófust aftur mánudaginn 17. september féll Dow Jones-vísitalan um 7,1 prósent.

Nóg að gera eftir að starfsferlinum lauk

Ásthildur Cesil Þórðardóttir er sjötug í dag. Starfsferill hennar var helgaður fegurin Ísafjarðarbæjar. Fyrir skömmu hætti hún störfum en hefur haft nóg fyrir stafni síðan.

„Hvernig á maður að kunna að meta það góða ef maður þekkir ekki það slæma?“ spyr Ásthildur Cesil Þórðardóttir, garðyrkjufræðingur á Ísafirði, sem er sjötug í dag.

Ásthildur er alin upp á Ísafirði og hefur búið þar alla sína ævi utan tveggja ára í Glasgow og eins vetrar í Svíþjóð. „Ég var í lýðháskóla í Svíþjóð en fór bara í ævintýraleit til Glasgow. Fyrst vann ég á elliheimili í borginni og sem au-pair. Þetta var svona ævintýraþrá. Hins vegar hef ég alltaf haft það best í Skutulsfirðinum heima í þeirri fjalladýrð sem þar ríkir.“

Ísafjörður hefur ávallt skipað stóran sess í lífi Ásthildar. Nær allur starfsaldur hennar hefur farið í það að fegra bæinn og gera ásýnd hans sem ákjósanlegasta fyrir augað. „Ég var garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar í um þrjátíu ár og hætti hjá bænum bara fyrir nokkrum árum og fór á eftirlaun. Hins vegar held ég áfram að vera með garðyrkjustöðina mína hér við heimilið mitt.“

Ásthildi finnst hún ekki geta hætt garðyrkjunni að öllu leyti; hún iðki ennþá þessa list sína. Þegar viðfangsefni líkt og garðyrkja eigi hug manns allan alla ævi sé ekki hægt að slíta sig frá þeirri iðju og henni finnst gaman að stússast í þessu. „Hins vegar er það mín tilfinning að það hafi aldrei verið eins mikið að gera hjá mér síðan ég hætti að vinna og fór á eftirlaun.“

Returnir á Ísafirði, snjóþyngslu með tilheyrandi óþægindum, eru að mati Ásthildar alls ekki vandamál. Tekur hún veðri og lífsins ólgusjú af miklu æðruleysi. „Jú, jú, það getur verið snjór herna en maður tekur því bara. Hvernig getur maður kunnað að meta það góða ef



AFMÆLISBARNIÐ Ásthildur Cesil hefur lagt mikla rækt við bæði tónlist og garðyrkju síðustu áratugi. MYND/HALLDÓR SVEINBJÖRNSSON

maður hefur aldrei kynnst því slæma?“

Ásthildur hefur í gegnum tíðina einnig verið dugleg við texta- og lagasmíðar. Vestfirska kvennahljómsveitin Sokkabandið er án nokkurs vafa sú frægasta sem hún hefur starfað með og kom hún aftur saman fyrir nokkrum árum og spilaði á hátíðinni Aldrei fór ég suður. „Já, árið 1985 gaf ég út vinylbreiðskífu þar sem ég samdi bæði öll lög og alla texta. Ég byrjaði hins vegar ung að syngja og hef tekið þátt í hinum ýmsu hljómsveitum allt frá sextán ára aldri, eða allt frá

því að syngja með frændum mínum í BG, Balda og Kalla, og upp í Sokkabandið.“

Saman eiga þau hjónin fimm börn úr mismunandi áttum. Hún sér fyrir sér gleði og ánægju næstu árin í rólegu og góðu samfélagi á Vestfjörðum. „Á meðan ég hef heilsu til og líður vel þá mun ég halda mínu striki líkt og ég hef gert síðustu ár. Á Ísafirði er gott að vera, vinalagt samfélag þar sem maður þekkir flesta, fjárir ys og þys stórborgarinnar. „Hér er gott að ala upp börn og kvöldstillurnar eru góðar.“ sveinn@frettabladid.is

✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

KRISTÍNAR EYVINDSDÓTTUR
frá Útey, Laugardal.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Sunnuhlíðar fyrir ómetanlega umönnun og hlýhug.

Páll Stefánsson
Stefán Pálsson
Katrín Pálsdóttir
Jónína Pálsdóttir
Páll S. Pálsson
ömmubörn og langömmubörn.

Sigrún Lilja Jónsdóttir
Ásgeir Arnason
Guðjón Kolbeinsson
Birna Huld Helgadóttir

✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýhug og samúð við andlát og útför okkar elskulega eiginnmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

SVEINS RAFNS EIDSSONAR
Gullsmára 5, Kópavogi.

Gyða Ingólfssdóttir og fjölskylda.

✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

INGIBJÖRG KARLSDÓTTIR
frá Neðri-Lækjardal,
síðast til heimilis að Húnabraut 40,
andaðist þann 3. september á
Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi. Útför
hennar fer fram þann 13. september kl. 14.00 frá Blönduóskirkju. Blóm og kransar afþökkuð en þeim sem vildu minnast hennar er bent á Heilbrigðisstofnunina á Blönduósi.

Jakob Þór Guðmundsson
Ellert Karl Guðmundsson
og fjölskyldur.

Sigurbjörg Auður Hauksdóttir
Birna Sólveig Lúkasdóttir
Óskar Páll Axelsson

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,

SIGRÍÐUR SÆMUNDSDÓTTIR
Klapparhlíð 1, Mosfellsbæ,

lést föstudaginn 5. september síðastliðinn í faðmi fjölskyldunnar. Útför hennar fer fram frá Fossvogskirkju í dag, fimmtudaginn 11. september, kl. 15.00.

Ólafur Guðmundsson
Elva Ösp Ólafsdóttir
Íris Eik Ólafsdóttir
og ömmubörn.

Bjarni Hólmur Einarsson

LEGSTEINAR
MIKIÐ ÚRVAL AF
FYLGISHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is

✝

Eiginmaður minn,
faðir okkar og tengdafaðir,

GUÐMUNDUR JÓNSSON
Grænumörk 2, Selfossi,

lést 8. september. Útförin fer fram frá Selfoskirkju laugardaginn 13. september klukkan 11.00.

Aðalheiður Ólafsdóttir
Jóhanna Guðmundsdóttir
Ólafía Margrét Guðmundsdóttir
Ingunn Guðmundsdóttir
Sigrún Guðmundsdóttir
Kristín Guðmundsdóttir

Guðmundur Teitsson
Kristinn G. Kristinsson
Sigurjón V. Jónsson
Magnús B. Erlingsson

✝

Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur hlýju og samúð vegna fráfalls

BRYNJÓLFS GARÐARSSONAR
matreiðslumeistara,
Flyðrugranda 4, 107 Reykjavík.

Sérstakar þakkir fær starfsfólk krabbameinslækningadeildar Landspítalans 11E og líknardeildarinnar í Kópavogi.

Jón Eldar Brynjólfsson
Brynhildur Brynjólfssdóttir og Garðar Valdimarsson
Ingibjörg Garðarsdóttir
Valdimar Garðarsson
Arnór Normann Davíðsson
Garðar Normann Davíðsson
Elva Björk Normann Davíðsdóttir

✝

Móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

STELLA SÆBERG

lést á hjúkrunarheimilinu Eir föstudaginn 5. september. Útför hennar fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju föstudaginn 12. september kl. 13.00. Þeir sem vilja minnast hennar vinsamlegast láti Alzheimersamtökin njóta þess.

Jóhanna Guðbjörnsdóttir
Kristján Kristjánsson
Árni Sæberg
Margrét Sæberg Þórðardóttir
Skúli Guðmundsson
Valgerður Snæland Jónsdóttir
Guðmundur Hallbergsson
barnabörn og barnabarnabörn.

✝

Ástkær eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

VIÐDÍS ESTER EYJÓLFSDÓTTIR
Vallartröð 10, Kópavogi,

lést á líknardeild LSH föstudaginn 5. september. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 15. september kl. 13.00.

Ingimar G. Jónsson
Valgerður Ingimarsdóttir
Jón Ingimarsson
Eyjólfur Ingimarsson
Guðrún Hrönn Ingimarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Andrés Indriðason
Kristín H. Traustadóttir
Margrét Á. Gunnarsdóttir
Gunnar Hauksson



25%

Animal Parade - tuggutöflur sem bæta og kæta!



25%

Higher Nature - hágæða bætiefnalína.
Fæst eingöngu í Heilsuhúsinu.

HAUST-TILBOÐ!

TILBOÐIN GILDA TIL 14. SEPT.

25%



Guli miðinn
- bætiefnin sem allir þekkja!



Solaray
- hrein og virk bætiefni.

25%



25%

4 sigma sveppa te
Ævafornt heilsubætandi töfrate!



25%

Cocowell Lífrænt kókосvatn
- íþróttadrykkur móður náttúru!

25%



Terranova- hámarks vellíðan!
Nýtt í Heilsuhúsinu.

40%



Latabæjarvítamínin - fyrir káta kroppa!


1.990 KR.

Tilboðspakning. Yogi Detox og Classic
ásamt Yogi tea cup 2 go og strigatösku. Sniðug tækifærissgjöf!



CC Raw hempfræ
- frábær próteingjafi

20%



Biona hempolía
- frábær fyrir excem!

SVARIÐ BÝR Í NÁTTÚRUNNI



Heilsuhúsið

1979

LAUGAVEGI

LÁGMÚLA

KRINGLUNNI

SMÁRATORGI

SELFOSSI

AKUREYRI

REYKJANESBÆ



KL. 20:10

Sósa og salat

Friðrik Dór stýrir skemmtilegum þáttum í anda Diners, Drive-ins and Dives sem hefur notið mikilla vinsælda.

Fjölbreytt fimmtudagskvöld

KL. 20:30

Masterchef USA

Stórskemmtilegir matreiðsluþættir með Gordon Ramsay í forgrunni.



KL. 21:15

NCIS

Stórgóðir og léttir spennuþættir sem fjalla um Leroy Jethro Gibbs og félagar hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins.



KL. 22:00

Major Crimes

Hörkuspennandi þættir sem fjalla um lögreglu-konuna Sharon Raydor sem er ráðin til að leiða sérstaka morðrannsóknardeild.



KL. 20:15

Two and a Half Men

Bráðskemmtileg gamanþáttaröð með Charlie Sheen í aðalhlutverki.



KL. 07:00-20:00

Barnaefni alla daga

Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



KL. 20:15

X Factor UK

Einn vinsælasti þáttur veraldar er loksins kominn til Íslands. Simon Cowell, Mel B, Cheryl Cole og Louis Walsh skipa dómnefndina.



SUDOKU

	9		6	4		7		3
			7			5		
7			1					
	9							2
1	8		2		4			7
	5	4	3				9	
	1			8				5
3	6		5	7		9		
			9	3	2	6		

LÉTT

			5		2	4	9	
		6			4	5		
2				1	3			
		1						7
		9		5			6	1
5	7			2				
			3		1	2		
9						3		
	5			7		9		

MIDLUNGS

		3	6		4			5
7	4	2						
			9	1				2
	2	7						
1							7	8
		5	4		6	2		
7			6		3			
8	6							2
		1		8	2			

PUNG

3	9	1	8	2	6	4	5	7
6	2	4	1	7	5	9	3	8
8	5	7	3	4	9	1	6	2
7	8	3	2	1	4	6	9	5
9	6	2	5	3	8	7	1	4
4	1	5	9	6	7	8	2	3
1	7	6	4	5	3	2	8	9
2	3	9	7	8	1	5	4	6
5	4	8	6	9	2	3	7	1
4	6	1	9	8	2	7	5	3
8	2	5	6	3	7	9	1	4
7	3	9	1	4	5	8	2	6
2	5	8	3	6	9	4	7	1
6	7	3	4	5	1	2	9	8
9	1	4	2	7	8	6	3	5
1	4	6	7	9	3	5	8	2
3	8	7	5	2	6	1	4	9
5	9	2	8	1	4	3	6	7
5	7	1	2	6	3	8	9	4
4	8	2	7	5	9	6	1	3
6	9	3	4	8	1	2	5	7
1	2	8	6	4	5	3	7	9
3	6	4	8	9	7	1	2	5
7	5	9	3	1	2	4	8	6
8	3	7	5	2	6	9	4	1
2	1	6	9	7	4	5	3	8
9	4	5	1	3	8	7	6	2

LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU

Prautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

Myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Øverli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



BARNALÁN

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SPAKMÆLI DAGSINS

„Ef ég missi boltann þá missi ég hann við að reyna að gera eitthvað rétt. Þannig er það bara.“

Frank Lampard

SKÁK

Gunnar Björnsson

Indverska skákdrottningin Tania Sachdev (2.423) vann Alexander Chernukin (2.135) á N1 Reykjavíkur-skákmótinu 2014.

Hvítur á leik:



59. Bf1! Rc5 (59...h1D 60. c7+ Kd7 61. Bb5+ Kc8 62. Ba6+ Kd7 63. c8D#) 60. c7+ Kd7 61. Bb5+ Kc8 62. Bc6 Re4 63. Ke6 h1D 64. Bd7+ Kb7 65. c8D+ Ka7 66. Dc7+ Ka6 67. Dc6+ Ka7 68. Da4+ Kb6 69. Db5+ Ka7 70. Bc6 og svartur gafst upp. www.skak.is: NM barnaskólasveita á Selfossi.

1			2	3	4	5
6	7			8		
9			10			11
12				13		
	14					15
16				17		
18			19			20
21						

KROSSGÁTA

LÁRÉTT

2. hreinsiefni, 6. kringum, 8. gogg, 9. hlaup, 11. í röð, 12. tárffellu, 14. mergð, 16. ekki, 17. knæpa, 18. angan, 20. pfn., 21. krafns.

LÓÐRÉTT

1. veltíngur, 3. utan, 4. ávaxtatré, 5. þakbrún, 7. smíðjumór, 10. stjórnamumdæmi, 13. nam burt, 15. rótar-tauga, 16. trjátegund, 19. svörð.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. sápn, 6. um, 8. nef, 9. gel, 11. rs, 12. gnútt, 14. gndtt, 16. el, 17. krá, 18. ilm, 19. ég, 20. klor, 21. krafns. LÓÐRÉTT: 1. rugg, 4. perútt, 5. úfs, 7. mergill, 10. len, 13. tók, 15. tæga, 16. el, 19. mó.

NYR 16BLS BÆKFLINGUR

FJÖRÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

FRAMÚRSKARANDI FYRIRTÆKI
Afglýsing | Kynning | Tölutæk sýrverskan með tölvu og tölvubúnað

AFMÆLISVEISLA
FJÖRÐ HELDUR ÁFRAM • ÓTRÚLEG AFMÆLISVEISLA

0% VEXTIR
ALLAR VÖRUR
VAXTALAUST Í
12 MÁNUÐI

SMELTU Á KÖRFUNA
NETBÆKFLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

AFMÆLISVEISLA
8%
TÖLVUTEKS

Greitt með einum smelli

TÖLVUTEK
Sími 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

SMELLTU Á KÖRFUNA
NETBÆKFLINGUR Á
WWW.TOLVUTEK.IS
MEÐ GAGNVIRKUM
KÖRFUHNAPP

TENGDU ALLT VIÐ TÖLVUNA

FLOTTUÐU TÖLVURNAR

SPJALDTÖLVUR Í MIKLU ÚRVALI

GÆÐAMERKI Á BETRA VERÐI

UPPEÆRÐU MEÐ STÆL

ÚRVALIÐ ER HJA OKKUR

HÉR ER SJÓN SÖGU RÍKARI

OPNUNARTÍMAR

Virka daga
10:00 - 18:30

Laugardaga
11:00 - 16:00

TÖLVUTEK

Reykjavík • Hallarmúla 2 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900



BIRT MEÐ FYRIRVARA UM BRETINGAR, PRENTVILLUR OG MYNDABRENGI

MENNING

Meðal fallegra, ljóshærðra kvenna

Ladies, Beautiful Ladies er heiti sýningar Birgis Snæbjörns Birgissonar sem opnuð verður í Listasafni ASÍ á laugardaginn. Crymogea gefur líka út bók sem ber sama titil. Tilefnið gott til að ónáða Birgi við frágang sýningarinnar sem teygir sig um allt safnið.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



„Ég er listamanna latastur að halda einkasýningar. Síðasta stóra sýningin mín var á Kjarvalsstöðum 2007. Hún hét Ljóshærð ungrú heimur 1951 – því þá var ég búinn að mála alla vinningshafa fegurðarsamkeppinnar Miss World fram að 2007 og gerði þær allar ljóshærðar og bláeygar. Það var þetta ljóskubema sem ég hef verið fastur í og er enn. Ég er ekkert að losna úr þeim viðjum.“ Þetta segir Birgir Snæbjörn Birgisson glaðlega þar sem hann er að setja upp sýningu sína í Listasafni ASÍ.

Mikið rétt. Upp við einn vegginn á efstu hæð halla sér myndir af nýjstu fegurðardrottningu heimsins og á gólfinu liggur myndröð með blondinum. „Ég skraset þetta verk 2011-2014,“ segir Birgir og bendir á blondínurnar á gólfinu. „Þá byrjaði ég að safna plötuumslögum með ljóshærðum konum og sú myndröð er orðin ansi stór. Það eru komin um 400 umslög. Þegar ég er á ferðalögum reyni ég að fara á markaði og leita þessar plötur uppi þannig að þetta er orðið áráttuverk líka.“

Birgir kveðst maska út allt á umslögum nema myndirnar af ljóshærðu konunum. Það er gert með ljósum litum sem hann vinnur mikið með. „Ég segi stundum að málverk mín séu meira hvísl en hróp,“ segir hann en bendir á að plötuumslögin séu undantekning því ljósmyndirnar eru flestar í sterkum litum.

Birgir viðurkennir að hvaða barn sem er geti málað svona meðfram ljósmynd. „Ég skal bara taka í höndina á því barni og óska því til hamingju,“ segir hann brosandí. „Prautin þunga er oft ekki að gera hlutinn heldur að koma honum í eitthvert samhengi og fá hann sýndan sem myndlist og viðurkenndan sem slíkan. Það getur verið grýtt leið.“

Pólítíska herbergið

Júlía Tímósjenkó, fyrrverandi forsætisráðherra Úkraínu, prýðir einn vegg. „Júlía var lengi búin að vera í huga mér út af þessari fallegu fléttu sem hún ber,“ segir hann. „Þegar ég byrjaði að mála hana sat hún í fangelsi en nú þegar ég hef lokið við verkin er hún sloppin út og er enn að sækjast eftir valdaembættum. Myndirnar mínar eru þó enginn mælikvarði á sekt hennar eða sakleysi.“

Næst skoðum við stórt málverk af bréfi. Það málaði Birgir eftir handskrifuðu bréfi sem Brigitte Bardot

„Prautin þunga er oft ekki að gera hlutinn heldur að koma honum í eitthvert samhengi og fá hann sýndan sem myndlist og viðurkenndan sem slíkan. Það getur verið grýtt leið.“

Birgir Snæbjörn Birgisson

ritaði til stuðnings Marie Le Pen í aðdraganda frönsku forsetakosninganna 2012. Bréfið fangaði huga hans og jók á sköpunarkraftinn eins og enn betur kemur í ljós niðri á næstu hæð.

„Segja má að þetta sé pólítíska herbergið,“ segir Birgir og heldur leiðsögn sinni áfram. „Ég var í Berlín í tvo mánuði og ákvað að gera staðbundið verk. Angela Merkel er valdamesta kona heims í dag. Mig langaði í portrett af henni, varð mér úti um undirskrift hennar og ákvað að gera textaverk. Þau hef ég hér á móti myndröð sem ég gerði af Marie Le Pen, út af bréfinu sem er á efstu hæð.“

Vændiskonur í kjallaranum

Þá er það kjallarin. Þar er eitt bókverk í sýningarkössum og Birgir segir sögu. „Árið 2010 var ég með verk á sýningu í Listasafni Íslands og samtímis nokkur í London. Þetta var stór myndröð sem ég lét heita Fallegu Parísarkonurnar. Það voru textar upp úr gamalli leiðsagnarbók fyrir breska ferðamenn á leið til Parísar og fjölluðu um vændislíf Parísarborgar þess tíma. Bókin var fyrst gefin út 1883 og ég var í mörg ár að velja fyrir mér hvað ég gæti gert við hana áður en ég ákvað að vatnslita textana sem voru nákvæmar lýsingar á útliti, getu og þjónustugleði þessara kvenna, með hverjum þær hefðu verið og hvernig þær hefðu komist til metorða. Þetta voru 108 blöð og ég var meira en ár að puða í þessu. Þegar ég var í tvo mánuði í París 2012 ákvað ég að fara í pílgrímsferð, heimsótti öll heimilisföngin í bókinni og gerði skrasetningarverk sem ég kalla 52 dagar meðal fallegra Parísarkvenna. Ég myndaði húsin og skráði hverja heimsókn. Þessu fylgir svo götukort af París þar sem ég hef merkt inn alla staðina sem ég heimsótti.“

Ég hef orð á að textinn sé daufur og illsýnilegur. „Já, samsinnir listamaðurinn. „Það þarf að rýna svoltið í þetta, eins og í önnur verk mín. Þá eru samskiptin orðin persónulegri og ég segi oft varanlegri því hlutir lifa lengur með fólki ef það hefur eitthvað fyrir þeim.“



LISTAMAÐURINN Birgir Snæbjörn umkringdur myndröðinni Ljóshærðir tónlistarmenn sem gerð er úr plötuumslögum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ladies Beautiful Ladies

Sýningin Ladies Beautiful Ladies verður opnuð í Listasafni ASÍ að Freyjugötu 1 13. september klukkan 15 og verður opin alla daga til 5. október nema mánudaga frá klukk-

an 13 til 17. Aðgangur er ókeypis.

Birgir mun einnig halda sýningu með sama heiti í Helsinki Contemporary galleríinu í Helsinki í lok nóvember. Sýningarstjóri beggja

sýninganna er Mika Hannula. Í tilefni af sýningunum gefur Crymogea út bókina Ladies, Beautiful Ladies með verkum eftir Birgi og texta, meðal annars eftir Hannula.

Lög sem hafa fylgt okkur lengi

Kapparnir Gunnar Guðbjörnsson óperusöngvari og Jónas Ingimundarson píanóleikari ætla að flytja norræn sönglög í Norræna húsinu á laugardaginn.

Allt under himmelens fäste heitir dagskráin sem þeir Gunnar Guðbjörnsson og Jónas Ingimundarson ætla að vera með í Norræna húsinu á laugardaginn. Þar verða norræn sönglög í öndvegi, einkum sænsk og finnsk, meðal annars eftir Grieg, Peterson-Berger, Alfvén, Sibelius og Merikanto.

„Þetta er fjölbreytt dagskrá. Sum laganna hafa fylgt okkur lengi, eins og til dæmis Tonerna eftir Sjöberg,“ segir Gunnar, spurður út í efnisskrána og segir stóra kippu af lögum vera af diskum sem kom út fyrir um tuttugu árum. „En það eru líka ný lög inn á milli, svo sem eftir finnska tónskáldið Merikanto, þau eru sungin á finnsku en lengi vel var lítið til af finnskum textum fyrir ljóðasönginn, þeir voru alltaf þýddir yfir á sænsku. Sibelius var Finnlandssænskur og hafði líklega þessi áhrif.“

Þeir Gunnar og Jónas hafa ferðast víða í gegnum árin vegna tónleikahalds, bæði hér á landi, í Bretlandi og Þýskalandi. „Samt er þetta í fyrsta skipti sem við tileinkum Norðurlöndunum heila dagskrá,“ upplýsa þeir.

Tónleikarnir hefjast kl. 16 á laugardag og miðar verða seldir við innganginn á 3.000 krónur.

-gun



JÓNAS OG GUNNAR „Þetta er í fyrsta skipti sem við tileinkum Norðurlöndunum heila dagskrá,“ segja þeir um tónleikana í Norræna húsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

nettó24

VERIÐ VELKOMIN Í NETTÓ
GRANDA OG MJÓDD

DAG SEM NÓTT

ÞAÐ GÝS BÓKUM Á ÍSLANDI!



Verð: **6.999,-**
Góð næring - betri árangur



Verð: **3.299,-**
Lífið að leysa



Verð: **2.999,-**
Afdalabarn



Verð: **4.599,-**
Kjaftað um kynlíf

**ÚTGÁFUHÓF
AUSTURSTRÆTI
Í DAG KL: 17:00**



Verð: **2.999,-**
Skúli skelfir og draugarnir



Verð: **3.799,-**
Fjarsjóðskistan - sígild ævintýri




Verð: **2.999,-**
Freyja Díð



Verð: **2.999,-**
Múmínálfarnir - Hvað gerðist þá?



Verð: **3.299,-**
Síðasti hlekkurinn



Verð: **3.999,-**
Sköpunarkjarkur



Vildarverð: **2.699,-**
Verð áður: 3.299,-
Í leyfisleysi

SEPT. **BÓK MÁNADARINS**



Vildarverð: **4.199,-**
Verð áður: 4.699,-
Náðarstund

**KEMUR Í
VERSLANIR
Í DAG**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Kringlunni
Álfabakka 14b, Mjódd

Smáralind
Strandgötu 31, Hafnarfirði
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Vestmannaeyjum - Faxastíg 36
Penninn - Hallarmúla 4



540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verzlunum. Vildarverð gilda út september. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



Á SVIÐINU Álfurín í hlutverki sínu í Kameljóni sem hún sýnir í Tjarnarbíói.

MYND/ÁSGEIR ÁSGEIRSSON

Hugmynd sem lét mig ekki í friði

Álfurín Örnólfsdóttir leikkona sýnir einleikinn Kameljón í Tjarnarbíói næstu helgar. Hún segir það tryllt ferðalag um hinar villugjörnu lendur sjálfsins.

„Kameljón er fyrsti einleikurinn minn og það var mikil áskorun að takast á við hann. Ég samdi hann líka ásamt Margræti systur minni og Friðgeiri Einarssyni – fékk hugmynd sem lét mig ekki í friði!“ segir Álfurín Örnólfsdóttir leikkona. Hún hefur hafið sýningar á einleikum Kameljóni í Tjarnarbíói sem snýst um spurninguna um að vera eða ekki vera.

Einstök aðlögunarhæfni og sífelld hamskipti valda því að Kameljóni

veit ekki lengur hver grunnlitur þess er og í verkinu óttast aðalpersónan að hún sé aðeins endurspeglun af þeim sem á vegi hennar verða en ákveður að hafa uppi á sjálfri sér.

Álfurín frumsýndi Kameljón fyrst á Lókal fyrir tveimur árum og fór með það á Act Alone á Suðureyri í fyrrasumar. Hinar góðu viðtökur voru henni hvatning til að taka það upp aftur enda kveðst hún aldrei fá nóg af því að þæla í hvernig umhverfið móti manneskjuna. Leik-

„Kameljón er fyrsti einleikurinn minn og það var mikil áskorun að takast á við hann.“

stjóri er Friðgeir Einarsson.

„Ég gerði örlitlar styttingar og smávægilegar breytingar á verkinu núna, mest til að láta það falla betur inn í rýmið,“ segir Álfurín og tekur fram að sýningin sé 70 mínútur að lengd og án hlés.

- gun

Stefnum að ánægjustund í hádeginu

Jazz í hádeginu er ný tónleikaröð í Gerðubergi sem hefst á morgun, 12. september. Reynir Sigurðsson víbrafónleikari leiðir þar swing-kvartett.



VÍBRAFÓNLEIKARINN Reynir Sigurðsson ætlar að kynna djass fyrir almenningi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

„Við ætlum að taka hátt í tíu lög, gamla standa frá 1930 til 1950,“ segir Reynir Sigurðsson víbrafónleikari um efnisvalið á hádegistónleikum í menningarmiðstöðinni Gerðubergi á morgun, föstudag.

Um nýja tónleikaröð er að ræða sem nefnist Jazz í hádeginu og Reynir ætlar að ríða á vaðið ásamt nokkrum félögum. Hann leiðir kvartett sem skipaður er Hauki Gröndal sem leikur á altsax og klarínnett, Gunnari Hilmarssyni á rythmagítar og Leifi Gunnarsyni sem leikur á kontrabassa og er jafnframt listrænn stjórnandi dagskrárinnar. Leifur orðar það svo að kvartettinn muni „töfra fram tóna frá meisturum gullaldarinnar“.

Eitt laganna sem leikið verður er Memories of you og Reynir á fallega sögu um það. „Louis Armstrong fór í stúdíó með hljómsveit sína 16. október 1930. Trommuleikarinn í þeirri sveit, Lionel Hampton, sá víbrafón úti í horni í þetta lag, Memories of you. Louis Armstrong varð svo hrifinn að hann bað Hampton að nota víbrafóninn í upptökunni og sagan segir að það hafi verið í fyrsta sinn sem víbrafónn var notaður í djassi.“

Hádegistónleikarnir í Gerðubergi standa frá 12.15 til 13. Hver efnisskrá verður flutt tvisvar, frumflutt á föstudegi og endurtekin á sunnudegi.

gun@frettabladid.is



TÖNSKÁLDIÐ OG DANSHÖFUNDURINN Finnur Sigurjón og Lilja keppast við að forma dansverkið sem Lilja ætlar að frumsýna ásamt fleirum í Brooklyn 10. október.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Páfugl úti í mýri

Barnabókmenntahátíðin Mýrin fer fram í sjöunda sinn í Norræna húsinu 9. til 12. október.

Bókmenntahátíðin Mýrin skreytir sig með litskrúðugum fjöðrum páfugls þetta árið og nefnist Páfugl úti í mýri. Á henni koma fram hátt í 40 rithöfundar, myndhöfundar og fræðimenn til að hitt-

ast og spjalla um barnabókmenntir, lesa upp og kenna sagnagerð og myndlist.

Frekari upplýsingar um hátíðina og gesti hennar má finna á www.myrin.is.

Vonast til að koma með sýninguna heim

Pegar Lilja Rúriksdóttir útskrifaðist sem dansari úr Juilliard-háskólanum í New York í vor tók hún við eftirsóttum verðlaunum. Í framhaldinu fékk hún styrk til að semja nýtt dansverk sem verður sýnt í Brooklyn í NY í næsta mánuði.

„Það var ákveðin heimþrá í mér og mig langaði að vinna með Íslendingi,“ segir Lilja Rúriksdóttir dansari, Finnur Sigurjón Sveinbjarnarson, til að semja tónlist við nýtt dansverk hennar. Hún er stödd hér á landi en fer út til New York nú í vikulokin til að hefja æfingar á verkinu því það verður frumsýnt í Brooklyn þann 10. október. Dansarar í því, auk Lilju, eru þrír ymsu hópum. Við útskriftina úr skólanum hlaut hún verðlaun sem kallast The Hector Zaraspe Prize for Choreography og eru veitt einum fjórða árs nemanda á hvert. „Það var mikill heiður,“ segir hún brosandí.

I sumar hlaut hún styrk frá The

Mertz Gilmore Foundation til að semja nýtt verk og réð félagi sinn, Finnur Sigurjón Sveinbjarnarson, til að semja tónlistina. „Ég kynntist Finni Sigurjóni í MH, við vorum þar í sömu grúppu. Hann samdi tónlist við dansverk í Listaháskólanum fyrir Gígju vinkonu mína, ég kom heim til að sjá þá sýningu og hreifst af,“ segir Lilja. „Okkur gengur bara vel með verkið. Byrjuðum hægt en um leið og við þrengdum rammann sem við vinnum í miðar okkur betur.“

Lilja er dóttir Hörpu Helgadóttur sjúkrahjálfa og Rúriks Vatnarssonar lögfræðings. Segja má að hún hafi farið dansandi gegnum lífið og ætli að halda því áfram. „Ég byrjaði í Dansskóla Eddu Scheving þriggja ára. Svo var ég í Listdansskóla Íslands en sautján ára fór ég til New York á sumarnámsskeiði í Joffrey-ballettskóla. Ákvað að halda áfram þar um veturinn og hætta í MH. Svo hef ég verið í Juilliard síðustu fjögur árin. Kom heim á sumrin í fyrstu en hef svo verið úti ýmist á námskeiðum eða að dansa með dansflokkum.“

Hún kveðst hafa verið svo heppin

„Í Juilliard lærði ég líka að semja sjálf. Hluti af bekknum var tekinn í þann kúrs og við þurftum að semja stór verk.“

að geta búið hjá frænku sinni fyrst þegar hún fór út í hinn stóra heim. „Ég þekkti hana ekkert fyrir en það var dásamlegt að fá að kynna henni.“

Lilja var í klassískum ballett lengi vel en byrjaði að leggja aukna áherslu á nútímadans í Juilliard. „Þar lærði ég líka að semja sjálf. Hluti af bekknum var tekinn í þann kúrs og við þurftum að semja stór verk.“

Dansflokkurinn sem Lilja er mest í heitir The Dash Ensemble. Það er stór grúppa sem fer um New York og nágrenni með ýmis verk efni. „Við brestum í breikdans á köflum,“ segir Lilja. „Oftast dýnsnum við innan dyra en síðasta sýningin var úti.“

gun@frettabladid.is

Konur og fjölmiðlar

Opinn fundur um hlut kvenna í fjölmiðlum.

Háskóli Íslands, Oddi, stofa 101.
föstudagur 12. september kl. 15:00 til 17:00

Dagskrá fundarins:

„Aðgengi eða áhugi? Munur á efnistöðum og vægi fréttar eftir karla og konur.“
Kynning á niðurstöðum MA rannsóknar. Arnhildur Hálfðánardóttir, MA í blaða- og fréttamennsku

Kynning á fjölmiðlaverkefni Félags kvenna í atvinnulífnu (FKA), Þóris Lóa, formaður FKA.

„Batnandi konum er best að lifa“. Upplifunarfrásögn - hvað lesa ungar konur úr skilaboðum fjölmiðla. Hildur Knútsdóttir, rithöfundur

Þallborð: Fyrirtesarar, Félag fjölmiðlakvenna, Sigríður Hagalín Björnsdóttir, varafréttastjóri RÚV.

Fundarstjóri: Sigríður Dögg Auðunsdóttir, fyrrverandi ritstjóri Fréttatímans og stofnandi InspiraLý.

Velferðarráðuneytið styrkir viðburðinn.
Léttar veitingar í boði að fundi loknum.
Hlökkum til þess að sjá ykkur sem flest!

Bandalag kvenna í Reykjavík.
MARK Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknar,
Blaða- og Fréttamennska Hi og Félag fjölmiðlakvenna

Gerðu góð kaup

BÓKA LAGERSALA




Gjafir fyrir öll tækifæri!

Yfir 4000 titlar frá öllum helstu útgefendum landsins!

RISALAGERSALA á Fiskislóð 39

OPIÐ ALLA DAGA kl. 10-19

Allt að **90%** afsláttur



3.990 kr.



490 kr.




1.290 kr.



99 kr. Forstjóri dagsins



1.990 kr.



990 kr.



990 kr.



990 kr.




1.490 kr.



990 kr.



1.290 kr.



1.990 kr.

*Birt með fyrirvara um prentvillur. Tilboðin gilda á meðan birgdir endast.

FIMMTUDAGUR

HVAD? HVENÆR?
HVAR?

Leiklist

21.00 Leikfélagið Sýnir verður með spuna-kvöld á Café Rosenberg. Stendur yfir frá 9 til 11.

Umræður

20.00 Ívar Brynjólfsson myndlistarmaður tekur þátt í leiðsögn og ræðir við gesti um verk sín á sýningunni Rás, sem nú stendur yfir í Hafnarborg. Rás er sýning þar sem teft er saman verkum áhugaverðra listamanna sem þekktir eru fyrir að gera huglægri reynslu efnisleg skil á áhrifaríkan hátt.

Dansleikir

22.00 Busaball NFS verður í kvöld á Stapanum. Miðinn er á litlar 2.500 kr fyrir nema NFS en 3.500 kr fyrir ÓNFS. Fram koma ELOQ, Úlfur Úlfur og Micha Moor.

Dans

20.00 DJ Styrmir the Cat spilar fyrir dansi á Prikinu í kvöld.

Tónlist

19.30 Víkingur Heiðar tekst á við 1. píanó konsert Beethovens sem var á líku reki og Víkingur þegar hann frumflutti konsertinn í Vínarborg árið 1801. Hann mun einnig spila Largo mistico eftir Pál Pampichler Pálsson og Sinfóníu nr. 6 eftir Prokofiev.

Stjórnandi er Finninn Pietari Inkinen.

21.00 Raftónlistarmennirnir Future-grapher og Bistro Boy koma fram á Dillon á tónleikakvöldi íslensku plötuútgáfunnar Möller Records.

21.00 Trúbadorarnir Alexander og Guðmann leika ábreiður af gömlum lögum á English Pub í kvöld.

22.00 Trúbador Pétur leikur ábreiður af frægum lögum á Den Danske Kro á Ingólfsstræti 3 í kvöld.

Fyrirlestrar

12.00 Viola G. Miglio, dósent í málvísindum við spænsku- og portúgölskudeild Kaliforníuháskóla í Santa Barbara og gesta-dósent við Deild erlendra tungumála, bókmennta og málvísinda, heldur fyrirlestur

um nýjar aðferðir í bókmenntafræði í dag. Aðgangur er ókeypis og öllum heimill.

16.30 Dr. Terry Hartig prófessor í umhverfissálfræði við Uppsalaháskóla mun flytja erindið Þétting byggðar: Stefna í úlfakreppu? (The densification dilemma: Stress, restoration and the pursuit of urban sustainability) á opnum fyrirlestri í Háskólanum í Reykjavík, fimmtudaginn 11. september nk. kl. 16.30 í stofu M105.

Myndlist

11.00 Seinasti opnunardagur myndlistarsýningar Hrafnkels Sigurðssonar, Revelation, er í dag í i8 Gallery á Tryggvagötu 16. Opnið frá 11 til 5.

17.00 Fabúlararnir eru að fjölga sér og langar þá að fagna þessum viðburði með



þér og þínum. Gestum er boðið til að hitta nýja meðlimi Fabúlu sem og aðra listamenn gallerísins. Nýju Fabúlararnir eru Þóra Einarasdóttir myndlistarkona, Dagný Gylfadóttir keramikar og Embla Sigurgeirsdóttir keramikar. Léttar veitingar í boði. **17.00** Málverkasýning Evu Ísleifsdóttur, Hálfur listamaður opnuð í dag kl. 17.00 í SÍM salnum í Hafnarstræti.

Samkoma

09.00 Haustpartí hjá Lemon á Suðurlandsbraut í dag á milli 9 og 11. Lemon kynnrir gómsæta haustdjúsa sem eru ókeypis fyrir gesti.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

MIKILVÆG ÖRYGGISTILKYNNING

HUGSANLEG
ELDHÆTTA

Gerð Siemens-þurrkara sem málið snertir



SIEMENS

Með skjá eða án hans.

Athugaðu hvort málið snertir þurrkarann þinn!

Málið snertir aðeins þurrkara sem framleiddir voru árið 2002.

Gerðu eftirfarandi til að komast að því hvort þú átt þurrkara sem tengist þessu máli:

- 1** Athugaðu tegundar- og lotunúmerin sem finna má á spjaldinu innan á þurrkarahurðinni eða aftan á þurrkarann (sjá myndina til hægri).
- 2** Farðu inn á: www.siemens-home.com/tumbledryersafety til að athuga hvort málið varðar þurrkarann þinn eða hringdu í gjaldfrjálsa númerið okkar **00800 1908 1908** til að fá frekari upplýsingar og aðstoð.


Athugaðu: Í varúðarskyni mælum við með að þú notir þurrkarann aðeins undir eftirliti, þ.e. þegar einhver er heima og ekki á næturnar. Í undantekningartilvikum gæti rafbúnaður ofhitnað og í versta tilviki valdið hugsanlegri eldhættu.

Við hörmum hvers kyns óþægindi sem þetta kann að valda þér og þökkum þér fyrirfram fyrir samvinnuna. Ef þú átt í erfiðleikum við að komast að því hvort málið varðar þurrkarann þinn eða hefur einhverjar spurningar, hafðu samband við okkur í gegnum vefsíðuna eða hringdu í gjaldfrjálsa númerið.

www.siemens-home.com/tumbledryersafety

Sími: 00800 1908 1908

BSH Home Appliances AB, Box 503, SE-169 29 Solna



Tegundarnúmer (E-Nr.) / Lotunúmer (FD)


Daemi

E-Nr. WTXL752K /01 FD 8202 700001

Siemens-Electrogeräte GmbH

E-Nr. WTXL752K /01 FD 8202 700001

50 Hz	<input checked="" type="checkbox"/> FUSE 16/10A
<input checked="" type="checkbox"/> 2500 W	Wmax 2000-2300 W
<input checked="" type="checkbox"/> Typ WNT1	IPX4 Made in Germany
<input checked="" type="checkbox"/> <input checked="" type="checkbox"/>	



AUÐUNN BLÖNDAL FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Skráðu þig í Ísland Got Talent


Leitin er hafin á ný fyrir stærsta sjónvarpsviðburð Íslandssögunnar, Ísland Got Talent!

Skráning er í fullum gangi og landsmenn virðast vera mjög spenntir fyrir nýrri þáttaröð.

Stöð 2 leitar að fólki á öllum aldri sem hefur einstaka hæfileika til að syngja, dansa, leika á hljóðfæri, sýna töfrabrogð, fara með uppstand eða annað sem mun heilla þjóðina.

Áheyrnarprufur fara fram í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti, Reykjavík, dagana 20. og 21. september.

Skráning fer fram á stod2.is/talent.



KRINGLAN OG SMÁRALIND
591 5300 · GAMESTODIN.IS

Fallturn og festival í Vatnsmýrinni

Fjöldi listamanna kemur fram Októberfest Stúdentaráðs hefst í kvöld.

„Hátíðin hefur alltaf verið að stækka og ég er viss um að hátíðin í ár verður sú flottasta hingað til,“ segir Ísak Rúnarsson, formaður Stúdentaráðs, en í kvöld hefst Októberfest með pomp og prakt á svæði Háskóla Íslands í Vatnsmýrinni. Hátíðin, sem haldin er af Stúdentaráði HÍ, fer nú fram í ellefta sinn og verður boðið upp á mikla tónleika-veislu.

„Við gerum smá breytingar frá því í fyrra og verðum með tvö stórtjöld í ár í stað þess að hafa eitt stórt

og tvö lítil,“ segir Ísak. Í báðum tjöldunum fara fram tónleikar en í nýja tjaldinu verða plötusnúðar í forgrunni. Alls koma um tuttugu hljómsveitir fram á hátíðinni.

Auk þess að bjóða upp á tónleika verður á staðnum fallturn og talsvert framboð af matvællum.

„Það verður gaman að sjá hvornig fólk tekur í fallturninn þegar það er komið

í gott stuð,“ bætir Ísak við. Hátíðin fer fram í kvöld, föstudagskvöld og laugardagskvöld. „Við verðum með búningakeppni á föstudagskvöld og það verða veitt verðlaun fyrir flottasta búning karla og kvenna. Einnig verðlaunum við þann aðila sem er með flottustu mottuna.“

Húllumhæið hefst klukkan 20.00 í kvöld í Vatnsmýrinni og er sala á miði.is og við innganginn. - glp



HÁTÍÐARSKAP Ísak Rúnarsson formaður Stúdentaráðs HÍ lofar miklu stuði í Vatnsmýrinni.

FRAM KOMA MEÐAL ANNARS

- Agent Fresco
- Mamm´´ut
- Vök
- Kiriya Family
- Ourlives
- Emmsjé Gauti
- Reykjavíkurdætur
- Úlfur Úlfur
- Dikta
- Jón Jónsson
- Ojba Rasta
- Hinemoa
- Páll Óskar
- Steindi
- Bent
- Friðrik Dór
- Amabadama



GOTT TEYMI Óskar Guðjónsson og Ife Tolentino koma fram í Mengi í kvöld.

Leiða saman hesta sína

„Í raun hófst þetta verkefni fyrir 12 árum án okkar vitundar þegar ég hitti Óskar í fyrsta skipti í London. Það var eins og við hefðum spilað saman í mörg ár og að hann vissi allt um grúvíð og sálina í brasilískri tónlist en þó þannig að hann bætti einhverju mjög sérstöku við hana. Tveim árum síðar var ég á Íslandi að spila með Óskari og fleiri íslenskum tónlistarmönnum. Tilfinningin varð enn þá sterkari. Ég hafði fundið nýja leið til að spila tónlistina sem ég elska,“ segir brasilíski söngvarinn og gítarleikarinn Ife Tolentino sem kemur nú til Íslands 12. árið í röð til að leika með Óskari Guðjónssyni saxófónleikara í Mengi í kvöld klukkan 21.00. Leiðir þeirra lágu saman í London er Óskar var búsettur þar. Eitt af markmiðum Óskars var að kynna brasilískum gítarleikara og söngvara til að nema þá fögru list sem þetta einstaklega hjartahlýja fólk hefur gefið umheiminum. Bossa nova og samba eru bara þekktustu stílar þessarar margslungnu tónlistar sem Ife og Óskar munu leika. Það má segja að þetta hafi verið ást við fyrsta tón. Vinátta Ife og Óskars hefur getið af sér geisladiskinn VOCÊ PASSOU AQUI. Ife hefur um árabil verið búsettur í London og er vel þekktur innan brasilískrar tónlistarsenu þar í borg. Hlaut hann nýverið verðlaun, Brazilian International Press Awards. - glp



 **Vildarþjónusta**

2.000 kr. afsláttur af áskriftarkortum Borgarleikhússins

ÞREYTT AUGU



BELLAVISTA
Hjálp til at nornnalt, syn
- salafga plantur og næringstoffer

BELLAVISTA náttúrulegt efni fyrir augun, ríkt af lúteini og bláberjum


www.gengurvel.is

Fæst í apótekum, heilsuþúðum og stórmörkuðum

Íslandsbanki býður viðskiptavinum í Vildarþjónustu 2.000 kr. afslátt af áskriftarkortum Borgarleikhússins. Í vændum er kröftugt og töfrandi leikár hjá Borgarleikhúsinu sem þú getur kynnt þér á borgarleikhus.is.

Íslandsbanki er stoltur bakhjarl Borgarleikhússins.

Tilboðið gildir til 20. september

 **Tilboð á áskriftarkortum**

Almennt verð 14.500 kr.
Vildarþjónustuverð 12.500 kr.

Áskriftarkort fyrir 25 ára og yngri
Almennt verð 9.900 kr.
Vildarþjónustuverð 7.900 kr.

Áskriftarkortið gildir á fjórar sýningar að eigin vali.

AFMÆLISBARN DAGSINS



53 ára Virginia Madsen

Helstu myndir: Sideways, The Number 23, Candyman og The Haunting in Connecticut

BÍÓFRÉTTIR

Draumahlutverkið

Jennifer Aniston fær góða dóma fyrir hlutverk sitt í Cake sem frumsýnd var á kvikmyndahátíðinni í Toronto á mánudag. Þar leikur hún fíkil, einangraðan frá umheiminum en Jennifer segir hlutverkið vera „meira en draumahlutverkið“ í Variety. Tökur hófust í apríl og tóku þær á Jennifer. „Ég eyddi helgum hjá nuddurum til að halda geðheilsunni.“



Enginn Iron Man 4

Iron Man 4 verður ekki að veruleika ef marka má orð Roberts Downey Jr. í samtali við Variety. „Það er ekki planið að gera fjórðu myndina.“ Aðeins sex vikur eru síðan hann gaf annað í skyn. Það er því spurning hvort Iron Man 4 verði gerð án Roberts en Marvel er með 11 myndir á teikniborðinu til 2019.



FRUMSÝNINGAR



The November Man Spenna
Aðalhlutverk: Pierce Brosnan, Luke Bracey, Olga Kurylenko og Bill Smitrovich.

IMDb 6,7
38%
Rotten Tomatoes 36%



Postman Pat: The Movie
Teiknimynd

Aðalhlutverk: Jim Broadbent, Jane Carr, Robin Atkin Downes og Susan Duerden.

IMDb 4,8
44%
Rotten Tomatoes 52%



FAGMENN Hér eru þeir Denzel Washington og Antoine Fuqua á góðri stund. NORDICPHOTOS/GETTY

Tveir kóngar sameinast á ný

Stórleikarinn Denzel Washington og leikstjórinn Antoine Fuqua leiða saman hesta sína á nýjan leik því Washington hefur nú verið staðfestur sem einn af aðal-leikurum í kvikmyndinni The Magnificent Seven. Þetta staðfesti Fuqua á kvikmyndahátíðinni í Toronto á dögunum, þar sem þeir tveir eru einmitt að kynna aðra kvikmynd sem þeir vinna saman að, The Equalizer.

Þeir félagar eru þó þekktastir fyrir kvikmyndina Training Day, þar sem Washington fór með aðalhlutverkið og Fuqua sá um leikstjórn en hún skilaði stórleikaranum einmitt Óskarsverðlaunum.

Nýja kvikmyndin, The Magnificent Seven, er önnur endurgerð af kvikmyndinni Seven Samurai eftir Akira Kurosawa árið 1954. Fyrri endurgerðin er frá árinu 1960 og léku Yul Brynner, Steve McQueen, Charles Bronson, James Coburn og Robert Vaughn í þeirri mynd. Sagan gerist í smábæ sem ræður sjö menn til þess að vernda bæinn og mun Washington því bregða sér í líki verndarengils sem berst gegn glæpum.

Tom Cruise var orðaður við hlutverkið sem Washington fer með en svo virðist vera sem að sá síðarnefndi hafa haft hlutverkið af hjartaknúsanum Tom Cruise.

-gjp

Tveir ólíkir menningarheimar mætast í eldhúsinu

Kvikmyndin The Hundred-Foot Journey, í leikstjórn Lasse Hallström, verður frumsýnd hér á landi á morgun. Myndin fjallar um hvernig tveir menningarheimar mætast í gegnum matreiðslu.

Kvikmyndin The Hundred-Foot Journey verður frumsýnd hér á landi á morgun en aðalhlutverk leika Helen Mirren, Om Puri, Manish Dayal og Charlotte Le Bon.

Myndin segir frá indverskri fjölskyldu sem flúði frá Indlandi eftir að veitingastaður hennar var eyðilagður í óeirðum stjórnarandstæðinga með þeim afleiðingum að fjölskyldumóðirin, sem jafnframt var kokkurinn á veitingastaðnum, lét lífið. Síðan þá hefur fjölskyldufaðirinn leitað að stað í Evrópu þar sem hann og fjölskylda hans gætu hafið nýtt líf og opnað veitingastað. Tilviljun ræður því að fyrir valinu verður hús í litlu sveitaborgi í Frakklandi sem þó skartar veitingastað sem hlotið hefur Michelin-stjórnun fyrir eldamenskuna. Eigandi þess staðar, Madame Mallory, er hins vegar lítt hrifin af tilvondandi samkeppni Indverjanna og í gang fer atburðarás og barátta sem á þó eftir að fara allt öðru vísi en nokkur hefði getað séð fyrir.

Tökur á myndinni hófust í september í fyrra í Suður-Frakklandi, nánar tiltekið í Saint-Antonin-Noble-Val. Þar stóðu þær yfir í níu vikur og því næst var förinni heitið til Hollands og Parísar í Frakklandi.

Áður en tökur hófust eyddu leikararnir Manish Dayal og Charlotte Le Bon talsverðum tíma í að heimsækja veitingastaði og fylgjast með vinnunni í eldhúsinum. Þá leitaði framleiðandinn Juliet Blake einnig til kokksins Floyd Cardoz, sem er fæddur í Indlandi, og miðlaði hann þekkingu sinni við að bræða saman tvo ólíka menningarheima með matreiðslu.

Leikstjóri myndarinnar er Lasse Hallström en hann er hvað þekkt-



MATGÆÐINGUR Helen Mirren leikur Madame Mallory í myndinni.

IMDb 7,5
55%
Rotten Tomatoes 67%

astur fyrir kvikmyndir á borð við Chocolat, What's Eating Gilbert Grape, The Cider House Rules og Hachi: A Dog's Tale.

liljakatrin@frettabladid.is

Matur blandar saman menningum

DreamWorks Pictures réð leikstjórnann Lasse Hallström í júní í fyrra til að leikstýra myndinni en framleiðendur myndarinnar eru Steven Spielberg, Oprah Winfrey og Juliet Blake. Myndin er byggð á samnefndri skáldsögu eftir Richard C. Morais en Oprah valdi hana sem eina af sínum eftirlætisbókum sumarið 2010.

„Matur blandar saman menningum og leyfir okkur að kíkja inn í líf annarra,“ segir Oprah um bókina sem er í miklu uppáhaldi enn hjá spjallþáttadrottningunni.

Prófaðu áskrift
frítt í 30 daga!
-engin skuldbinding!



Tónlist.is

Hlustaðu hvar og hvenær sem er
Þú getur hlustað í tölvunni, símanum, spjaldtölvunni og í græjunum.



VERÐHRUN!

RÝMINGAR SALA

BÓKAÚTGEFENDA

BORGARTÚNI 29

OPIÐ KL. 10-19 ALLA DAGA

KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!

ALDREI
MEIRA
ÚRVAL!

OPNUM
Í DAG!

ALLT AÐ 90% AFSLÁTTUR!



1.490,-



1.990,-



1.990,-



990,-
Allar Margit Sandemo
bækur á 990,-



990,-



990,-



1.990,-




1.990,-



990,-



600,-



990,-

BÆKUR FRÁ ÖLLUM HELSTU ÚTGEFENDUM LANDSINS!

Trend á Twitter Tístarar velta fyrir sér möguleikum iPhone 6

Kassamerkið
#iPhone6questions
varð verulega vinsælt á Twitter á þriðjudag þegar nýjustu útgáfur iPhone voru kynntar. Skiptar skoðanir eru um snjallsímann og veltu margir fyrir sér hvað hann gæti í raun og veru gert.

Moose Allain
@MooseAllain
9. sept.
Ég hef þetta stutt, er að tísta úr iPhone, en verður rafhlaðan betri #iphone6questions

TechnicallyRon
@TechnicallyRon
9. sept.
Mun hann gera pabba stoltan af mér? #iphone6questions

Muscle & Fitness
@muscle_fitness
9. sept.
Ég meina, lyftir hann einu sinni? #iphone6questions

Miranda Keeling
@MirandaKeeling
9. sept.
#iphone6questions Er hann betri en súkkulaðikaka með ætu glimmeri? #iphone6answers
Nei.

The Sunday People
@thesundaypeople
9. sept.
Mun hann virka ef ég missi hann í klósettið? #iphone6questions

VodkaVendettas
@VodkaVendettas
9. sept.
Er hann lífrænn? Er hann glútenfrír? #iphone6questions

Trans - Atlantic **10** ár

ÁSTIN RÆÐUR FERÐINNI

ÍTALÍA - VERONA

Í BEINU FLUGI

31 október - 3 nóvember 2014

Upplifðu borg elskenda! Flestir sem þekkja til Rómeó og Júlíu vita að Verona var borgin þar sem ástin þeirra kviknaði og lifir enn. Borgin er vinsæl fyrir sögulegar byggingar, falleg torg og brýr yfir Adige ána. Verona er þekkt fyrir einstaka matargerð, bragðmikla osta og vínmenningu. Einstök ferð sem gleður og gerir vel við bragðlauka sem og önnur skynfæri. Takmarkaður fjöldi sæta er í boði.

Upplifun sem að enginn má missa af.

- Flug, allir skattar og gjöld
- Allur akstur samkvæmt dagskrá
- Gisting á hóteli með morgunmat
- Úrval skoðunarferða í boði
- Íslensk fararstjórn

Kynntu þér málið á **transatlantic.is** og í síma **588-8900**

ICELANDAIR Trans - Atlantic



Lifa tvöföldu lífi á samfélagsmiðlum

Hrefna Hrund Pétursdóttir sálfræðingur segir tvöfalt líf á samfélagsmiðlum mögulega leið ungmenna til að fá útrás fyrir erfiðar tilfinningar.

Netöryggi hefur mikið verið rætt í fjölmiðlum upp á síðkastið. Mikið hefur borið á því undanfarið að íslenskar unglingsstúlkur noti samskiptamiðilinn Instagram til þess að tjá erfiðar tilfinningar. Instagram-síðurnar ganga þannig fyrir sig að notandinn deilir þar myndum að eigin vali, en getur ráðið hvort síðan er opin öðrum notendum eða hvort biðja þurfi sérstaklega um aðgang að henni. Svo virðist sem þær noti opna aðganginn til þess að setja upp eins konar fullkomna ímynd. Á lokaða aðganginum birta þær svo myndir sem eru kannski raunverulegri eða sýna líf þeirra og líðan í réttu ljósi. Undir myndirnar skrifa þær athugasemdir á borð við „Ég hef alltaf verið ósatt með líkama minn“ eða „Vildi óska þess að ég myndadist vel“. Stúlka á fermingaráldri setti inn mynd af sigarettu og skrifaði undir „tvær á dag koma skapinu í lag“.

Fréttablaðið hafði samband við unglingsstúlkuna sem þekkir þetta vel og lýsti svona: „Þær setja allt

barna inn og setja viljandi ljótar myndir þarna í staðinn fyrir að setja það á opnu síðuna, því þar á allt að vera fullkomið. Þetta er eiginlega eins og að eiga annað líf þar sem þær segja hvað allt sé ómurlegt og þær ómurlegar.“

Hrefna Hrund Pétursdóttir, sálfræðingur í Forvarna- og meðferðarteymi barna hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, segir að mögulega sé þetta leið þessara unglingsstúlkna til að fá útrás fyrir erfiðar tilfinningar sem þær séu ekki tilbúnar að deila nema með útvöldum. Í sumum tilvikum gæti þetta hreinlega verið kall á hjálp.

„Það er þekkt að sumir einstaklingar, sem líður illa, setji upp grímu til þess að aðrir sjái ekki hversu illa þeim líður, en þeim líður í raun mjög illa. Þetta gæti verið birtingarmynd af því sem hefur þá færst á netið,“ segir Hrefna, og á þá við að opni aðgangurinn sé líkur þeirri grímu sem fólk notar til að fela raunverulegar tilfinningar sínar.



Gómsætir súkkulaði- og saltkringlubitar

Einfaldir, skemmtilegir og gómsætir bitar sem fljótlegt er að útbúa.

Botn
1 1/2 bolli hveiti
3/4 bolli muldar saltkringlur (mældar þegar búið er að mylja niður)
1/3 bolli flórsykur
1/2 bolli bráðið smjör

Fylling
2 bollar dökkir súkkulaðibitar
1 bolli hnetusmjör
1 bolli brytjaðar saltkringlur

Hitið ofninn í 180 gráður. Klæðið litla bökunarplötu eða ferkantað form með bökunarpappír.

■ **Botn:** Þeytið hveiti, saltkringlur og sykur vel saman. Bætið smjörinu varlega saman við. Deigið á að vera mjúkt en ekki

of blautt. Drýstið deiginu í formið og bakið í 10-12 mínútur.

■ **Fylling:** Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði eða í örbylgjuofni. Bætið hnetusmjörinu saman við og hrærið þar til mjúkt. Hellið súkkulaðið yfir botnin og dreifið úr. Gott er að slá forminu í borðplötu til þess að losna við loftbólur sem kunna að myndast í súkkulaðinu. Stráðið saltkringlunum yfir og setjið svo formið í frysti í um klukkustund. Skerið bitana niður og berið fram, annaðhvort frosna eða við stofuhita.

Uppskriftin er fengin af síðunni www.yummly.com.





STELLA

STELLA MCCARTNEY

The First Fragrance by Stella McCartney



NÝ PLATA
Nýdanskir fagna nýrri plötu um helgina.
MYND/MUMMI LÚ

Nýdanskir gefa út

Hljómsveitin Nýdönsk sendir frá sér nýja hljómplötu á veraldlegu formi um helgina sem heitir Diskó Berlín.

Diskó Berlín, níunda breiðskífa hljómsveitarinnar Nýdönsk, er nú komin út í rafrænu formi á Tónlist.is og Spotify. Almennur útgáfudagur á geisladiski er 13. september. Sama dag heldur hljómsveitin tvenna tónleika í Eldborgarsal Hörpu.

Diskó Berlín var hljóðrituð í Berlín, Hafnarfirði og Reykjavík

og inniheldur fjölbreytilega popptónlist, oftar en ekki takfasta mjög. Þrjú lög af plötunni hafa hljómað á öldum ljósvakans síðustu mánuði og hlotið ágætis viðtökur. Þau eru ádeilusöngurinn Uppvakningar, Nýr maður, sem hljómsveitin gerði myndband við á dögunum, og titillagið Diskó Berlín.

- gfp

Glös fyrir stór og smá tilefni



Hjá Fastus fæst mikið úrval af glösum fyrir stóra og litla veitingastaði. Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 og látið fagmenn hjálpa ykkur við að velja réttu glösin.



Veit á vandaða lausn

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is
Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

Vilja aðstoða við að kaupa lyf og lækna

Kraftur, félag ungs fólks með krabbamein og aðstandenda, stofnar neyðarsjóð.

„Kostnaður getur hlaupið á hundruðum þúsunda sem ungt fólk hreinlega stendur ekki undir, er jafnvel nýkomið úr námi, með ung börn og er að byrja að fóta sig á vinnumarkaðnum. Kostnaður sjúklunga í heilbrigðiskerfinu hefur farið vaxandi síðastliðin ár, en ef við berum okkur saman við nágrannalönd okkar að þá stöndum við virkilega höllum fæti. Á Norðurlöndunum, í Bretlandi, Frakklandi og Þýskalandi þarf fólk ekki að borga krónu þegar það greinist með jafn alvarlegan sjúkdóm og krabbamein,“ segir Halldóra Víðisdóttir, formaður Krafts, félags ungs fólks með krabbamein, og aðstandenda þeirra. Félagið stendur fyrir Styrktartónleikum í Norðurljósaal Hörpunnar þann 17. september næstkomandi. Í ár fagnar Kraftur 15 ára afmæli sínu og verður Neyðarsjóður Krafts stofnaður formlega á afmælisdeginum, 1. október. Hans hlutverk verður að standa við bakið á ungu fólki með krabbamein þegar kemur að kostnaði í sambandi við lyf, læknisheimsóknir og þess háttar.

Það sem hefur einkennt starfsemi Krafts í gegnum árin er jafningastuðningurinn sem meðlimir félagsins veita, en Kraftur starfrækir stuðningsnet undir handleiðslu sálfræðings. Ungt fólk með krabbamein og aðstandendur þeirra hafa því kost á að leita þangað eftir stuðningi frá aðila sem hefur verið í svipuðum sporum. Þetta þekkir Halldóra af eigin reynslu, en haustið 2011 missti hún systur sína eftir stutta en erfiða baráttu við sjúkdóminn. Mánuði áður en hún tók við sem formaður félagsins hljóp hún í Reykjavíkumaraþoninu til styrktar Krafti. „Ég sá þarna tækifæri til að gefa til baka en eftir jafn erfiða lífsreynslu og að missa einhvern svona nákominn þá hafði ég mikla þörf fyrir það,“



VILL STANDA VIÐ BAKIÐ Á UNGU FÓLKI MEÐ KRABBAMEIN Halldóra Víðisdóttir er formaður Krafts. AÐSEND MYND

segir Halldóra. Eins og áður sagði verða tónleikarnir haldnir í Norðurljósaal Hörpu þann 17. september kl. 20.00. Allir sem fram koma þetta kvöld gefa vinnu sína og er Atlantsóla sérstakur styrktaraðili tónleikanna. Allur ágóði tónleikanna rennur óskiptur í Neyðarsjóð Krafts.

Þeir sem fram koma á tónleikum eru: Emiliana Torrini, Bagga-lútur, Amaba Dama, KK & Ellen og AbbaShow. Sérstakur gestur verður Ari Eldjárn og kynnrir verður Sólmundur Hólm. Miðasala fer fram á midi.is og harpa.is.

- asi

LANDMARK

FASTEIGNASALA

AUSTURKÓR 121-125,
203 KÓP



- Mjög vel skipulögð einnar hæðar raðhús
- Stærðir eru ca. 150 fm með innbílslukur
- Afhendast fullbúin að utan fokheld að innan
- Gert er ráð fyrir rúmgóðri verönd
- Afhendingartími ca. 6 mánuðir.
- Mögulegt að fá afhentar fullbúna án gólfefna

V. 34.7 – 35.5 millj. Sveinn s: 6900.820

Sveinn Eyland, löggiltur fasteignasali - gsm: 6900-820
LANDMARK fasteignasala – Bolholti 4 s: 512-4900

Ein fullnægning kveikir á annarri

Ég hef verið að þæla í því hvað sé sexí. Mitt sexí er annað en þitt sexí og það er svolítið skemmtilegt. Mér finnst líka eitthvað ofsalega æsandi á miðvikudegi en alls ekki á fimmtudegi. Ef einhver segist vera hrifin af klúru koddahjali væri það fljótt að missa kitlið sitt ef viðkomandi ætlar að klæmast á hverju einasta kvöldi. Við manneskjurnar erum nefnilega ansi sveigjanlegar þegar kemur að þessum hlutum. Það getur skipt máli að hafa smá fjölbreytni í þessu, rétt eins og öðru í lífinu.

Þá er það mjög mikilvægt fyrir okkar kynferðislega sjálf að vita hvað kveikir í okkur ásamt því að átta okkur á því að við kveikjum á okkur sjálfum, ekki aðrir í kringum okkur. Það er nefnilega okkar að vera með augun og skynfærin opin fyrir því sem okkur þykir æsandi. Mjög margir falla í þá gryfju að ætla öðrum að kveikja í þeim kynferðislega. Þeir skrifa skort á kynlöngun á ytri aðstæður eða bólfélaga sem er ekki nægjanlega svona eða hinsegin. Þegar þú skoðar kynlöngun þá þarf hún að byrja á þér, ekki einhverjum öðrum. Þú þarft að finna hvað þér þykir sexí og hvernig það verkar á þig. Rétt eins og okkur langar stundum í einn mat fram yfir einhvern annan, þá getur okkur þótt eitt æsandi einn daginn og eitthvað allt annað daginn eftir og þar getur bólfélaginn einnig spilað inn í. Þetta er ákveðin kúnt en



getur verið virkilega skemmtileg æfing. Ein leið til að finna út úr þessu er að prófa sig áfram. Það þarf ekki að vera í kynferðislegu samhengi heldur getur það verið með lestri bókar, fatnaði, mat, umhverfi, bara eiginlega öllu. Hvað er það sem lætur þér líða unaðslega og vel? Sem fær þig til að geta leyft þér að njóta? Kynlíf snýst um að njóta og sumir þurfa leyfi til að fá að njóta. Rétt eins og þegar maður skukur ofan í góða bók og gleymir stað og stund þá getur verið gott að gefa sér rými til að gera slíkt hið sama í kynlífinu. Bara vera, hér og nú. Þessi núvitund er verkefni nútíma mannsins sem þeyt-

ist út um allt í leit að afþreyingu frá utanaðkomandi áreitum. Inn í þetta spilar svo einnig að gefa sér tíma og rými til að uppgötva eigin líkama og taka honum fagnandi, hvernig svo sem hann er. Ein fullnægning kveikir á annarri og því þarft þú að kveikja á þínum eigin kveikiþræði áður en þú býður bólfélaganum að baða sig í birtunni frá þér.

KYNLÍF TAKTU PÁTTI!

Sendu Siggú Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu. kynlif@frettabladid.is



MIKIÐ ÚRVAL - NORTH ROCK - ÚTIVISTAR- OG ÍPRÓTTAFATNAÐUR

LAGER SALA



Hlý og lipur úlpa
með 5000 mm vatnsheldni

Kr. 15000



NÝ VARA

TILBOÐ ÞESSA DAGA

Kuldaúlpa - Börn - Unglingar - Fullorðnir
Verð 12000 kr - 14000 kr



GRI-sport
Leður & gritex
Gönguskór
12000 kr



Flíspeysa NÝTT
Börn - Unglingar - Fullorðnir
Verð: 4500 kr-5500 kr



Útivistarbuxur
Dömu & herra



100% Merino-ull
Börn-dömur & herrar
Verð frá 3500-5500 kr



Dryfit bolur
NÝTT 4000 kr



Dryfit bolur
NÝTT 3000 kr



Hlaupabuxur
5000 kr
NÝTT



Flísjakkar dömu & herra

OPNUNARTÍMI

11.sept Fimmtud. KL. 16-20 13.sept Laugard. KL. 12-17 **Víkurhvarf 2 - Kópavogur**
12.sept Föstud. KL. 16-20 14.sept Sunnud. KL. 13-17 -sama hús og Fjölsmiðjan

Leysa algengt peningavandamál

Fjórir piltar leggja nú lokahönd á smíði nýs apps sem kallast Sway. Appið kemur til með að leysa vandamál fyrir þá sem fá aldrei til baka þá peninga sem þeir lána. Það virkar fyrir stýrikerfi Apple og Android.

„Við erum að leysa vandamál sem flestir þekkja vel. Þegar þú leggur út fyrir einhverju og vinnir gleyma að borga þér,“ segir Arnar Jónsson, einn af stofnendum frumkvöðlafyrirtækisins Memento sem unnið hefur að þróun nýs greiðsluapps sem kallast Sway. Memento tók þátt í Gullegginu seinasta vor og komst þar í úrslit.

Um er að ræða smáforrit sem gerir kleift að halda utan um greiðslur og rukkunar milli vina, vandamanna eða hópa en með appinu má ganga frá greiðslum samtundis bæði á einfaldan og skemmtilegan hátt. „Það er ákveðið vandamál sem getur fylgt því að taka þátt í sameiginlegum útgjöldum en ýmsir kannast við vandræðin sem fylgja því að skipta reikningi á veitingastað, fara í kortaleikinn í leigubílnum, rukka vin um pítu frá helginni áður eða allt utanumhaldið sem getur fylgt því að kaupa gjafir með öðrum. Oft lendar reikningurinn á einhverjum einum en seinlegt og óþægilegt getur reynst að innheimta þessar skuldir án þess að togstreita myndist,“ útskýrir Arnar.

Hugmyndafræði Memento er að fyrir hverja greiðslu eða rukkun sé viðeigandi að taka mynd af atburðinum – upphæðinni til staðfestingar. Með þessu móti verður greiðsluferlið bæði

skemmtilegra og félagsmiðaðra. Á einfaldan hátt geta notendur fundið vini sína og búið til tengslanet. „Kerfið er óháð bönkum, og í rauninni töluvert frábrugðið þeim greiðslulausnum sem við þekkjum í dag,“ segir Gunnar Helgi einn af stofnendum.

„Það má segja að þetta sé eins og Snapchat eða Instagram fyrir greiðslur,“ bætir hann við. Fyrirtækið hefur í eitt ár unnið að smíði appsins sem gefur notandanum kost á að hafa fullkomna yfirsýn yfir ógreiddar skuldir ásamt því að öll samskipti er varða vinagreiddslur eru á einum stað. Það er liðin tíð að þurfa að biðja vini um kennitölu og reikningsnúmer. Þessi laus hentar því vel fyrir bæði einstaklinga, hópa, góðgerðarsamtök sem og félagsamtök.

Sway er hannað fyrst og fremst með öryggi að leiðarljósi. Sett hefur verið saman gott teymi á sviði öryggismála og gagnagrunnskerfa sem hafa séð til þess að öryggi verði á heimsmælikvarða.

Starfsmenn Sway eru nú að álagsprófa smáforritið en það mun fara í notkun á meðal almennings innan skamms. Forritið virkar bæði fyrir stýrikerfi Apple og Android.

gunnarleo@frettabladid.is



LEYSA VANDANN Hér eru þeir Arnar Jónsson, Gunnar Helgi Gunnsteinsson, Jón Dal Kristbjörnsson og Trausti Sæmundsson hafa unnið að smíði nýs greiðsluapps sem kallast Sway. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hvernig virkar appið?

- Kerfið er byggt upp ekki ósvipað þekktum samfélagsmiðlum líkt og Snapchat og Instagram þar sem samskipti með ljósmyndir og persónuleg tengslanet eru þungamiðjan. Hugmyndafræði Memento er að fyrir hverja greiðslu eða rukkun sé viðeigandi að taka mynd af atburðinum – upphæðinni til staðfestingar. Með þessu móti verður greiðsluferlið bæði skemmtilegra og félagsmiðaðra (e. more social). Í raun má segja að með Sway sé verið að færa netbankaþjónustu og snjallsíma-greiðslur bankanna upp á annað stig.
- Sway er hannað fyrst og fremst með öryggi að leiðarljósi. Sett hefur verið saman teymi helstu öryggissérfræðinga landsins sem hafa séð til þess að öryggi er á heimsmælikvarða bæði á sviði almenns netöryggis sem og gagnavörslu.
- Sway er hannað og þróað samhliða innleiðingu öryggismála og því bitna öryggisþættirnir lítið á notendaupplifuninni.

- Allt fjármagn er geymt á bankareikningi hjá viðskiptabanka og því ekkert eiginlegt fjármagn í kerfinu sjálfu. Auðvelt er að tengja debet- og kreditkort við kerfið en engar kortaupplýsingar eru geymdar hjá Sway heldur eingöngu hjá færsluhirðum.
- Öll samskipti sem og gögn eru dulkóðuð skv. nýjustu stöðlum.
- Persónuupplýsingum er haldið leyndum fyrir öðrum notendum.
- Kerfið verður einungis aðgengilegt í gegnum snjallsíma. Af öryggisástæðum verður ekki hægt að skrá sig inn í kerfið í síma annarra heldur einungis í þeim síma sem aðgangur var stofnaður. Þannig má tryggja að aðeins sé hægt að opna Sway-aðganginn úr eigin síma þar sem hver notandi er auðkenndur í sínu símtæki.
- Hefðbundin pin-númer verða að sjálfsgöðu til staðar þegar greitt er.

EIGNAMIDLUN
588 9090 · www.eignamidlun.is · Síðumúla 21 · 108 Reykjavík

Frá 1957
Sala fasteigna í **57** ár
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Framúrskarandi
fyrirtæki 2013

OPIN HÚS Í DAG

LITLIKRIKI 74 270 MOS.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

Þrjú radhús í fjöggra húsa lengju. Endaradhúsið er 216 og tvö miðhús eru 202,5 fm. Húsin eru á tveimur hæðum með innbyggðum 26,9 fm bílskúr. Timburverönd til suðurs. Húsin seljast í núverandi ástandi, þ.e. tilbúið til innréttinga, hiti er komin í gólf og rafmagn dregið í að hluta. Búið er að sandspartla og mála endaradhúsið en hin tvö tilbúin til sandspörtlunar. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:00 og kl. 17:30. V. 110 m. 4540**

SVALBARÐ 10 220 HF.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

155 fm einbýlishús á einni hæð með bílskúr innanlega í botnlanga við Svalbarð 10 Hafnarfirði. Húsið er laust við kaupsamning. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:00 og kl. 17:25. V. 37,9 m. 4528**

LINDARGATA 10 101 RVK.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

Húsið er kjallari hæð og ris, byggt árið 1913. Laust við kaupsamning. Samkvæmt deiliskipulagi: Leyfilegt er að rífa núverandi bislag og stækka húsið þ.e. kjallara, hæð og ris til austurs upp að brunavegg við Lindargötu 12. Þarf að skoða vel. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:00 og kl. 17:30. V. 37,9 m. 4533**

LAUGARNESVEGUR 52



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

Tvær íbúðir í endursteinuðu 102 fm húsnæði á einni hæð að Laugarnesvegi 52 Reykjavík. Húsnæðið var áður verslunarhúsnæði en hefur nú verið breytt í 2ja herbergja íbúð og eina stúdíóíbúð sem er ekki samþykkt sem íbúð ein og sér. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:00 og kl. 17:25. V. 28,9 m. íbúð merkt 01-01. 4536**

ENGIHJALLI 17 KÓP.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

Íbúð 0201 er 4ra herbergja íbúð á 2.hæð í góðu lyftuhúsi. Þrjú svefnherb. Endurnýjað baðherb. Tvennar svalir. Sameiginlegt þvottahús á hæðinni. Laus strax og sölumenn sýna. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:00 og kl. 17:25. V. 22,9 m. íbúð merkt 02-01. 4531**

ENGJASEL 67 109 RVK.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

3ja herbergja 91,7 fm íbúð á 2.hæð í húsi sem að mestu er klætt með steni að utan. Stæði í bílagemymslu fylgir. Rúmgóð stofa, suðvestursvalir. Eignin þarfnast lagfæringa, laus strax, lykjar á skrifstofu. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:00 og kl. 17:30. V. 19,9 m. íbúð merkt 02-02. 4534**

BJARKARÁS 9 GBÆ.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

Glæsileg fullbúin 4-5 herbergja 141,7 fm nýleg efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt stæði í bílagemymslu. 51,3 fm sér þaksvalir. Húsið er byggt 2006. 3 svefnherb. Parket, sjónvarpshol. Frábært skipulag. Laus strax, lykjar á skrifstofu. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:15 og kl. 17:45. V. 49,9 m. íbúð merkt 02-01. 4535**

DIGRANESHEIÐI 31, KÓP.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

Digranesheiði 31 íbúð 0101 er 59,4 fm 2ja herbergja íbúð á jarðhæð í tvíbýlishúsi. Góð staðsetning. Eignin er til afhendingar við kaupsamning. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:45 og kl. 18:10. V. 16,9 m. íbúð merkt 01-01. 4530**

HÁALEITISBRAUT 34



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

Góð 105 fm 4ra herbergja íbúð á 2.hæð við Háaleitisbraut í Reykjavík. Íbúðin er laus við kaupsamning. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:45 og kl. 18:10. V. 29,9 m. íbúð merkt 02-01. 4532**

FJÓLUHVAMMUR 10 HF.



OPÍÐ HÚS
fimmtudag

261 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 2ja herbergja aukaíbúð á jarðhæð. Efri hæðin skiptist í forstofu, 4 svefnherbergi, sjónvarpsstofu, stofu, eldhús og baðherbergi. Á neðri hæð er rúmgóður bílskúr og aukaíbúð með sérinngang. Auðvelt er að opna á milli íbúða og nýta sem eina heild. Húsið er laust við kaupsamning. **Eignin verður sýnd fimmtudaginn 11. september milli kl. 17:45 og kl. 18:10. V. 52,9 m. 4529**



NIJYDÖNSK

SJÁUMST Í HÖRPU Á LAUGARDAGINN
ÖRFÁIR MIÐAR EFTIR



HARPA 13. SEPTEMBER KL. 19.30 · **UPPELT**
HARPA 13. SEPTEMBER KL. 22.30 · **ÖRFÁ SÆTI LAUS**
HOF 27. SEPTEMBER KL. 20.00



Miðasala fer fram á midi.is, harpa.is og menningarhus.is
Einnig í miðasölu Hörpu í síma 528 5000 og miðasölu Hofs í síma 450 1000

VIÐSKIPTAVINIR
ISLANDSBANKA FÁ
20% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI



Gleði og glamúr á góðgerðarsamkomu


Fashion Rocks var haldin hátíðleg á miðvikudag, en þar koma saman tónlistarmenn og tískumógúlar í þágu góðgerðarmála. Meðal þeirra sem komu fram voru söngkonurnar Jennifer Lopez, Nicki Minaj og Rita Ora.



JENNIFER LOPEZ
skemmti
gestum.



FYRRVERANDI
Victoria's
secret-engillinn
Karolina
Kurkova.



JUSTIN BIEBER
fækkaði fötum
fyrir góðan
málstað.



KYNNIR
KVÖLDSINS,
Ryan Sea-
crest.



SÖNG-
VARINN
NICK JONAS
lét sig ekki
vanta.



OFURFYRIRSETAN
Joan Smalls var
glæsileg að venju.

LYFJA
- Lífið heil

20%
afsláttur

Gildir út september.

Nicorette

Fruitmint, forðaplástrar og innsogslyf.
Allar pakningar og styrkleikar.



www.lyfja.is

Lægra
verð í
Lyfju

netto

SKRÁÐU ÞIG Á NETTO.IS/GRAENASKORUN

GRÆN ÁSKORUN
HILDAR & netto



HAMPOLÍA 250ML
1.498KR | 25% | 1.124KR

HÖRFREOLÍA 250ML
798KR | 25% | 599KR



KAKÓNIBBUR 300G
1.298KR | 25% | 974KR

MYSUPRÓTEIN ISO 544G
5.419KR | 25% | 4.064KR

BAUNAPRÓTEIN 340G
1.798KR | 25% | 1.349KR

FRUIT & GREEN 283G
4.399KR | 25% | 3.299KR

NATURATA VANILLUÐUFT
529KR | 25% | 397KR

heilsu & lífsstílsdagar

SKOÐAÐU BÆKLINGINN Á NETTO.IS

– FJÖLDI HUGMYNDA, UPPSKRIFTA OG SPENNANDI TILBOÐA



RAGGA
NAGLI

netto.is/naglinn

Ragga verður í Nettó Mjódd

Fimmtudag 11. sept 16:00-18:00

Föstudag 12. Sept 16:00-18:00

Laugardag 13. sept kl. 12:00 -14:00

Hún hjálpar þér að taka þín fyrstu skref í átt að betri heilsu og leyfir þér að smakka góðgæti úr eldhúsi Rögggu fyrir alla svanga heilsumeli.

Prófaðu kókosvatn í drykkinn til að gefa honum náttúrulegan ferskleik-ablæ og gera hann ríkari af steinefnum

KÓKOSVATN 200 ML
269KR | 25% | 202KR




HÖRFRE 500G
305KR | 25% | 229KR



ISOLA RÍS/MÖNDLUMJÓLK 1L
539KR | 25% | 404KR



HVEITIKÍM 500G
329KR | 25% | 247KR



www.netto.is

| Mjódd · Salavegur · Hverafold · Grandi · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |

tilboðin gilda 4. - 19. sept. 2014

SAMBIO.is

THIS IS ONE BADASS MOVIE™

IMPRESSIVE STUFF™

MICKEY ROURKE, JOSEPH GORDON-LEVITT, JOSH BROUN, JESSICA ALBA, BRUCE WILLIS, EVA GREEN

16

FOR BEINT Á TOPPINN Í USA!

FADING GIGOLO

FRÁBER GAMMAMÝND MED WOODY ALLEN, JOHN TURTURRO, SHARON STONE OG SOFRU VERGARA Í AÐALHLUTVERNUM.

12

SAVING PRIVATE ALFABAKKA

SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: KL. 5:40 - 8 - 10:20

SIN CITY: A DAME TO KILL FOR VIP 2D: KL. 5:40 - 8 - 10:20

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: KL. 5:50 - 8 - 10:10

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: KL. 6

FADING GIGOLO KL. 8:10

INTO THE STORM KL. 10:20

STEP UP: ALL IN KL. 8

FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVÉITIN IS.TA. 2D: KL. 6

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: KL. 5:30 - 8 - 10:30

LUCY KL. 10:20

16

EGILSHÖLL

SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: KL. 5:40 - 8

SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 3D TEXTALOUS: KL. 10:20

NINJA TURTLES KL. 3D: 5:40 - 8 KL. 2D: 10:20

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D: KL. 8-10

FADING GIGOLO KL. 10:30

STEP UP: ALL IN KL. 5:30

INTO THE STORM KL. 8

FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVÉITIN IS.TA. 2D: KL. 5:50

16

KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI

SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: KL. 10:30

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 2D: KL. 5:50 - 8

FADING GIGOLO KL. 6 - 8 - 10:10

GUARDIANS OF THE GALAXY 2D KL. 10:10

JERSEY BOYS KL. 5:20

16

KEFLAVÍK

SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: KL. 8 - 10:20

PARIS NORÐURSINS KL. 8 - 10:20

16

AKUREYRI

SIN CITY: A DAME TO KILL FOR 2D: KL. 8 - 10:10

TEENAGE MUTANT NINJA TURTLES 3D: KL. 5:50 - 8

FLUGVÉLAR: BJÖRGUNARSVÉITIN IS.TA. 2D: KL. 6

INTO THE STORM KL. 10:10

16

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á

SAMBIO.is

SMÁRA BÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ

PARIS NORÐURSINS

12

NINJA TURTLES

10

smárra bíó

PARIS NORÐURSINS KL. 5:45 - 8 - 10:15

PARIS NORÐURSINS LUXUS KL. 8 - 10:15

TMNT 2D KL. 3:30 - 5:45

TMNT 3D KL. 3:30 - 8

THE GIVER KL. 5:45 - 10:15

LET'S BE COPS KL. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20

EXPENDABLES KL. 8 - 10:40

AÐ TEMJA DREKAN 2 ISL TAL. 2D KL. 3:30

háshöla bíó

PARIS NORÐURSINS KL. 5:45 - 8 - 10:15

THE GIVER KL. 8 - 10:15

ARE YOU HERE KL. 10:40

LET'S BE COPS KL. 5:45 - 8

NIKULÁSÍFRÍ KL. 5:45

DAWN... PLANET OF THE APES KL. 10:15

VONARSTRÆTI ENSKUR TEXTI KL. 5:20

VONARSTRÆTI KL. 8

LAUGARÁS BÍÓ

PARIS NORÐURSINS

12

LIFE OF CRIME

12

TMNT 3D

10

LET'S BE COPS

12

LUCY

16

AÐ TEMJA DREKAN SINN 2D

8

Sýningartímar

5:30, 8, 10

8

5:30

10:10

8

5:30

Töffaraskapurinn mun ná nýjum hæðum

Fatahönnuðurinn og fyrrum No Doubt-söngkonan Gwen Stefani vinnur að nýrri plötu um þessar mundir, en síðasta plata hennar, The Sweet Escape, kom út árið



GWEN STEFANI

2006. Mun enginn annar en Pharrell Williams vinna með Stefani að plötunni. Williams sagði að hann hlakki að mikið til að vinna með svona miklum snillingi sem henni

og að töffaraskapur hennar myndi ná nýjum hæðum á plötunni. Þetta er þó ekki í fyrsta sinn sem Williams og Stefani vinna saman, en síðast unnu þau saman að slagaranum Hollaback Girl sem kom út árið 2004.

Gott fólk sem gerir vonda hluti

BAKPANKAR Frost Logasonar



Í dag er 11. september – dagsetning sem ég tengi ósjálfrátt við hryðjuverk og trúarofstæki. Í helgarblaði Fréttablaðsins las ég viðtal við Madsjíd Nili, mjög viðkunnanlegan sendiherra Írans á Íslandi.

ÍRAN er áhugavert ríki. Stjórnskipan þar mætti flokkast sem íslamskt lýðveldi. Þar ríkir trúarræði, með talsvert flókinni blöndu klerkaveldis og einhvers konar lýðræðislíkis.

ÍRANSKI embættismaðurinn er í óþægilegri stöðu þegar hann tjáir sig um trúarbrögð sem stjórntæki á fólk og þjóðir. Hann viðurkennir að hryðjuverk og ófgafólk séu eitt helsta vandamál Mið-Austurlanda um þessar mundir. En bætir strax við að trúarbrögð séu ekki orsök.

„Hvaðan fá þeir fjármagn og vopnin?“ spyr Madsjíd Nili. PARNÁ fetar sendiherrann sömu braut og þeir sem aðhyllast vinsælar samsæriskenningar á borð við þá, að fámenn, en mjög valdaþyrst gyðingaklíka, í Bandaríkjunum sé meginuppsetta hatur og illverka í heiminum.

ER þér alvara Madsjíd Nili? Er það virkilega tilfellið að ungir múslimar frá Bretlandi, Ástralíu og Noregi fari nú í stórum stíl til Sírlands og Íraks til að afhöfða saklausa blaðamenn, krossfesta kristna og gyðinga og taka þátt í fjöldaafökum á múslimum sem ekki tilheyra hinu rétta íslam vegna þess að það eru svo miklir peningar í jihad-bransanum? Eða lýsir þetta hugsanlega vanþekkingu sendiherrans á mannlegu eðli og náttúru?

VISSULEGA getur gamla villimannseðlið verið ríkt í mörgum okkar á köflum. Í gegnum árbúsundir hefur það komið okkur að einhverju marki áfram í harðri lífsbaráttu mannkyns. En þróunarlíffræðingar eru flestir sammála um að samkenndin hafi ráðið mestu í þeirri baráttu. Það er hennar vegna sem við Vesturlandabúar fyllumst viðbjóði og sorg þegar við heyrum af opinberum hengingum samkynhneigðra á torgum úti í Teheran, höfuðborg íslamska lýðveldisins Írans.

VONT fólk mun alltaf gera vonda hluti. Síköpatar gera það líka. Þeim er ekki sjálfrátt. En til að fá gott fólk til að framkvæma þann hrylling sem við sjáum daglega í fréttum frá Mið-Austurlöndum um þessar mundir, þá þarftu trúarbrögð.

Ungt lið hefur ekkert gaman af Skátakórnum að syngja


Gillz og Óli Geir spila ekki á skólaballi Flensborgar eins og stóð til vegna foríðtar þeirra. Erpur Eyvindarson var fenginn til að koma fram í stað þeirra, en sumir nemendur telja Blaz Roca lítt betri fyrirmynd.

„Við Rottweiler-hundar vorum bannaðir á Samfés á sínum tíma,“ segir rapparinn Erpur Eyvindarson, einnig þekktur sem Blaz Roca. Hann var fenginn til að spila á nýnemaballi Flensborgar í gær eftir að plötusnúðarnir Óli Geir og Gillzenegger voru afboðaðir. Skólastjórn ákvað að afboða komu Óla Geirs og Gillzenegger eftir að foreldraráð skólans hafði blandað sér í málið.

„Ég hef aldrei almennilega skilið hver viðmiðin eru fyrir því hvað er í lagi og hvað ekki,“ segir Erpur. Margir nemendur skólans lýstu yfir óánægju sinni með skiptin á samfélagsmiðlum. „Það átti að fá Gillz og Óla Geir en því var sleppt þar sem Gillz var náttúrulega kærður fyrir nauðgun og Óli Geir var með „Dirty Night“,“ segir einn nemandi í samtali við blaðamann og bætir við að hann telji Blaz Roca vera lítt betri fyrirmynd.

„Hvað Blaz Roca varðar – þótt ég rífi alveg kjaft og noti klúr orð þá hef ég samt verið yfirlýstur femínisti í 14 ár,“ segir Erpur, aðspurður um þessa gagnrýni. „Fólk túlkar það að ég segi „mella“ og „lufsa“ á sinn hátt en ég nota ekkert falglegri orð um karlmenn. Að segja „larfur“ er ekki vesen en að segja „lufsa“ er vesen. Þetta er oft meiri spurning um tepruskap heldur en að það sé verið að passa upp á einhvern hóp sem vegið er að,“ segir Erpur.

„Eðlilega er Nemendafélagið að gera það eina í stöðunni til að ballið virki, þú færð engan gæja sem labbar inn í fermingarkyrtilinum lesandi upp úr Nýja



YFIRLÝSTUR FEMÍNISTI TIL FJÓRTÁN ÁRA Erpur segist rífa kjaft og nota klúr orð en segist þó vera yfirlýstur femínisti.

testamentinu. Ungt lið hefur ekkert gaman af Skátakórnum, hann gæti komið og sungið Kumbaya en það vill það enginn.“ Skólameistari Flensborgar, Magnús Þorkelsson, segir að skiptingin hafi verið málamíðun. „Ég er ansi

hræddur um að það séu ekki voða margir sem eru með alveg hreinan skjöld en þessir tveir stóðu í okkar fólk. Listamenn búa til ákveðna mynd, ákveðna karaktera og sumir fara yfir einhver strik sem okkur líkar ekki við.“

„Á sínum tíma voru Rottweiler hundar umdeildir, Mínus var umdeild, þeir í Botnleðju voru þekktir fyrir að vera fullir opinberlega. Þetta er rokk og ról. Ég hef aldrei almennilega skilið hverjar forsendurnar eru fyrir því hvað má

Listamenn búa til ákveðna mynd, ákveðna karaktera og sumir fara yfir einhver strik sem okkur líkar ekki við.

Magnús Þorkelsson, Skólameistari Flensborgar

og hvað ekki,“ segir Erpur. „Óháð öllu þessu drama þá lofa ég því að þetta verða vanskapaðir tónleikar.“

BÍÓ PARADÍS Miðasala á **midi.is**

„Grípandi sýn á listamanni sem hefur fulla stjórn á list sinni“ Variety

björk biophilia

„Frábær mynd, einstaklega sönn“ Ólafur Páll Gunnarsson, Rás 2

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Barnaheill Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
hú er barni að missa
lunum eru liumgj eða
anlejn geu.



EIN STÆRSTA LAGERSALA FYRR OG SÍÐAR Á ÍSLANDI

RISA LAGER

OG
NÚNA LÍKA
SMÁVARA
EKKI MISSA
AF ÞESSU!

OPNUM AFTUR Í DAG KL. 12⁰⁰

Erum búin að fylla á
mikið úrval & ótrúlegt verð


20-10%

AFSLÁTTUR

KLETTAGÖRÐUM 6

GEGNT HRINGRÁS

OPNUNARTÍMI: FIM. OG FÖS. 12⁰⁰-18⁰⁰, LAU. 11⁰⁰-17⁰⁰, SUN. 13⁰⁰-17⁰⁰



AÐEINS
Í NOKKRA
DAGA!



FYRSTUR
KEMUR
FYRSTUR
FÆR

Eiður ekki til FCK

FÓTBOLTI Eiður Smári Guðjohnsen, markahæsti leikmaður í sögu íslenska knattspyrnulandsliðsins, mun ekki ganga í raðir danska úrvalsdeildarliðsins FC København. Frá þessu var greint á heimasíðu FCK í gær. Eiður æfði með FCK um nokkurra daga skeið og spilaði æfingaleik með liðinu gegn Nordsjælland á mánudaginn. Eiður lagði upp tvö mörk í 4-2 sigri FCK.

Forráðamenn FCK ákváðu hins vegar að semja ekki við Eið, en hluti ástæðunnar fyrir því er sú staðreynd að íslenski framherjinn hefði ekki getað leikið með danska liðinu í Evrópuvæðingunni.

FCK er í riðli með HJK frá Finnlandi, ítalska liðinu Torino og belgíska liðinu Club Brugge, en samningur Eiðs við síðastnefnda félagið rann út að síðasta tímabili loknu. Hann hefur verið án félags síðan þá.

- íps



Ákvörðunin var tekin í upphafi ársins

GOLF Staðfest var á dögunum að ákveðið hefði verið að senda ekki karlalíð á heimsmeistaramót áhugamanna í golfi í ár en mótið fór fram í Japan. Sendi GSÍ kvennalið til keppni og hafnaði það í 29.-31. sæti. Skapaðist umræða um það hvort Golfsamband Íslands væri illa stutt fjárhagslega í ljósi pistils Margeirs Vilhjálmssonar sem birtist á heimasíðu Kyllings í gær en Haukur Örn Birgisson, forseti Golfsambands Íslands, staðfesti við Fréttablaðið að enginn fótur væri fyrir slíkum sögum.

„GSÍ styrkir ár hvert landslið og kylfinga til þess að taka þátt í mótum

erlendis og er valið í samráði við í upphafi hvers árs. Unnið er innan ákveðinna fjárheimilda sem ákveðin eru á hverju ári og er ákvörðunin unnin samráði við Úlfar Jónsson, þjálfara íslenska landsliðsins í golfi,“ sagði Haukur Örn.

„Ákveðið var að þessu sinni að senda tvö karlalandslið á EM en eitt kvennalið sem leiddi til þess að kvennaliðið tók þátt í heimsmeistarumótinu. Það á ekki við rök að styðjast að ákvörðunin hafi verið tekin þegar sambandið á að hafa komist að því að ekki væru til peningar til að senda út annað líð.“



ÓSANNINDI Ekkert er til í sögunum um að GSÍ sé illa stutt. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



EFTIRSÓTTUR Aron Elís getur örugglega valið úr tilboðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Sagði nei við Álasund

FÓTBOLTI Víkingur hafnaði í gær tilboði Aalesund í Aron Elís Þrándarson, miðjumann liðsins, en norska úrvalsdeildarfélagið lagði fram kauptilboð í leikmanninn í síðustu viku.

Tilboðið var einfaldlega ekki nægilega gott að mati Víkinga en það staðfesti Heimir Gunnlaugsson, formaður meistaraflokksráðs Víkinga, við ífróttadeild.

Aron Elís hefur verið eftirsóttur um nokkurt skeið, ekki síst vegna frammistöðu sinnar í 1. deildinni í fyrra þar sem hann skoraði 14 mörk í 14 leikjum og svo í Pepsi-deildinni í ár þar sem hann bar sóknarleik Víkinga liðsins á herðum sér framan af móti.

Aron, sem er uppalinn í Víkingi, mun því klára tímabilið með liðinu en liðið er í harðri baráttu um sæti í Evrópukeppni að ári.

Að sögn Heimis hafa fleiri lið áhuga á Aroni Elís en útsendarar hafa fylgst með honum í allt sumar og sérstaklega undanfarnar vikur.

Miðað við áhugann sem erlend félög hafa verið að sýna þessum stórefnilega leikmanni þá verður að teljast afar ólíklegt að hann spili áfram með Víkingum næsta sumar.

- kpt

Vonandi það sem koma skal

Jón Daði Böðvarsson stimplaði sig inn í íslenska A-landsliðið með látum gegn Tyrkjum. Það tók hann aðeins 18 mínútur að skora sitt fyrsta A-landsliðsmark. Hann er þó ekki sá fljótasti í landsliðssögu Íslands.

FÓTBOLTI Jón Daði Böðvarsson skoraði fyrsta mark Íslands í sigrinum á Tyrklandi á Laugardalsvelli á þriðjudaginn en með því varð hann fimmti Íslendingurinn til þess að skora mark í sínum fyrsta keppnisleik.

Varð hann jafnframt fjórði fljótasti maðurinn til þess að skora mark keppnisleik þegar hann skallaði boltann í netið af stuttu færi á Laugardalsvelli.

Jón Daði fékk óvænt tækifærið í byrjunarliði íslenska liðsins í sínum fyrsta mótsleik en hann hefur leikið þrjá æfingarleiki með liðinu en ekki komist á blað.

„Mér var búið að ganga mjög vel á æfingum og ég vissi að Heimir og Lars hefðu mikla trú á mér og treystu mér. Þeir treystu mér nægilega mikið til þess að gefa mér byrjunarliðssæti og þetta gekk bara mjög vel,“ sagði Jón sem fékk sannkallaða draumabyrjun en hann skoraði fyrsta mark Íslands eftir átján mínútur.

„Þetta létti auðvitað pressunni, þetta var minn fyrsti keppnisleikur fyrir A-landsliðið og það var eðlilega smá stress fyrir leik en um leið og þjóðsöngurinn kom þá fór allt stress. Það gleymist allt um leið og maður kemst af stað.“

Í góðra manna hóp

Með marki sínu komst Jón Daði í hóp fjögurra annarra leikmanna sem hafa skorað í sínum fyrsta

STYSTA BIÐ EFTIR MARKI Í KEPPNISLEIK

Nafn	Mínútur	Ár
Tryggvi Guðmundsson	8	1997
Ármann Smári Björnsson	9	2007
Eiður Smári Guðjohnsen	12	1999
Jón Daði Böðvarsson	18	2014
Lárus Guðmundsson	20	1981
Hörður Magnússon	41	1992
Brynjar Björn Gunnarsson	58	1997
Gunnar Heiðar Þorvaldsson	68	2005
Örn Óskarsson	90	1972



MAGNAÐUR Jón Daði fór mikinn í fyrsta A-landsliðsleiknum sínum og kom Íslandi á bragðið í frábærum 3-0 sigri á Tyrkjum á Laugardalsvelli.

keppnisleik fyrir íslenska landsliðið, þeirra Eiðs Smára Guðjohnsen, Tryggva Guðmundssonar, Lárusar Guðmundssonar og Arnar Óskarssonar.

„Það er gaman að heyra það, þetta eru flott nöfn og það er frábært að vera í hóp með jafn góðum leikmönnum. Vonandi nær maður að fylgja því eftir og byggja ofan á þetta,“ sagði Jón Daði en hann er með fjórðu stystu biðina eftir marki í keppnisleik.

„Þegar maður heyrir þetta fyllist maður stolti, ekki bara þessar upplýsingar heldur að hafa spilað að nánast heilan mótsleik fyrir Íslands hönd í gær. Fjölskyldan var með mér í gær og það eru allir himinlifandi yfir þessu og vonandi er þetta það sem koma skal,“ sagði Jón Daði sem vonast eftir sæti í A-landsliðshóp Íslands í næstu leikjum en á sama tíma spilar U21 árs

SKORUÐU MARK Í FYRSTA KEPPNISLEIK

Leikmaður	Ár	Andstæðingur
Örn Óskarsson	1972	Noregur
Lárus Guðmundsson	1981	Tyrkland
Tryggvi Guðmundsson	1997	Liechtenstein
Eiður Smári Guðjohnsen	1999	Andorra
Jón Daði Böðvarsson	2014	Tyrkland

landsliðið gríðarlega mikilvægan leik í umspili upp á sæti á Evrópumótinu 2015.

„Það er vonandi að maður hafi sýnt að maður eigi heima í þessum frábæra hóp. Það væri gaman

að taka þátt í verkefninu með U21 en maður vill auðvitað komast eins langt og mögulegt er og það stærsta sem maður getur upplifað í þessu eru leikir með A-landsliðinu.“

kristinnpall@365.is, ooj@365.is



UTÁN VALLAR INGVI ÞÓR SÆMUNDSSON ingvithor@365.is

LAUSNIN FANNST Í BERN

Á meðan alþingsmenn Íslands rifust um fjárlagafrumvarp við setningu Alþingis niðri í bæ ríkti þjóðarsátt um eitt; Gylfi Þór Sigurðsson er kominn aftur!

Svo komst kollegi minn að orði í umfjöllun sinni í Fréttablaðinu um leik Íslands og Tyrklands í fyrirkvöld. Gylfi átti magnaðan leik á miðju íslenska liðsins og var að öðrum ólöstuðum maður leiksins sem Ísland vann sannfærandi með þremur mörkum gegn engu.

Lengi vel var mönnum tíðrætt um tvö vandamál tengd íslenska landsliðinu: hvar ætti að nota Gylfa Þór Sigurðsson í leikkerfinu 4-4-2 og hver ætti að fylla skarðið á miðjunni sem Rúnar Kristinsson skildi eftir sig þegar hann lagði landsliðsskóna á hilluna fyrir tæpum áratug. Lausnin á báðum þessum vandamálum fannst þann 6. september 2013.

Það blés ekki byrlega fyrir íslenska liðinu í

hálfleik gegn Sviss í undankeppni HM 2014 þennan dag. Staðan var 3-1 og fátt benti til þess að breyting yrði þar á. En í hálfleik gerði landsliðsþjálfarinn Lars Lagerbäck skiptingu; tók Helga Val Daníelsson af velli og setti Eið Smára Guðjohnsen inn á í hans stað. Og það sem mikilvægara var, þá færði Svíinn Gylfa úr framlínunni og niður á miðjunna.

Það tók smá tíma fyrir þessa breytingar að virka. Sviss komst fljótlega í 4-1, en þá sögðu Íslendingar hingað og ekki lengra. Þeir skoruðu þrjú mörk og tryggðu sér stig með einhverri mögnuðustu endurkomu sem sést hefur frá íslensku liði. Og með stiginu héldu þeir lífi í HM-draumnum.

Gylfi byrjaði á miðjunni í næsta leik gegn Albaníu og hefur spilað þá stöðu með landsliðinu síðan þá. Og eins og sást í fyrirkvöld líður honum afskaplega vel þar. Vera má að

hann njóti sín best sem „tía“ (í stöðunni fyrir aftan framherjann), en það hentar honum ekki síður vel að spila sem annar af tveimur miðjumönnum í leikkerfinu 4-4-2.

Yfirsýn hans, spyrnutækni og leikskilningur eru í hæsta gæðaflokki, og hann er gæddur þeim einstaka hæfileika að vita hvenær hann á að keyra upp hraðann og hvenær hann á að róa spilið. Það var frábært að fylgjast með því hvernig Gylfi stjórnaði leiknum gegn Tyrkjum í gær og þá sérstaklega eftir að Ömer Toprak var rekin af velli á 59. mínútu. Og það sem meira er, þá er Gylfi agaður og sinnir varnarvinnunni samviskusamlega.

Það tók Lagerbäck og Heimi Hallgrímsson tíma að finna lausn á „Gylfa-klemmunni“, en um leið og hún fannst leystu þeir einnig nær áratugs gamalt vandamál íslenska landsliðsins. Gylfi Þór Sigurðsson var svarið.



GÓÐUR Gylfi átti frábæran leik gegn Tyrklandi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANDRI MARINO

RAFTÆKI Í RÆKTINA

20% afsláttur af öllum TDK og Philips heyrnartólum



AFSLÁTTUR
2.395 KR
~~2.995~~

Vnr 721730

Philips með gúmmí yfir eyrun

Tíðnisvið: 20Hz - 20kHz, 16 Ohm
Sensitivity: 100dB/1mW, 1,2m kapall



AFSLÁTTUR
3.995 KR
~~4.995~~

Vnr 917772

TDK heyrnartól rauð

Góð og þægileg heyrnartól, 40mm Driver
20-20.000 Hz, 94db, 32 ohm, 1.28 m snúra



AFSLÁTTUR
1.355 KR
~~1.695~~

Vnr 916523

TDK heyrnartól tappar

Þægileg ódýr heyrnartól



5.995 KR

Vnr 859365

Lenco MP3 spilari með 4GB minni

Lenco Xemio655 MP3 spilari með 4GB minni
1,8" Skjár, styður MP3 og WMA
Styður kyrrmyndir í JPG, BMP eða GIF sniði
Innbyggð rafhlaða sem dugur ca. 8klst í afspilun á tónlist

Frábært í ræktina
og útihlaupis



4.995 KR

Vnr 918580-82

Puro Univ Armband Max 5"

Armband fyrir allar gerðir síma, fyrir síma með allt að 5" skjá
Auðvelt að festa og þægilegt að nota.



AFSLÁTTUR
4.795 KR
~~5.995~~

Vnr 920435

Létt og þægileg heyrnartól frá Philips

Létt og þægileg heyrnartól
Hljóðnemi og svarhnappur á snúru fyrir GSM síma
32 Ohm, næmni: 102dB,
24k gulltengi
Hægt að brjóta saman



27.995 KR

Kazam farsími 4,5" Quad core

Android Jellybean 4.2
4.5" FWVGA IPS (480 x 854mm)
IPS LCD snertiskjár
1 GB RAM í vinnsluminni
1.3GHz örgjörfi Quad core
4 GB innbyggt minni
Styður allt að 32GB microSD (fylgir ekki)
8 MP myndavél og flass, 2 MP auka myndavél
720p videoupptaka, tekur 2 x SIM kort
Biðtími Allt að: 187 klst
Taltími Allt að: 8,8 klst
3G, Útvarp, WiFi, GPS, 3,5 Jack, Bluetooth, USB
136 x 64.6 x 8.9 mm, 137 gr, litur: svartur

Vnr 911860

Allt úrval fæst í Smáralind, Garðabæ og Kringslummi. Minna í öðrum verslunum.
Gildir til 30. september á meðan birgðir endast.



OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Kaupir ekki fórnfýsi og ástríðu

Freys Alexanderssonar og Davíðs Snorra Jónassonar beið erfitt en jafnframt spennandi verkefni þegar þeir tóku við þjálfun uppeldisfélagsins haustið 2012. Leiknismenn höfðu gengið í gegnum margt árin á undan, þar á meðal fráfall Sigursteins Gíslasonar, fyrrverandi þjálfara liðsins. En nú, tveimur árum síðar, er aftur bjart yfir Breiðholti því Leiknir mun spila í deild þeirra bestu á næsta tímabili.

FÓTBOLTI „Þetta var alveg magnað og í raun alveg eins og maður var búinn að ímynda sér þegar maður lagðist á koddann, lokaði augunum og sá þetta fyrir sér. Þetta var, eins og maður hefur oft sagt, draumi líkast.“

Svona lýsti Freyr Alexandersson fimmtudeginum 4. september fyrir blaðamanni Fréttablaðsins þegar hann hitti hann og Davíð Snorra Jónasson, þjálfara Leiknis, að máli eftir að Breiðholtliðið hafði tryggt sér sæti í efstu deild í fyrsta skipti. Leiknir er búinn að vera í toppsæti 1. deildar meira og minna allt tímabilið, en það var ekki fyrir en eftir 2-1 sigur á Þrótti frammi fyrir tæplega 1.000 manns á Leiknisvelli sem úrvalsdeildarsætið var gulltryggt.

Allir hugsuðu mikið til hans

Leiknisliðið er að mestu skipað heimamönnum sem hafa spilað lengi saman og búa, þrátt fyrir ungan aldur, yfir mikilli reynslu, ánægjulegri jafnt sem sárri.

Haustið 2010 var Leiknir í dauðafæri til að tryggja sér sæti í efstu deild, en sá draumur varð að engu þegar liðið tapaði 1-3 fyrir Fjölni á heimavelli í síðustu umferðinni.

„Eftir tímabilið 2010 töluðu allir um að við myndum bara taka þetta næst, en ég held að það hafi verið meira högg en menn gerðu sér grein fyrir,“ sagði Davíð, en annað og sárara áfall reið yfir nokkrum mánuðum seinna.

Vorið 2011 dró Sigursteinn Gíslason, sem tók við þjálfun Leiknis haustið 2008, sig í hlé vegna veikinda. Sigursteinn var virtur og vinsæll meðal leikmanna og þeirra sem stóðu að félaginu. Sumarið 2011 reyndist Leiknis-mönnum erfitt, en þeir björguðu sér frá falli í lokaumferðinni eftir sigur á ÍA. Sigursteinn féll svo frá í byrjun árs 2012 eftir baráttu við krabbamein.

„Þetta voru rosaleg áföll, ég held að við getum alveg sagt það í dag,“ sagði Freyr og sneri talinu að Sigursteini heitnum: „Það var eins og hann væri uppallinn hérna. Ég þekkti hann ekkert áður en hann tók við Leikni, en þegar ég kom hingað tók hann á móti mér eins og hann væri einn af uppölluðum mönnum. Strákarnir tala ofboðslega vel um hann og eiga honum mikið að þakka. Allir sem léku undir hans stjórn hugsuðu mikið til hans, bæði fyrir og eftir leikinn gegn Þrótti,“ sagði Freyr.

„Hann tók öllum opnum örmum,“ bætti Davíð við. „Sama hver þú varst eða hvað þú hafðir gert, þá tók hann vel á móti þér og hann var tilbúinn að hjálpa öllum. Hann var frábær karakter.“

Leiknir var áfram í vandræðum sumarið 2012. Liðið var í fallbar-



SYNIR BREIÐHOLTSINS Davíð Snorra Jónasson og Freyr Alexandersson eru báðir uppaldir Leiknismenn. Þeir settu stefnuna á að koma félaginu sínu upp í Pepsi-deildina í ár og það gekk eftir. Leiknir verður meðal tólf þátttökuliða í Pepsi-deildinni árið 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

áttu eins og árið á undan og þegar þrjú leikir voru eftir var Willum Þór Þórssyni sagt upp störfum, en hann hafði verið ráðinn þjálfari Leiknis haustið 2011. Gunnar Einarsson, þáverandi leikmaður, og Davíð tóku við til bráðabirgða og Leiknir bjargaði sér frá falli með því að vinna þrjú síðustu leikina.

Ætlaði að taka mér ársfrí

Síðar um haustið tóku Davíð og Freyr svo við Leiknisliðinu í sameiningu. Þeir eru báðir uppaldir Leiknismenn og byrjuðu snemma að hjálfa í yngri flokkum félagsins. Freyr söðlaði síðan um, var aðstoðarþjálfari og svo aðalþjálfari kvennaliðs Vals með góðum árangri, auk þess sem hann var aðstoðarþjálfari Kristjáns Guðmundssonar hjá karlaliði Vals 2011-2012.

Freyr segist ekki hafa þurft langan umhugsunarrest þegar uppeldisfélagið leitaði til hans haustið 2012: „Fyrst var rætt við mig um hvort ég hefði áhuga á að koma í Leikni og ég sagði strax já. Svo þegar ég settist á fund með stjórninni var þetta nefnt við mig, að vinna með Davíð. Mér fannst það strax áhugavert og svo hittumst við og ræddum málin, hvernig við vildum gera þetta og eftir þann fund var þetta aldrei spurning, allavega af minni hálfu, að við myndum gera þetta saman.“

Davíð segir að hann hafi verið búinn að ákveða að taka sér frí frá þjálfun, en hafi síðan snúist hugur: „Áður en ég tók við meistara-flokknum fyrir síðustu þrjú leikina 2012 var ég búinn að tilkynna að ég ætlaði að taka mér ársfrí.“

„En það gekk vel undir lok sumarsins og ég hafði gaman af þessu. Stjórnin kom svo að máli við mig og spurði hvort ég vildi vera áfram og vinna með Frey, og eftir samtalið okkar var ég ákveðinn í að láta reyna á þetta,“ sagði Davíð sem var aðeins 25 ára þegar hann tók við Leikni, en hann verður að öllum líkindum yngsti þjálfarinn í Pepsi-deildinni á næsta tímabili.

Tölum sama tungumálið

Þjálfaradúó hafa ekki verið algeng í fótboltanum hér heima, en Freyr og Davíð segja samstarfið ganga vel.

„Við settum okkur vinnureglur um hvernig við vildum hafa hlutina,“ sagði Freyr, en hann stýrði kvennaliði Vals í samstarfi við Elísabetu Gunnarsdóttur sumarið 2008. Freyr segir að það hafi verið góð reynsla sem hann hafi getað deilt með Davíð.

„Ég sé þjálfun ekki fyrir mér öðru vísi en samstarf,“ bætti Freyr við. „Ég heyrði einhvern tímunn þjálfara segja að það væri bara ein ráðandi rödd, en ég bara ekki sammála því. Það er hins vegar

ein hugmyndafræði og ein stefna og það er það sem við erum með. Við erum með sitthvora röddina en tölum samt sama tungumálið.“

Freyr lætur vel af samstarfinu við Davíð: „Þetta er ofboðslega gott samstarf og hefur verið þvífíkur kostur fyrir þetta félag; hvað við höfum náð að gera mikið og gera það svo vel. Leikmennirnir vita nákvæmlega hvað ég sé um og hvað Davíð sér um og við pössum okkur á að það sé skýrt hvað við erum að gera.“

Annars látum við ykkur fara

Freyr og Davíð segja að fyrsta verkefni þeirra eftir að þeir tóku við Leikni hafi verið að ná aftur jafnvægi í leikmannahópnum og kveða niður drauga fortíðarinnar.

„Það var alveg skýrt að það fyrsta sem við þurftum að gera var að taka til í höfðinu á leikmönnum, hreinsa það neikvæða í burtu og byggja sjálfstraustið upp á nýtt,“ sagði Freyr.

Davíð bætti við að þeir hefðu þurft að minna leikmennina á hversu góðir þeir væru: „Við þurftum að minna liðið á hvaða hæfileika við höfðum í höndunum. Þegar þú hefur farið í gegnum það að vera næstum því farinn upp og næstum fallinn tvisvar, þá er allt á fullu í hausnum á þér. Við þurftum að koma jafnvæginu aftur á.“

Leiknir endaði í 7. sæti 1. deildar aðlögunarárið 2013, en Freyr og Davíð segja að markmiðið hafi alltaf verið að komast upp um deild árið 2014.

„Þegar við horfðum á hópinn sem við vorum með í höndunum, þá sáum við nokkra leikmenn sem gátu spilað í Pepsi-deildinni. Við skorudum á þá að gera það í Leiknisbúningnum,“ sagði Davíð og Freyr bætti við:

„Við sögðum við þessa leikmenn sem höfðu getuna til að spila í Pepsi-deildinni: Við gefum þessu séns til 2014, ef það tekst ekki látum við ykkur fara! Þið þurfið að spila á næsta getustigi. Við settum þvífíka pressu á okkur að komast upp í ár.“

Munum byggja á okkar kjarna

Talið berst næst að möguleikum Leiknis í Pepsi-deildinni á næsta tímabili. Þau lið sem hafa farið upp í Pepsi-deildina á síðustu árum hafa mörg hver fallið eftir eitt eða tvö ár í deild þeirra bestu. Það er því hægara sagt en gert að festa

sig í sessi þar, en hvað þarf gerast hjá Leikni til að svo verði?

„Eftir tímabilið munum við skoða hvernig við ætlum að nálgast það verkefni. Það verður á margan hátt öðru vísi en í 1. deildinni,“ sagði Freyr og bætti við að liðið yrði áfram byggt upp á heimamönnum:

„Við þurfum að halda í og rækta styrkleika okkar. Við munum alltaf byggja þetta á okkar kjarna. Leikmennirnir sem komu okkur upp munu fá tækifæri til að sýna að þeir eigi skilið að spila í Pepsi-deildinni.“

„En það fær enginn neitt gefins hérna, það er alveg klárt. Þó þeir séu uppaldir og þó þeir hafi komið liðinu upp, þá er eins gott að allir mæti með vinnuhanskana í nóvember þegar undirbúningstímabilið hefst.“

Þjálfararnir segja að Leiknir þurfi að bæta í og þeir muni styrkja liðið með skynsamlegum hætti: „Við munum styrkja okkur, en það verður enginn gámur fenginn hingað. Við ætlum að fá 2-3 leikmenn, að því gefnu að við höldum öllum,“ sagði Freyr og Davíð bætti að þeir þyrftu að velja leikmenn sem passa vel inn í Leiknisumhverfið.

Kaupir það ekki í gámi

En hver er helsti munurinn á Pepsi-deildinni og 1. deildinni? „Helsti munurinn er leikskilningur og reynsla leikmanna. Og svo eru bestu leikmennirnir í Pepsi-deildinni auðvitað mun betri en bestu leikmennirnir í 1. deildinni,“ sagði Freyr og bætti við að reynslan sem lið eins og FH og KR byggju yfir væri svo mikilvæg.

„Varðandi þann þátt fótboltans eignum við auðvitað ekki séns. En það eiga fá lið í Pepsi-deildinni séns í þetta sem við eigum, þennan styrkleika innan félagsins, samheldnina, ástríðuna og fórnfýsina. Þú kaupir það ekkert í einhverjum gámi í byrjun máí.“

„Við vitum alveg hverjir verða veikleikar okkar. Það er bara spurningin hversu vel við náum að fela þá og hversu vel við náum að nýta styrkleika okkar,“ sagði Freyr enn fremur.

„Þetta verður líka lærdómsferli fyrir allt umhverfið hjá félaginu. Það eru ekki bara 20 leikmenn sem þurfa að undirbúa sig, heldur allir sem eru í kringvæðum félagið. Við þurfum að hjálpast að,“ sagði Davíð að lokum. ingvithor@365.is



ÓSVIKIN GLEÐI Gríðarlegur fögnuður braust út eftir að Pepsi-deildar sætið var tryggt eftir sigur á Þrótti. Leiknir spilar í efstu deild sumarið 2015 í fyrsta sinn í rúmlega 40 ára langri sögu félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



VIÐ ERUM 5 ÁRA



NAUTAHAKK

100% HREINT 1.290 KR KG
TILVALIÐ AÐ TAKA Í MAGNI & FRYSTA

EFTIRFARANDI
VÖRUR ERU Á
20%
AFSLÆTTI

LAMBA FILE MEÐ FITU
LAMBA LUNDIR
HAMBORGARAR BRAUÐIN FYLGJA MEÐ
LASAGNE (1 KG)
GRÍSA LUNDIR FYLLTAR
CHILI CON CARNE
SÆTKARTÖFLUSALAT
ALLAR KALDAR SÓSUR
SÆLKERADRAUMUR



TILBOÐIÐ GILDIR FRÁ 11 TIL 13 SEPTEMBER

www.kjotkompani.is | sími: 578 9700

DALSHRAUN 13 HAFNARFIRÐI





HVAÐ NÚ? Gunnar þarf að finna annað félag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Gunnari sagt upp á Selfossi

FÓTBOLTI Gunnar Guðmundsson mun ekki stýra liði Selfoss á næstu leiktíð, en stjórn knattspyrnudeildar hefur ákveðið að nýta sér uppsagnarákvæði í samningi hans. Þetta kemur fram í yfirlýsingu á heimasíðu félagsins.

Selfoss situr í 9. sæti 1. deildar með 26 stig eftir 20 umferðir, en liðið á tvo leiki eftir.

Gunnar tók við Selfossi af Loga Ólafssyni haustið 2012. Undir hans stjórn hafnaði liðið í 8. sæti 1. deildar 2013, en miklar breytingar hafa orðið á liðinu á milli síðustu tímabila.

Yfirlýsingin á heimasíðu Selfoss er svohljóðandi:

„Stjórn knattspyrnudeildar Selfoss hefur ákveðið að nýta uppsagnarákvæði í samningi sínum við Gunnar Guðmundsson, þjálfara meistaraflokks karla, að loknu tímabilinu. Gunnari eru þökkun góð störf þau tvö ár sem hann hefur starfað fyrir félagið og mun hann stýra liðinu út tímabilið. Þetta gefur stjórn deildarinnar góðan tíma til að finna arftaka Gunnars fyrir næsta keppnistímabil.“

- íps

Eini kosturinn í stöðunni

HSÍ kærði til Alþjóða handknattleiksdómstólsins í gær þá ákvörðun IHF að úthluta Þýskalandi sæti á HM. Guðmundur B. Ólafsson, framkvæmdastjóri HSÍ, segir að Ísland sé að falla á tíma enda aðeins 4 mánuðir í mót.

HANDBOLTI Handknattleikssamband Íslands sendi frá sér yfirlýsingu í gær þar sem tilkynnt var að sambandið hefði ákveðið að kæra ákvörðun Alþjóðahandknattleikssambandsins, IHF, um að úthluta Þýskalandi lausu sæti á HM til dómstóls sambandsins. Aðeins fjórir mánuðir eru til stefnu en þetta er líklegast fyrsta skrefið enda mun HSÍ líklegast þurfa að fara með málið fyrir Alþjóða-íþróttadómstólinn í Lausanne í Sviss sem tók fyrir málefni Luis Suárez í sumar.

IHF afturkallaði þátttökurétt Ástralíu í upphafi sumarsins og úthlutaði Þýskalandi sæti þeirra þrátt fyrir að evrópska handknattleikssambandið, EHF, hefði þegar tilkynnt HSÍ að Ísland væri fyrsta varabjód frá Evrópu.

Lokaúrræði

Málið hefur tekið langan tíma og staðfesti Guðmundur B. Ólafsson, framkvæmdastjóri HSÍ, við Fréttablaðið að þetta væri lokaúrræði HSÍ.

„Þetta er í raun eini valkosturinn í stöðunni hjá okkur. Við höfum ákveðinn tímaramma til að vinna eftir og við lögðum fram tvær tillögur, fyrst að fjölga liðum. Þeir þurftu að ræða þetta að bæta við liðum en sögðu nei á endanum. Þá könnuðum við að fara með málið fyrir Alþjóða-íþróttadómstólinn en þeir þurfa að samþykkja það og þeir sögðust ekki geta tekið þá ákvörðun fyrr en í nóvember þegar búið væri að ræða þetta í ráðinu,“ sagði Guð-



SVEKKTUR Guðjón Valur Sigurðsson var að vonum svekktur eftir tapið gegn Bosníu en ólíklegt er að Ísland fái sæti Ástralíu á HM í Katar í janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

mundur en IHF hefur tekið langan tíma í allar ákvarðanir og ákvað HSÍ að höfða mál fyrir dómstóli IHF til þess að reyna að flýta fyrir málsmeðferð.

„Við reynum ekki að hugsa svo langt að málið endi fyrir Alþjóða íþróttadómstólnum en við ætlum

ekki að sætta okkur við þetta. Þeir setja nýjar reglur og tilkynna þetta á sama tíma, þetta eru ekki eðlileg vinnubrögð og við munum ekki sitja hjá,“ sagði Guðmundur.

Snýst um huglægt mat

Samkvæmt reglunum er litið til

áhrifa fjölmiðlunar og markaðssetningar.

„Þetta er huglægt mat, ekki hlutlaust mat. Það er verið að segja að þetta þurfi að vera sterkt lið frá stórrri þjóð að þeirra mati og ef svo er þá á Ísland aldrei möguleika á að komast aftur inn. Þeir vita það að það munu fleiri Þjóðverjar en Íslendingar mæta til Katar.“

Forráðamenn HSÍ hafa einnig bent IHF á að jafn stórar breytingar á regluverki ættu ekki að taka gildi á miðju keppnistímabili heldur í næstu keppni.

„Okkar sjónarmið er að ef það er hægt að setja svona reglur eigi þær ekki að taka gildi strax. Þær eiga að taka gildi í næstu keppni á eftir. Þetta eru skrytinn vinnubrögð að breyta reglunum svona í miðri keppni, ég veit að Ísland kæmist aldrei upp með þetta, ekki það að við myndum reyna það. Það er í lagi að gera þetta ef þetta er eitthvað sem hefur jákvæð áhrif en ef þetta er eitthvað sem skaðar einhvern þá er ekki hægt að bjóða upp á það.“

Erum að lenda í tímaþröng

Aðeins fjórir mánuðir eru þar til flautað verður til leiks í Katar og eru forráðamenn HSÍ því að falla á tíma í von sinni um að úrskurði IHF verði breytt.

„Tíminn er auðvitað mjög naumur í þessu og við erum að setja þá í erfiða stöðu. Við vitum ekki hvernig þessi dómstóll virkar, við höfum aldrei lent í svona áður og þetta verður fróðlegt,“ sagði Guðmundur. kristinnpall@365.is



VIÐ ERUM Í SÍMANUM ÞÍNUM!

SÆKTU APPIÐ Í APP STORE EÐA GOOGLE PLAY UNDIR LEITARORÐUNUM; BYLGJAN, FM957 EÐA X977

TENGDU FACEBOOK VIÐ ÚTVAPPIÐ
TAKTU ÞÁTT Í SKEMMTILEGUM LEIKJUM
HLUSTAÐU Á HLIÓÐBROT ÚR ÞÁTTUM
LÁTTU APPIÐ VEKJA ÞIG
KYNNTU ÞÉR VINSÆLUSTU LÖGIN




Fri uppfærsla á Útvappinu fæst á Google Play og App Store.

BYLGJAN
989

FM957

X
127



wewalka



Smjördeigshorn og snúðar úr deiginu frá Wewalka eru fullkomin í nestið



PIZZA SNÚÐAR:

Dreifð pizzasósu og rifnum osti yfir deigið, rúllið upp og skerið í litla snúða. Tilvalið að frysta og grípa í.



SMJÖRDEIGSHORN:

Smyrjið 1 msk. Skinkumyrju yfir deigið. Lokið deiginu, penslið með eggj og stráíð osti yfir.



SÆT SMJÖRDEIGSHORN:

Blandið saman muldum pekanhnetum, goji berjum og hunangi, setjið eina msk. inn í hvert horn og penslið með eggj.

BONUS

HAGKAUP
Ein. ferð betra. vörð.

Samkaup

FK
FJARÐARKAUP

nettó
rt fyrir heimilið!

Melabúðin
þín verslan

VÍDIR

VÖRUVÁL

Stöð 2 kl. 20.30 Masterchef USA

Stórskemmtilegur matreiðsluþáttur með Gordon Ramsey í forgrunni þar sem áhugakokkar keppast við að vinna bragðlauka dómnefndarinnar á sitt band. Ýmsar þrautir eru lagðar fyrir í eldamennskunni og þar reynir á hugmyndaflug, úrræði og færni þátttakenda.



Í KVÖLD



Sósa og salat

STÖÐ 2 KL. 20.10 Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtilegum þáttum þar sem hann heimsækir veitingastaði og kynnir sér hvernig bestu réttirnir eru matreiddir. Girnilegur og gómsætur þáttur í anda Diners, Drive-ins and Dives sem notið hefur mikilla vinsælda á Food Network.



Happy Gilmore

BIÓSTÖÐIN KL. 18.45 Uppgjafa-íshokkileikaranum Happy Gilmore gengur ekki nógu vel í lífinu. Kæran er farin frá honum og hann getur lítið gert fyrir ömmu sína sem er að missa húsið sitt. Með von um skjótan gróða ákveður hann að taka þátt í golfmóti.




Scandal

SKJÁR 1 KL. 21.55 Við höldum áfram að fylgjast með fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa Hvíta hússins, Oliviu Pope, í þriðju þáttaröðinni af Scandal. Fyrstu tveir þáttaröðirnar hafa slegið í gegn og áskrifendur beðið eftir framhaldinu með mikilli eftirvæntingu.

X 977 kl. 11.00 Smutty Smiff

Goðsögnin Smutty Smiff með þér á fimmtudegi með góða tónlist á X 977.



STÖÐ TIL AÐ VERA Í STUÐI MEÐ!

FMAX

KLASSÍK FM 103,9

**VIÐ SPILUM ÞAÐ SEM OKKUR SÝNIST
TÓNLIST FRÁ 1990 TIL DAGSINS Í DAG**

SIÓNVARP

FMX.IS

ÚTVAPPID

ÚTVARPID

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.05 Malcolm In the Middle
- 08.30 Jamie Oliver's Food Revolution
- 09.15 Bold and the Beautiful
- 09.35 Doctors
- 10.20 60 mínútur
- 11.05 Nashville
- 11.50 Harry's Law
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 Honey
- 14.50 The O.C.
- 15.35 Ozzy and Drix
- 16.00 The New Normal
- 16.25 The Michael J. Fox Show
- 16.50 The Big Bang Theory
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.11 Veður
- 19.20 Fóstbræður Hér er á ferðinni endursýning á fjórðu og síðustu seríunni með Fóstbræðrunum myndu.
- 19.45 Undateable Glæný gamanþáttur um nokkra vini sem eru að leita að stóru ástinni en vantar sérlega smá hjálp.
- 20.10 Sósa og salat Friðrik Dór Jónsson stýrir skemmtilegum þáttum þar sem hann heimsækir veitingastaði og kynnir sér hvernig bestu réttirnir eru matreiddir. Girnilegur og gómsætur þáttur í anda Diners, Drive-ins and Dives sem notið hefur mikilla vinsælda á Food Network.
- 20.30 Masterchef USA
- 21.15 NCIS
- 22.00 Major Crimes
- 22.45 True Stories
- 23.35 Rizzoli and Isles
- 00.20 The Knick
- 01.05 The Killing
- 01.50 NCIS. Los Angeles
- 02.35 Louie
- 03.00 Romantics Anonymous
- 04.15 Honey

SPORT

besta sætið

- 07.00 Gummersbach - RN-Löwen
- 12.20 Portúgal - Albanía
- 14.00 Danmörk - Armenía
- 15.45 KR - Stjarnan
- 17.35 Pepsi-mörkin 2014
- 18.50 Euro 2016
- 19.40 Gummersbach - RN-Löwen
- 21.00 Spánn - Makedónía
- 22.40 Formúla 1 - Ítalía
- 01.00 Leiðin til Frakklands

SPORT 2

enski boltinn

- 13.10 Premier League Review 2014/2015
- 14.05 Messan
- 15.30 Þýskaland - Skotland
- 17.10 Burnley - Man. Utd.
- 18.50 Swansea - WBA
- 20.30 Premier League World
- 21.00 Sviss - England
- 22.40 Tottenham - Liverpool

INN

- 20.00 Hrafnaþing
- 21.00 Auðlindakistan
- 21.30 Suðurnesjamagasin

ÚTVARP

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 89,5 Retro

FM 90,1

- Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 93,5 Rás 1

STÖÐ 3

- 17.55 Top 20 Funniest
- 18.40 Community
- 19.00 Last Man Standing
- 19.25 Guys With Kids
- 19.50 Wilfred
- 20.15 X-factor UK
- 21.20 Originals
- 22.05 Supernatural
- 22.50 Grimm
- 23.35 Sons of Anarchy
- 00.15 Last Man Standing
- 00.35 Guys with Kids
- 01.00 X-factor UK
- 02.05 Wilfred
- 02.25 Originals
- 03.10 Supernatural
- 03.55 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

- 07.00 Lukku-Láki
- 07.25 Latibær
- 07.47 Hvellur keppnisbíll
- 08.00 Dóra könnuður
- 08.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 08.45 Doddi litli
- 09.00 Áfram Diego, áfram!
- 09.24 Svampur Sveinsson
- 09.45 Elías
- 09.55 UKI
- 10.00 Ofurhundurinn Krypto
- 10.22 Skógardýrið Húgó
- 10.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 10.56 Tommi og Jenni
- 11.00 Lukku-Láki
- 11.25 Latibær
- 11.49 Hvellur keppnisbíll
- 12.00 Dóra könnuður
- 12.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 12.45 Doddi litli
- 12.55 Sumardalsmyllan
- 13.00 Áfram Diego, áfram!
- 13.24 Svampur Sveinsson
- 13.45 Elías
- 13.55 UKI
- 14.00 Ofurhundurinn Krypto
- 14.22 Skógardýrið Húgó
- 14.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 14.56 Tommi og Jenni
- 15.00 Lukku-Láki
- 15.25 Latibær
- 15.49 Hvellur keppnisbíll
- 16.00 Dóra könnuður
- 16.24 Mörgæsirnar frá Madagaskar
- 16.45 Doddi litli
- 16.55 Sumardalsmyllan
- 17.00 Áfram Diego, áfram!
- 17.24 Svampur Sveinsson
- 17.45 Elías
- 17.55 UKI
- 18.00 Ofurhundurinn Krypto
- 18.22 Skógardýrið Húgó
- 18.44 Gulla og grænjaxlarnir
- 18.56 Tommi og Jenni
- 19.00 Curious George 2
- 20.20 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 18.15 Strákarnir
- 18.40 Frasier
- 19.05 Friends
- 19.25 Seinfeld
- 19.50 Modern Family
- 20.15 Two and a Half Men
- 20.35 Go On
- 21.00 Homeland
- 21.50 E.R.
- 22.35 Boss
- 23.30 Shameless
- 00.15 A Touch of Frost
- 02.00 Go On
- 02.20 Homeland
- 03.10 E.R.
- 03.55 Boss
- 04.45 Shameless
- 05.30 Tónlistarmyndbönd

BIÓSTÖÐIN

- 11.50 Pitch Perfect
- 13.40 Happy Gilmore
- 15.10 Tower Heist
- 16.55 Pitch Perfect
- 18.45 Happy Gilmore
- 20.15 Tower Heist
- 22.00 The Dark Knight Rises
- 00.40 The Place Beyond the Pines
- 03.00 The Experiment
- 04.35 The Dark Knight Rises

RÚV

- 16.30 Ástareldur
- 17.20 Friðþjófur forvitni
- 17.45 Poppý kislul
- 17.56 Kafteinn Karl
- 18.08 Sveppir
- 18.15 Táknafréttir (11:365)
- 18.23 Vísindahorn
- 18.25 Dýraspítalinn
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.35 Kastljós
- 20.05 Nautnir norðursins
- 20.35 Háskaleikur (The Wrong Mans) Bráðfyndnir þættir um tvo félaga sem svara símtali sem ætlað var öðrum og veldur verulegu róti í lífi þeirra beggia. Aðalhlutverk: Mathew Baynton, James Corden, Sarah Solemani.
- 21.10 Glæpaslóð (Life of Crime) Breskur spennuþáttur um nýtskrifaða lögreglukonu sem er staðráðin í að finna morðingja 15 ára stúlku. Aðalhlutverk: Hayley Atwell, Richard Coyle og Julian Lewis Jones. Atriði í þættinum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tíufréttir
- 22.15 Veðurfréttir
- 22.20 Lögregluvaktin
- 23.00 Paradís
- 23.55 Kastljós
- 00.20 Fréttir
- 00.30 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.20 Dr. Phil
- 09.00 The Talk
- 09.40 Pepsi MAX tónlist
- 15.45 The Bachelorette
- 16.30 Survivor
- 17.15 America's Next Top Model
- 18.00 Dr. Phil
- 18.40 The Tonight Show
- 19.20 The Talk
- 20.00 Parks & Recreation
- 20.25 The Moaning of Life
- 21.10 Extant
- 21.55 Scandal Við höldum áfram að fylgjast með fyrrverandi fjölmiðlafulltrúa Hvíta hússins, Oliviu Pope (Kerry Washington), í þriðju þáttaröðinni af Scandal. Fyrstu tveir þáttaröðirnar hafa slegið í gegn og áskrifendur beðið eftir framhaldinu með mikilli eftirvæntingu. Scandal-þættirnir fjalla um Oliviu sem rekur sitt eigið almannatengslafyrirtæki og leggur allt í sölu til að vernda og fegra ímynd hástéttarinnar. Vandaðir þættir um spillingu og yfirhyllingu á æðstu stöðum í Washington.
- 22.45 The Tonight Show Spjallþátturinn Jimmy Fallon hefur tekið við keflinu af Jay Leno og stýrir nú hinu hann hefur slegið öll áhorfsmet.
- 23.25 Agents of S.H.I.E.L.D. - LOKAPÁTTUR
- 00.10 Marvel. Assembling a Universe
- 00.55 King & Maxwell (9.10)
- 01.40 Scandal
- 02.25 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

- 08.00 PGA Tour 2014
- 13.00 LPGA Tour 2014
- 16.10 Golfing World 2014
- 17.00 PGA Tour 2014
- 22.00 Inside the PGA Tour 2014
- 22.25 European Tour 2014 Highlights
- 23.10 Golfing World 2014

FM 95,7

- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan

FM 97,7

- X-ið
- FM 97,7 Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga

FM 100,5

- K100
- FM 102,9 Lindin

RIGG
VIÐBURÐIR

KYNNTU ÆR VIÐBURÐI RIGG 2014-2015 Á WWW.RIGG.IS

MIDASALAN OPNAR
Í DAG KL. 12:00



11. APRÍL
1945-2015

70 ára

VILHJÁLMMUR VILHJÁLMSOON

*Friðrik Ómar syngur bestu lög Vilhjálms ásamt gestum
og 20 manna hljómsveit í útsetningum Karls O. Ólgeirssonar*

11. APRÍL KL. 21:00 - HARPA

TRYGGÐU ÆR MIÐA Í DAG

MIDASALA HEFST Í DAG Á HARPA.IS, MIDI.IS OG Í SÍMA 528-5050.
MIDAVERÐ FRÁ 5990/7490/8490.

TÖLVULEIKURINN



„Pokémonserían er uppáhaldið mitt, þetta eru virkilega einstakir leikir sem geta verið eins einfaldir eða flóknir og þú vilt gera þá. Ég byrjaði á Pokémon Blue árið 2000 og var síðast að klára Pokémon X sem kom út í fyrra. Núna bíð ég spennt eftir Pokémon Omega Ruby & Alpha Sapphire sem koma út í nóvember.“

Júlía Hermannsdóttir, söngkona Oyama

Gerir landsmenn að betri neytendum

Leikstjórinn Baldvin Z leikstýrir neytendaþætti. Talsvert öðru vísi en bíóbransinn segir hann en Baldvin er hvað þekktastur fyrir myndirnar Óróa og Vonarstræti. Sjálfur er Baldvin með allt í rugli.

„Ég er með allt í rugli sjálfur. Ég er hræðilegur fjármálagæi. Þannig að þetta verkefni er gott fyrir mig. Þess vegna er ég fenginn í þetta því ef ég skil þetta ekki gengur þetta ekki upp. Þetta er þáttur á mannamáli,“ segir leikstjórinn Baldvin Z. Hans nýjasta verkefni er að leikstýra neytendaþætti á RÚV en stjórnandi þáttarins er Helgi Seljan. Þættirnir eru í tókum núna og verða sýndir eftir áramót.

„Ég á vin sem heitir Breki Karls-

son. Fyrir þremur árum gerði ég með honum sjónvarpsþætti sem hét Ferð til fjár og fjallaði um fjármálalæsi. Hljómar mjög sexí og spennandi,“ segir Baldvin og hlær. „Nú ákvað Breki að gera sex nýja þætti og Helgi er með okkur í þeim. Upprunalega var ég ráðinn í þetta verkefni til að finna skemmtilega leið að þessu viðfangsefni. Það gekk mjög vel og því var ég fenginn til að gera þetta aftur. Það er bara gaman.“

Baldvin er hvað þekktastur fyrir

að leikstýra kvikmyndunum Óróa og Vonarstræti.

„Þetta verkefni er allt öðruvísi. Markmiðið er að breyta hugsun landsmanna örlítið og gera okkur að betri neytendum. Við sýndum til dæmis fram á að við verðum ekki rík á því að fá peninga heldur á því að spara í útgjöldum. Við berum nefnilega miklu meiri ábyrgð á því hvernig sölumenn haga sér gagnvart okkur en við gerum okkur grein fyrir,“ segir Baldvin.



FJÖLHÆFUR Baldvin er nýkominn frá Toronto þar sem Vonarstræti var sýnd.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Hamskiptin

eftir Franz Kafka í leikgerð Vesturports

Rómuð sýning Vesturports snýr aftur eftir sigurgöngu um heiminn.

Sýnt frá 17. september.
Aðeins 9 sýningar.

Tryggðu þér leikhúskort!

WWW.LEIKHUSID.IS



The Australian Stage



Time Out Hong Kong



The Guardian



Sunday Express



Daily Mail



Daily Telegraph



What's On Stage

„Snildarverk“

New York Times

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



SKIPTIR MÁLI AÐ VINNSLUHRAÐINN SÉ GÓÐUR Helga Margrét Reykdal, hjá Truenorth, segir allar tafir í afgreiðslu endurgreiðslna mjög slæmar.

ADSEND MYND



ÁHYGGJUEFNI EF GREIÐSLUR DRAGAST Hilmar Sigurðsson, formaður Samtaka Íslenskra kvikmyndaframleiðenda, segir að það verði að gera kröfu um að kerfið virki.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Kerfið verður að virka eins og því er lýst

Tuttugu prósentu endurgreiðsla hefur ekki borist fyrir kvikmyndina Noah, í leikstjórn Darrens Aronofsky, en hluti myndarinnar var tekinn hér á landi árið 2012.

„Ég get ekki svarað fyrir ráðuneytið, eða tjáð mig um hvaða aðstæður liggja að baki, en ég get staðfest það að framleiðendur myndarinnar Noah, sem tekin var upp hér á landi sumarið 2012, hafi ekki enn fengið þá 20 prósentu endurgreiðslu frá atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytinu sem þeim ber að fá,“ segir Helga Margrét Reykdal, hjá íslenska framleiðslufyrirtækinu Truenorth, en fyrirtækið þjónustaði kvikmyndaverið Paramount Pictures við að skjóta stóran hluta myndarinnar hér á landi.

„Að sjálfsögðu kemur þetta sér ekki vel. Allar tafir eru slæmar og það geta verið misjafnar ástæður fyrir því af hverju greiðslunum seinkar en það sem skiptir öllu máli er að vinnsluhraðinn hjá ráðuneytinu sé góður. Hann hefur ekki alltaf verið það,“ segir hún jafnframt.

Helga Margrét er ekki sú fyrsta úr kvikmyndageiranum á Íslandi sem tjáir sig um seinagang stjórnvalda. Atvinnuvega- og nýsköpunaráðuneytið endurgreiðir erlendum framleiðendum sem taka kvikmyndir og sjónvarpsþætti hér á landi 20 prósent af framleiðslukostnaði, en í viðtali við Vísi í janúar síðastliðnum nefndi leikstjórinn Baltasar Kormákur dæmi um seinagang við endurgreiðslur vegna myndarinnar Oblivion sem tekin var upp á Íslandi árið 2012 og skartaði Tom Cruise í aðalhlutverki.

Baltasar nefndi í sama viðtali að endurgreiðslurnar væru mjög mikilvægur þáttur í ferlinu að trekkja erlend kvikmyndaverkefni til landsins. Hann lagði mikla áherslu á að lánafyrirtækin sem leggja út fyrir 20 prósentunum yrðu að geta treyst því að fá endurgreitt.

Baltasar bætti við að þó mikið af erlendum stórmyndum hefði verið tekið hér á landi undanfarið væri í flestum tilfellum um fjallatökur að ræða. Hann sagði nauðsynlegt að erlendir framleiðendur hefðu traust á íslenska kerfinu og þá myndu hugsanlega koma hingað til lands verkefni í heilu lagi.

„Við getum ekki endalaust skot-

“Að sjálfsögðu kemur þetta sér ekki vel. Allar tafir eru slæmar, og það geta verið misjafnar ástæður fyrir því af hverju um seinkun á greiðslunum er að ræða, en það sem skiptir öllu máli er að vinnsluhraðinn hjá ráðuneytinu sé góður. Hann hefur ekki alltaf verið það

Helga Margrét Reykdal

ið sama fjallið. Það verður að vera vit í þessu peningalega. Við erum með sendinefndir þegar kemur að álverum. Það vantar einhverja til að liðka fyrir til að menn hafi traust á kerfinu, þó Íslandsstofa standi sig ágætlega. Ég er ekki að ásaka neinn um klúður heldur að benda á að kerfið er ekki nógu vakandi. Það er pirrandi að fara með 60 milljón dollara verkefni til Ítalíu þegar ég gæti tekið það hér,“ bætti Baltasar við, og átti þá við tókur á nýjustu kvikmynd sinni, Everest.

Hilmar Sigurðsson, formaður Samtaka íslenskra kvikmyndaframleiðenda, tekur undir þessi orð Baltasars og segir endurgreiðslurnar frá ráðuneytinu eitt af þremur lykilatriðum sem miði að því að trekkja erlend verkefni til Íslands. „Hluti af því að erlendir myndir eru teknar hér á landi er auðvitað náttúran og umhverfið, og starfsfólkið okkar, og svo þetta endurgreiðslukerfi. Styrkurinn í íslenska

kerfinu er einfaldleiki þess, það á að vera tiltölulega þægilegt og gagnsætt. Það er náttúrulega áhyggjuefni ef greiðslur eru að dragast of lengi, en við þurfum líka að átta okkur á því að um er að ræða greiðslur úr ríkissjóði sem lúta lög- málum ríkisreiknings og eðlilegrar meðferðar opinbers fjár. Maður skilur að það sé ekki bein ávísun um leið og öllum gögnum hefur verið skilað, en það verður að gera þær kröfur að svona kerfi virki eins og þeim er lýst.“

Endurgreiðslur á borð við þær sem greiddar eru á Íslandi tíðkast um allan heim. „Hagræn áhrif þeirra hafa verið reiknuð út, margsinnis, og þjóðfélagið hefur hag af þessu, til dæmis út af vinnusköttum. Þróunin í þessu í nágrannalöndum okkar er sú að ráðuneytin eru að hækka þessar endurgreiðslur. Í Bretlandi hafa þær hækkað upp í 25-30 prósent, á Írlandi er endurgreiðslan í 28 prósentum en stendur til að hækka hana upp í 32%. Í Kanada, sem er kannski heldur óvenjulegt, er hægt að fara í yfir 50 prósent undir ákveðnum skilyrðum.“

Fréttablaðið óskaði eftir upplýsingum um ástæður þess að endurgreiðslur úr ríkissjóði vegna kvikmyndarinnar Noah hefðu ekki verið greiddar framleiðand- anum.

Þau svör fengust að ráðuneytið gæfi ekki upplýsingar um stöðu einstakra verkefna.

olof@frettabladid.is

BALTASAR KORMÁKUR





D-vítamínbætt léttmjólk breytir tímabundið um útlit

D-vítamínbætt léttmjólkinn er komin í spariföt til stuðnings beinheilsu þjóðarinnar. Í hvert skipti sem þú velur D-vítamínbætt léttmjólk renna 15 krónur til kaupa á beinþéttimæli handa Landspítalanum, en með honum er hægt að meta ástand beina á augabragði. Um leið hleðurðu inn kalki og D-vítamíni í beinin þín sem verða sterkari með hverju glasi.

Stöndum saman – styrkjum beinin



FRÉTTIR AF FÓLKI

Bartónar sungu með Damien Rice

Söngvarinn Damien Rice fór fögrum orðum um íslenska vini sína og samstarfsmenn á tónleikum sem hann hélt í hljóðverinu Sundlauginni í Mosfellsbæ í mánudaginn. Söngvarinn flutti þar lög af nýrri plötu sinni, My Favorite Faded Fantasy, sem var unnin að miklu leyti á Íslandi. Í salnum voru erlendir blaðamenn og fleiri. Tónleikagestir vissu síðan varla hvaðan á þá stóð veðrið þegar að loklaginu kom en þá hófu meðlimir Bartóna, karla-kórs Kaffibarsins, upp raust sína og sungu með fullum hálsi. Damien réð þá með leynd til að blanda sér meðal gestanna og láta sem ekkert væri fyrr en að loklaginu kom. Hann lét ekki einu sinni umboðsmann sinn vita af gjörn-ingnum, sem sló vitanlega í gegn. -ts



Reynsluboltar í dómnefnd

Tilkynnt hefur verið hverjir sitja í dómnefnd Alþjóðlega kvikmyndahátíðarinnar í Reykjavík, RIFF, og þeirra á meðal er leikarinn Björn Thors, sem síðast lék aðalhlutverkið í kvikmyndinni París norðursins. Athygli vekur að með honum í dómnefndinni er hin franska Pascale Ramonda sem keypti sýningarréttinn á París norðursins í Evrópu. Pascale er reynslubolti í faginu en meðal mynda sem hún dreifir samhliða París norðursins er verðlaunamynd tékknesku kvikmyndahátíðarinnar Karlov Vary, Corn Island. Aðrir í dómnefndinni eru meðal annars Adrian Wooton, Margrét Hallgrímsdóttir, fyrrverandi þjóðminjavörður, og Peter DeBruge, sem er aðal-gagnrýnandi Variety. -ósk



Mest lesið VÍSIR

- 1 Björn Bragi um Sophiu Hansen: „Hún er komin á túttur af gleði“
- 2 Gæti orðið stærsta gos í áratugi
- 3 Umfjöllun, viðtöl og einkunnir: Tyrkir teknir í kennslustund
- 4 Mótorkrosshjóli stolið af níu ára dreng: Faðirinn sveltei sig til að eiga fyrir hjólinu
- 5 Forstjórnin ætlar að láta rífa bústaðinn

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÉKJAVERSLUN • SÍJUMULA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

BOSS
HUGO BOSS

SAND

strellson

POLO
RALPH LAUREN

ARMANI
COLLEZIONI

eterna

VAN KOLLEM
MADISON PARK • NY

gardeur

HUGO
HUGO BOSS

PETER VAN HOLLAND

FINUCCI
collezione

bugatti

Stenströms

BELLINI
collezione

LLOYD

Opið virka daga frá kl. 11 til 18
laugardaga frá kl. 11 til 17
sunnudaga frá kl. 13 til 17
Sími 568 9512

Suðurlandsbraut 54 bláu húsin (við faxafen)

Herra Lagerinn
outlet
líka fyrir konur

Troðfull

verslun af merkjavöru!

50-

80%

afsláttur af öllum vörum

Barnafatnaður frá

ENGLABÖRNIN

Falleg fót á stelpur og stráka...